

TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • OKTÓBER 2011



Efling góðra atvinnuhátta

Að leggja sitt af mörkum

Það hefur löngum verið haft fyrir satt að á Íslandi hafi undanskot frá skatti verið meiri en hagtolur sýna. Skýrslur hafa verið ritaðar í fjórgang þar sem lagt hefur verið mat á undanskotin og þar með áreiðanleika tekjuöflunarkerfa hins opinbera. Þar staðfestist það sem vitað hefur verið um áratugaskeið að ekki væri allt sem sýndist í framtölum. Ástandið hefur á hinn bóginn verið misslæmt. Á vissum tímum hafa skattskilin batnað og mál jafnvel talin í betra horfi en víða um heim. Á öðrum tímum hafa undanskotin verið meiri og á alvarlegri hátt en fyrir var talið.

Fyrir næstum hálfri öld var gripið til þess að stofna sérstaka rannsóknardeild hjá ríkisskattstjóra sem í daglegu tali var kölluð skattalöggreglan. Þá hófust með skipulögðum hætti heimsóknir út í fyrirtæki til að kanna hvernig bókhaldi væri háttáð og þar með á hverju skattskilin byggðust. Síðar var rannsóknardeildin gerð sjálfstæðari með sérstökum embættismanni, skattrannsóknarstjóra, er henni stýrði. Loks varð það embætti að sjálfstæðri stofnun, skattrannsóknarstjóra ríkisins, sem hefur með höndum rannsóknir á skattskilum og refsimeðferð. Almennt eftirlit varð á hinn bóginn verkefni ríkisskattstjóra. Refsiákvæði voru hert árið 1995 og lágmarksrefsingar settar, og skömmu áður kom rannsóknarlögregla ríkisins upp sérstakri deild til að fara með skattamál og önnur efnahagsbrot. Fjöldi mála í lögreglu- og annarri refsimeðferð margfaldaðist á þessum árum og mikill kraftur komst í eftirlit og rannsóknir. Dómum fjölgaði mjög og hlutfall þeirra sem sættu refsimeðferð var mun herra en hjá nágrannalöndum okkar, og vakti það eftirtekt út fyrir landsteinana.

Eftirlitið komst fljótt á snoðir um tilvist duldra launagreiðslna. Þær hafa löngum verið viðvarandi vandamál í ákveðnum geirum atvinnulífsins meðan þær þekkjast vart í öðrum. Og nú á tímum fara þær í mörgum tilfellum saman við svik á atvinnuleysisbótum eða öðrum velferðarbótum. Þá hafa ýmsar aðrar undanskotsaðferðir stungið sér niður í tilteknum greinum þar sem sett er á svið atburðarás til að afvegaleiða skattyfirvöld og dylja á ýmsan hátt slóð undandráttafara. Að upplagi er um sams konar brotastarfsemi að ræða þótt atvik séu færð í búning skattahagræðingar eða skattaskipulagningar. Þar er oft stutt bilið á milli brotastarfsemi og lögmætra ráðstafana, og margsinnis hefur það komið upp að lagt hafi verið af stað með löglegar ráðstafanir sem reynast síðar ólöglegar þegar farið er út fyrir lagarammann.

Skattyfirvöld hafa í gegnum árin haft miklar áhyggjur af þessari þróun og lagt mikið á sig til að stuðla að bættum skattskilum. Þannig hefur allt skatteftirlit verið hert síðustu ár og áratugi. Komið var á fót eftirlitsdeildum á skattstofum m.a. á tveimur stöðum utan Reykjavíkur, eftirlitsmönnum var fjölgað og tekið upp sértækt eftirlit með stærri aðilum. Skatteftirlit hefur margsinnis verið endurskipulagt til að tryggja aukinn árangur. Í síðustu endurskipulagningu var stofnað sérstakt vettvangsteymi er hefur eingöngu með höndum eftirlitsaðgerðir úti í fyrirtækjum, m.a. til að hafa fyrirbyggjandi áhrif. Þá var öðrum vinnubrögðum breytt til að fylgja eftir nýjungum í skattaráðstöfunum og annarri hugmyndaauðgi skattaráðgjafa og viðskiptamanna þeirra. Athyglisvert er raunar að á síðustu árum hafa stærstu undandregnu tekjuskattstofnarnir verið fjármagnstekjuskattur þar sem skatthlutfallið var löngum lægra en annarra skatta. Réttlæting undanskota hefur á hinn bóginn iðulega falist í því að skatthlutfall sé svo hátt að það afsaki ranga framtalsgerð. Slíkt er þó oftast en ekki eftirá skýring sem margoft á alls ekki við, svo sem þegar skattheimta er talin hófleg eins og löngum hefur átt við um flestar þær tekjur sem falla undir fjármagnstekjuskattinn.

Það er ljóst að árangur af eftirliti og rannsóknum hefur verið mikill síðustu áratugi. Tekist hefur að stemma stigu við undanskotum en engu að síður þarf að ná meiri árangri. Í vissum atvinnugreinum er ástandið slæmt og á stundum beinlínis alvarlegt. Það er því ástæða til að staldra við og velta fyrir sér hvort lagaumgjörðin og hefðbundin úrræði hafi nægt til að sporna við undanskotum frá skatti.

Síðastliðið vor gerðu aðilar á vinnumarkaði nýjan kjarasamning. Ein af hliðaraðgerðum kjarasamninganna leiddi til hugmynda að eftirliti á nýjum forsendum. Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, ríkisskattstjóri og fjármálaráðherra gengu frá samkomulagi um að efnt yrði til átaks til að bæta atvinnuhætti í landinu með því að fulltrúar ASÍ, SA og RSK heimsæktu lítil og meðalstór fyrirtæki til að kanna hvort þar væru starfsmenn á duldu launum o.fl. Undirbúningur þessa átaks var mikill og var það kynnt undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum?“ Skemmst er frá því að segja að rösklega 2000 heimsóknir fóru fram í sumar og kom í ljós að almennt er margt athugavert að finna

TÍUND

BLAÐ NR. 57

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Helga Valborg Steinarsdóttir.

Ljósmyndir: Logi Halldórsson og Ingi Tómas Björnsson.

EFNI BLAÐSINS

| | |
|---|-----------|
| Viðtalið - Guðrún Þorleifsdóttir | 4 |
| Stjórnendur RSK | 10 |
| Átak gegn svartri atvinnustarfsemi | 12 |
| Verkferlar og verklagsreglur | 16 |
| Beiðni um endurákvörðun að loknum kærufresti | 18 |

við skattskil og greiðslu á lögboðnum framlögum til lífeyris- sjóða og stéttarféлага. Einkum vekur það ugg hversu margar duldar hendur virðast þrífast í tilteknum afkimum með því að starfsmenn séu á óframtöldum launum, sem hefur í för með sér að grafið er undan starfsemi þeirra fyrirtækja sem grundvalla rekstur sinn, og um leið samkeppnisstöðu, á lögmætum forsendum.


Með átakanu til að bæta atvinnuhætti er sleginn nýr tónn þar sem áhersla er á að undanskot tekna og duldar launagreiðslur séu ekki einkamál þeirra er slíkt stundi. Yfirskriftin „Leggur þú þitt af mörkum?“ höfðar til þess að það er hagsmunamál allrar íslensku þjóðarinnar að sjá til þess að skattar séu greiddir. Skattar eru lagðir á til að halda uppi samfélagi og kosta það. Öllum þjóðfélagsþegnum er ætlað að taka þátt í slíkum kostnaði eftir fyrirfram ákveðnum hlutlægum mælikvörðum. Hver sá sem kemur sér undan skattlagningu er þar með að flytja þá vangoldnu skatta yfir á samborgara sína. Aðrir þjóðfélagsþegnar þurfa að reiða fram aukinn hlut ef halda á uppi þeirri þjónustu sem krafist er af samfélaginu.

Hver þekkir ekki sögur af því þegar menn hæla sjálfum sér af brotum af þessu tagi, þar sem þeir guma af undanskotum sínum og að hafa því auknar ráðstöfunartekjur umfram samborgara sína? Hvað eru slíkir menn að segja? Eru þeir að segja við þá sem á hlýða: Skattbyrðin mín hefur verið flutt yfir á þig?

Ef unnt væri að skapa vitundarvakningu meðal þjóðarinnar, svo sem stefnt er að með átakanu „Leggur þú þitt af mörkum?“, um að undanskot skatta séu þjóðfélagsmein sem bitnar á flestum þjóðfélagsþegnum, þá er líklegt að fáir myndu mæla þeim bót og þar með myndi án efa draga úr undanskotum. Því miður mun ekki duga að höfða aðeins til samfélagslegrar vitundar samborgaranna þar sem einhverjir virðast ætíð vera á höttunum eftir skjótum ávinningi og setja þá ekki fyrir sig lögmæti verknaðarins. Til langs tíma verður þó ekki ætíð fyrir séð hversu varanlegur slíkur ávinningur er. Verði menn fyrir slysum, veikindum eða öðrum hremmingum getur eðli máls samkvæmt reynst erfitt að fá bætt atvinnutjón í svartri vinnu, ábyrgð fylgir alla jafna ekki nótulausum viðskiptum, og svo mætti lengi telja. Þegar upp er staðið er því margur verr settur en ella.



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

Í hlutverki skattyfirvalda felst, auk almennrar þjónustu, að leita uppi þá sem rangt hafa við. Óneitanlega yrði verkefnið yfirgripsminna ef það væri almennt viðhorf að þeir sem skjóta undan skattgreiðslum séu með þeim rangindum að leggja þær byrðar einhliða og með órétti á aðra. Hefðbundin úrræði skattyfirvalda þurfa ætíð að vera til staðar en þau, ásamt þeirri nýbreytni sem aðilar vinnumarkaðarins hafa ýtt úr vör, gætu skapað ný skilyrði til bætts skattasiðferðis meðal landsmanna.

Að upplýsa um og vinna gegn undanskotum frá skatti hefur ætíð verið og mun áfram verða eitt meginverkefna skattyfirvalda. Hinar nýju starfsaðferðir fela ekki í sér breytt viðhorf – fremur nýjar ráðstafanir og viðleitni til að sporna við undanskotsaðferðum hvers tíma. Það er þannig ekki spurning um hvort dropinn holar steininn heldur hvernig og á hve löngum tíma.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa með sameiginlegum aðgerðum sínum sent skýr skilaboð til samfélagsins um að réttar skattgreiðslur séu sameiginlegt verkefni allra og að öllum beri að leggja sitt af mörkum til samfélagsins svo sem lög gera ráð fyrir. Undir þetta taka skattyfirvöld.

| | |
|---|-----------|
| Skattlagning vaxta úr landi | 24 |
| Ársreikningaskil að snúast til betri vegar | 27 |
| Alþjóðleg samtök skattyfirvalda | 28 |
| Samdráttur í ólúsölu lækkar skatttekjur | 30 |
| Skattalagabreytingin 1978 | 32 |

| | |
|--|-----------|
| Einfalt skattframtal | 38 |
| Niðurstöður álagningar 2011 | 40 |
| Úrskurðir | 50 |
| Norrænt samstarf | 53 |
| Lokaorðið | 54 |



**Skattfræmkvæmd verður
að vera í föstum skorðum**

Guðrún Þorleifsdóttir lögfræðingur

Hún er snaggaraleg, þykir hreinskiptin og dregur ekkert undan í samtölum. Afdráttarlaus í viðkynningu, föst fyrir í skoðunum sagði einhver. Verkkvíði er ekki orð sem hún þekkir enda gengur hún í öll störf af sama kraftinum. Túnd hitti Guðrúnu Þorleifsdóttur fyrir skemmstu og lagði fyrir hana nokkrar spurningar.

Það hafa orðið mannabreytingar á tekju- og skattaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Guðrún Þorleifsdóttir lögfræðingur er komin til starfa þar og hefur þannig snúið aftur í skattamálin eftir nokkurra ára störf í iðnaðarráðuneytinu. Hún er nú staðgengill skrifstofustjóra tekju- og skattaskrifstofu ráðuneytisins. Skattamenn þekka hana af góðu einu og fagna því að reynslubolti í skattamálum hafi gengið til liðs við aðra slíka í fjármálaráðuneytinu.

Hvers vegna urðu skattamál fyrir valinu eftir að þú útskrifaðist úr lögfræði?

Árin sem ég var í lagadeild HÍ vann ég mest í bankakerfinu yfir sumartímam. Fyrst í Seðlabankanum og svo í Búnaðarbankanum. Í störfunum þar rak ég mig stundum á hversu óþægilegt það var að kunna lítil skil á skattamálum. Ég held að meðal annars með þetta í huga hafi mér fundist skynsamlegt að kynna mér skattamál betur. Þegar ég sótti um vinnu hjá ríkisskattstjóra að náminu loknu þá sá ég fyrir mér að ég gæti unnið þar í stuttan tíma, kannski eitt ár eða svo, og farið svo að gera eitthvað annað þegar ég væri búin að læra nóg um skatta. Það endurspeglar auðvitað algera fáfræði mína um málaflökkinn á þessum tíma.

Segðu okkur frá kynnum þínum af störfum við skattframkvæmd og skattamál.

Árin hjá ríkisskattstjóra urðu, þegar upp var staðið, tæp átta. Lengst af vann ég þar við óbeina skatta og var deildarstjóri virðisaukaskattsdeildar árin 2002-2004. Í deildinni unnu þá að jafnaði sjö starfsmenn auk deildarstjóra, þar af fjórir lögfræðingar. Starfið var mjög fjölbreytt og fól í reynd í sér bæði framkvæmdarstjórn og vinnu við lagatúlkun. Í því fólst að samræma skattframkvæmd vegna virðisaukaskatts og fleiri óbeinna skatta á landsvísi, þ.e. að túlka allar laga- og reglugerðarbreytingar og koma þeim í framkvæmd. Það krafðist mikilla bréfaskrifta og samskipta við starfsfólk á skattstofum, m.a. í gegnum hina svokölluðu VSK-fundi sem voru árlegir

upplýsingafundir ríkisskattstjóra og skattstofanna. Starfinu fylgdu einnig samskipti við aðrar deildir innan embættis ríkisskattstjóra, m.a. tæknideild vegna þeirra breytinga sem gera þurfti á tölvukerfum. Þessu fylgdi líka gerð leiðbeiningartexta



Á þessum árum voru tekin stór stökk varðandi rafræn skil. Mest áberandi var auðvitað rafræna einstaklingsframtalið, en rafræn skil á framtölum lögaðila, á virðisaukaskattsskýrslum og staðgreiðslu hófust líka á þessu tímabili

samning eyðublaða framsetning efnis á vefnum og skipulagning námskeiða og samráðsfunda.

Á heildina litið var það mjög dýrmæt starfsreynsla að sinna þessu deildarstjóra- starfi því það reyndi á svo marga þætti sem allir urðu að ganga upp svo laga- og reglugerðarbreytingar gætu komið til framkvæmda á réttum tíma.

Um mitt ár 2004 voru gerðar töluverðar skipulagsbreytingar á embætti ríkisskattstjóra og eftir þær breytingar var ég deildarstjóri nýrrar lögfræðideildar. Helstu

verkefni deildarinnar voru að veita skrifleg álit um hvað væri gildandi réttur, rita leiðbeiningar, kröfugerðir og annað í þeim dúr. Á þessum tíma hjá ríkisskattstjóra féllu auðvitað líka til ýmis önnur verkefni, og þeirra á meðal var töluverð kennsla, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Fyrirtækjaskrá var á þessum tíma flutt frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra og því fylgdu ýmsar áskoranir eins og alltaf þegar stofnanir eru sameinaðar eða verkefni flutt til.

Einnig tók ég ásamt fleirum þátt í norrænu samstarfsverkefni um samanburð á virðisaukaskattskerfum Norðurlanda. Það var býsna skemmtileg og fróðleg vinna þó niðurstöðurnar hafi kannski ekki komið að eins miklu gagni og vonast var til í byrjun. Í þeirri vinnu fræddist maður heilmikið um skattkerfi hinna Norðurlandanna og myndaði tengslanet sem nýttist í starfi. Það sem helst var hægt að læra af þessu verkefni var að þó reglurnar sem gilda um virðisaukaskatt á Norðurlöndum séu í grundvallaratriðum þær sömu, þá er fyrirkomulagið í skattkerfunum og framkvæmdinni svo ólíkt að erfitt er að bera það saman á einhvern marktækan hátt.

Vinnan í þessu verkefni varð til þess að ég ákvað að sækja um skiptidvöl hjá Told og Skat í Kaupmannahöfn. Þar dvaldi ég ásamt allri fjölskyldunni í tvo mánuði vorið 2005 og þeyttist enda á milli í borginni til að heimsækja skattakontóra. Þetta var mjög lærdómsrík ferð vegna þess að þetta voru svo miklir umbrotatímar í danski stjórnsýslu. Unnið var að gríðarlega umfangsmiklum skipulagsbreytingum þar sem öll verkefni varðandi skattframkvæmd voru færð til ríkisins en þau höfðu áður verið í höndum bæði ríkis og sveitarfélaga. Í þessari ferð kynnti ég mér bæði réttarreglur og framkvæmd og fékk tækifæri til að hitta marga sérfræðinga í skattamálaráðuneytinu sem og víðar í skattkerfinu. Ég kynnti mér sérstaklega stefnu og framkvæmd við skatteftirlit og heimsótti nokkrar stofnanir sem sinntu því. Ég fékk tækifæri til þess að taka þátt í

Einhvern tíma heyrði ég að það væri nauðsynlegt að hafa skattagenið til að þrífast í skattkerfinu og þannig er þessu sjálfsagt best lýst. Það fylgja þessu umhverfi krefjandi verkefni og í rauninni endalausar þrautalausnir. Ef maður hefur gaman af slíku þá henta skattamálin

vinnu við skatteftirlit, bæði heimsóknum í fyrirtæki og eftirliti sem fólst í dýpri endurskoðun á skattskilum.

Mér er það enn ofarlega í huga hversu skýrri stefnu unnið var eftir og hve verkskipting milli stofnana skattkerfisins virtist skipulögð og samhæfð. Alls staðar þar sem ég kom hófust heimsóknirnar á því að starfsfólkið dró upp skjal sem innihélt þá stefnu sem stjórnvöld höfðu sett varðandi skatteftirlit. Þessa stefnu mátti einfalda með einni lagskiptri mynd af þýramíða. Hver og ein skrifstofa eða eining sýndi mér strax í byrjun hvar hennar hlutverk var samkvæmt þessu kerfi, og svo farið út í einstök verkefni.

Hvað er þér eftirminnilegast frá árunum sem þú starfaðir hjá RSK?

Árin sem ég var hjá RSK einkenndust ekki af stórvægilegum lagabreytingum varðandi skatta og gjöld. Ég veit ekki hvort rétt er að tala um þessi ár sem stöðugleikatímabil því þau voru í reynd hálfgerð stöðnunartímabil hvað réttarreglur varðar. Það sem breyttist hins vegar voru tæknimálin og þau breyttust líka svo um munaði. Á þessum árum voru tekin stór stökk varðandi rafræn skil. Mest áberandi var auðvitað rafræna einstaklingsframtalið, en rafræn skil á framtölum lögaðila, á virðisaukaskattskýrslum og staðgreiðslu hófust líka á þessu tímabili, svo það helsta sé talið. Ýmis innri upplýsingakerfi urðu líka til og þau breyttu vinnunni afskaplega mikið. Núna, nokkrum árum síðar, erum við farin að líta á þetta allt sem sjálfsagðan hlut en þetta var mikil bylting á sínum tíma.

Á þessum árum var heimasíða RSK líka að taka sín fyrstu skref. Þegar ég byrjaði að vinna hjá RSK þá höfðu ekki allir starfsmenn þar aðgang að internetinu. Það er í rauninni ósköp skiljanlegt vegna

þess að það var ekki svo mikið efni sem lá á netinu á þeim tíma. Á örfáum árum gerbreyttist þetta og heimasíða RSK varð aðalupplýsingaveita embættisins. Þar með varð líka til nýtt verkefni sem þurfti sinn tíma til að mótast og var auðvitað alveg nýtt fyrir öllum.

Síðast en ekki síst þá eignaðist ég marga góða vini og kunningja. RSK er fremur stór vinnustaður, a.m.k. á íslenskan mælikvarða, og þar er mikið félagslíf miðað við marga vinnustaði. Þar er líka ákveðin vinnustaðamenning sem einkennist svólítið af því að margir sem starfa þar hafa unnið í skattkerfinu í áratugi og sumir jafnvel allan sinn starfsaldur. Margt af þessu góða fólki tók nýja starfsmenn eiginlega í fóstur þegar þeir byrjuðu að vinna. Starfsmannafélagið var mjög virkt og sá fyrir uppákomum allan ársins hring, t.d. fór ég með samstarfsmönnum mínum í margar skemmtilegar gönguferðir á fjöll sem eru kannski, þegar upp er staðið, það eftirminnilegasta frá þessum árum.

Hvað er það við skatta sem heillar?

Það er nú örugglega talsvert einstaklingsbundið. Það er afskaplega mikill kostur að vera töluglögur í þessu starfi en ég get því miður ekki státað af þeim eiginleika. Einhvern tíma heyrði ég að það væri nauðsynlegt að hafa skattagenið til að þrífast í skattkerfinu og þannig er þessu sjálfsagt best lýst. Það fylgja þessu umhverfi krefjandi verkefni og í rauninni endalausar þrautalausnir. Ef maður hefur gaman af slíku þá henta skattamálin. Það er algengt að fólk haldi að það sé afskaplega þurrt og leiðinlegt að vinna í skattamálinum. Þannig hef ég nú aldrei upplifað þessi störf en ég get alveg mælt með því að fólk prófi eitthvað annað líka.

Hvernig horfir þú nú á skattamál eftir að hafa verið í nánari tengslum við atvinnulífið í störfum þínum í iðnaðarráðuneytinu?

Starfið í iðnaðarráðuneytinu breytti ekki þeirri skoðun minni að skattframkvæmd verði almennt að vera í föstum skorðum, og að lítið svigrúm sé til þess að horfa til aðstæðna hvers og eins við ákvörðun skatta. Afstaða mín hefur hins vegar breyst hvað það varðar að ég er mun umburðarlyndari núna gagnvart ýmsum sérreglum sem ætlað er að stuðla að fjölgun starfa og eflingu nýsköpunar.

Ég byrjaði að vinna í iðnaðarráðuneytinu í ársbyrjun 2006. Á þeim tímamarki fannst mér að ég þyrfti að gera upp við mig hvort ég ætlaði að halda mig við skattamálin alveg eða hvort ég ætti að prófa eitthvað annað.

Starfið í iðnaðarráðuneytinu, sem var raunar á þeim tíma iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, heillaði mig vegna þess að mig langaði til að kynnast atvinnulífinu frá fleiri hliðum en bara út frá skattamálinum. Verkefni þar voru mjög fjölbreytt og fyrir utan vinnu við samningu lagafrumvarpa og reglugerða og ýmsa samningagerð fékk ég tækifæri til að kynna mér málefni ólíkra atvinnugreina, s.s. stóriðjufyrirtækja, nýsköpunar- og sprotafyrirtækja, ýmiss konar iðnaðar og ferðaþjónustu, auk þess sem ráðuneytið fer með bygðamál og orkumál.

Ég hafði sérstaklega gaman að því að kynnast málefnum skapandi greina. Þar á ég við greinar eins og ýmsar hönnunargreinar, kvikmyndaiðnað og tölvuleikjaiðnað. Þessar greinar eru í örur vexti í heiminum og menn eru mikið farnir að velta fyrir sér hver hagræn áhrif þeirra geti orðið á næstu árum. Sumir tala um þennan geira sem næsta stóra efnahagslega hvell. Tíminn

verður auðvitað að leiða það í ljós, en ég er ekki í nokkrum vafa um að Ísland á mikla möguleika á þessum vettvangi. Við eigum fullt af fólki með mikla og góða menntun á þessu sviði og sköpunargáfunu í lagi, og ekki vantar efniviðinn í landinu okkar. Ég hef mikla trú á því að þessar greinar geti skapað mikilvæg verðmæti á Íslandi í framtíðinni ef vel er haldið á spöðunum.

Annar liður í starfinu sem var mjög fróðlegur og spennandi var að kynnst atvinnumálum á landsbyggðinni, en í gegnum starfið og hin ýmsu nefndarstörf fékk ég tækifæri til að kynnst atvinnu- málum á nánast öllu landinu. Úti á landi er margt mjög athyglisvert að gerast í atvinnu- málum og margir frumkvöðlar sem hafa náð árangri, en auðvitað eru hindranirnar margar sem þarf að yfirstíga.

Þegar ferðamálin voru færð yfir í iðnaðar- ráðuneytið frá samgönguráðuneytinu bættist við spennandi og mjög vaxandi málaflökkur sem ég vann líka töluvert við. Ég kom t.d. að vinnunni í aðdraganda laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sem ætlað er að stuðla að uppbyggingu á ferða- mannastöðum. Honum er ætlað að kosta vel hannaða aðstöðu og varðveita náttúru

Íslands. Í þessu endurspeglast svolítið sú staða sem ferðamálin eru í núna að mínu mati. Með auknum fjölda ferðamanna til landsins þarf að huga betur að því að varðveita það sem dregur helst fólk til landsins, þ.e. náttúru Íslands. Þá hefur sem betur fer orðið svolítil vitundarvakning varðandi verðmæti góðrar hönnunar í ferðaþjónustu. Ég held að menn geri sér almennt grein fyrir því núorðið að hönnun aðbúnaðar á ferðamannastöðum getur haft mikið um aðráttarafl þeirra að segja og að fjöldaframeiddar skyndilausnir sem stinga í stúf við íslenska náttúru eru ekki heillandi.

Í gegnum viðskiptaráðuneytið kynnt- ist ég m.a. málefnum Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Ég hef verið formaður stjórnar Tryggingarsjóðsins með einu hléi síðan um mitt ár 2006. Það verk- efni tók á sig gerbreytta og stækkaða mynd við bankahrunið og með tilkomu hins svokallað Icesave-máls sem enn sér ekki að öllu leyti fyrir endann á.

Öll árin í iðnaðarráðuneytinu tók ég svo þátt í ýmsu alþjóðlegu starfi varðandi atvinnu- mál, m.a. norrænu samstarfi um nýsköpun, atvinnumál, byggðamál og orkumál.

Þetta var mikil hraðferð yfir verkefnið í iðnaðarráðuneytinu en í stuttu máli má kannski orða þetta þannig að eftir átta ár í skattalögfræði hafi opnast fyrir mér nýjar víddir í iðnaðarráðuneytinu. Þetta hafði óhjákvæmilega áhrif á mig og víkk- aði sjóndeildarhringinn. Eftir þennan tíma er ég a.m.k. mjög upptekin af því hversu brýnt er að efla nýsköpun og fjöl- breytni í atvinnulífinu, og fjölga störfum í stað þeirra sem hverfa vegna breyttra aðstæðna og nýrrar tækni. Ég gæti nefnt mörg dæmi um þetta til skýringar en læt duga að nefna tvennt sem eiginlega blasir við þegar búið er að benda manni á það. Vegna nýrrar tækni, tilkomu internetsins og kortaviðskipta, þá fækkar fólk sífellt í þjónustustörfum. Við afgreiðum okkur sjálf í heimabönkum, á bensínstöðvum og við ýmis önnur innkaup, og ekkert bendir til annars en að sú þróun haldi áfram. Þessi þróun hefur auðvitað sína kosti, eins og lægra vöruverð, en hin hliðin er sú að hún fækkar störfum. Þá eru hinar svokölluðu frumatvinnugreinar á Íslandi, þ.e. landbúnaður og sjávarútvegur, orðnar afskaplega tæknivæddar og þurfa því sífellt færri hendur til að vinna verkin.



Eftir bankahrunið hefur umræða um það hvernig réttlátt sé að deila skattbyrði verið meira áberandi en áður. Þannig hafa t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópusambandið og OECD öll velt upp þeirri spurningu hvert geti verið rétt framlag fjármálageirans í formi skattgreiðslna til uppbyggingarinnar eftir efnahagshrunið

Nú ert þú komin til starfa í fjármálaráðuneytinu. Hvaða verkþáttum sinnir þú helst þar?

Ég hef unnið á tekju- og skattaskrifstofunni í fjármálaráðuneytinu síðan í lok apríl á þessu ári. Eftir þennan stutta tíma er ég ekki að öllu leyti búin að setja mig inn í starfið en ég reikna með að vinna við lagafrumvörp og reglugerðir muni sennilega taka mest af mínum tíma, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Skattamál fyrirtækja verða sérstaklega á mínu borði auk þess sem ég verð staðgengill skrifstofustjóra. Skattlagning kolvetnisvinnslu er á meðal verkefna minna sem reyna mun á núna á næstunni þegar útboðið á olíuvinnslu á Drekasvæðinu fer fram. Eitt af þeim verkefnum sem framundan eru, og tengjast mikið vinnunni á skrifstofunni, er mótun samningsviðmiða í skattamálum vegna umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Hvernig sérð þú skattamál þróast til framtíðar og hvaða breytingar sérðu fyrir þér í skattamálum í alþjóðlegu samhengi?

Þetta er nú öðrum þræði pólitísk spurning, en úr því ég fæ að spá í spilin þá myndi ég segja að til skemmri tíma litíð sé nokkuð ljóst að breytingar í skattamálum muni taka mið af því hvernig tekst að vinna úr stöðu efnahagsmála í heiminum. Vonandi þróast málin í rétta átt, en eins og staðan er núna er ekki útséð um hvernig tekst að vinna úr þeirri skuldakreppu sem mörg ríki í Evrópu og víðar glíma við. Það velferðarkerfi sem flestar vestrænar þjóðir hafa vanist er dýrt, og ef það dregst að leysa úr skuldavandanum þá er hætt við að margar þjóðir þurfi áfram að spyrja sig erfiðra spurninga þegar kemur að ákvörðunum um skatta og ráðstöfun þeirra.

Eftir bankahrunið hefur umræða um það hvernig réttlátt sé að deila skattbyrði verið meira áberandi en áður. Þannig hafa t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópusambandið og OECD öll velt upp þeirri spurningu hvert geti verið rétt framlag fjármálageirans í formi skattgreiðslna til uppbyggingarinnar eftir efnahagshrunið. Ég þekki best til skattamála á Norðurlöndunum og ætti kannski helst að geta mér til um þróunina þar. Mér finnst líklegt að þar verði í framtíðinni sífellt leitað nýrra leiða til að koma í veg fyrir skattsvik eða koma upp um þau. Ef til vill munum við sjá meira af úrræðum líkt og þeim sem Norðmenn tóku upp á þessu ári. Þar var lögfest heimild til þess að gera kaupanda svartar atvinnu meðábyrgan fyrir skattgreiðslum verktakans. Reglan gildir um þá sem greiða fyrir svarta vinnu með peningum. Þessi regla sýnist kannski ekki veigamikil, eða líkleg til að skila árangri, en ég hef trú á því að reynt verði að finna upp fleiri slíka hvata eða hindranir.

Þá hef ég líka trú á því að Norðurlandabúar haldi sig við að reyna að hafa áhrif á neyslu fólks gegnum skattkerfið. Ég held þannig að skattar og gjöld á ýmsa óhollustu, s.s. áfengi, tóbak og sykur, verði áfram háir og við munum sjá fleiri vöruflokka bætast þarna við, eins og nú nýlega í Danmörku þegar tekið var upp gjald á mettaða fitu. Það sama á við um ýmsa umhverfisskatta sem mun verða ætlað að stýra neyslunni í umhverfissvænni áttir, s.s. að minni notkun jarðefnaeldsneytis og annarra efna sem spilla umhverfinu. Þá tel ég ekkert benda til annars en að tekjuskattar á bæði einstaklinga og fyrirtæki verði áfram háir á Norðurlöndum.





Nú starfar þú í miklu návígi við pólitík án þess að mega sem opinber starfsmaður láta slíkar skoðanir í ljós í starfi. Segðu okkur aðeins frá því.

Sérfræðingar í ráðuneytum starfa vissulega í miklu návígi við pólitíkina, en ég held að flestir þeirra kjósi nú frekar að sinna sínum málaflokkum út frá fagþekkingu og láti ráðherrana og þeirra aðstoðarmenn um stjórn málin. Það er nú samt ekki svo gott að maður sleppi alveg við pólitíkina því óhjákvæmilega þarf maður að svara fyrir og útskýra einstaka ákvarðanir. Þetta sleppur nú yfirleitt vel til, en einstaka sinnum upplifir maður að ráðherrann er skammaður í gegnum embættismanninn og þá er lítið annað í stöðunni en að fara með æðruleysisbæninna í huganum meðan það gengur yfir. Ég get alveg ímyndað mér að það sé ekki auðvelt að vinna í ráðuneyti ef fólk hefur mjög fastmótaðar pólitískar skoðanir á málum.

Hvað mig sjálfa varðar þá get ég ekki sagt að það hafi valdið mér neinum sérstökum vandræðum að vinna í þetta miklu návígi við pólitík. Ég er sjálf alveg laus við að vera

”

Ef til vill munum við sjá meira af úrræðum líkt og þeim sem Norðmenn tóku upp á þessu ári. Þar var lögfest heimild til þess að gera kaupanda svartrar atvinnu meðábyrgan fyrir skattgreiðslum verktakans

flokkspólitísk, hef aldrei verið í neinu stjórn málastarfi og aldrei verið meðlimur í stjórn málaflokki. Auðvitað hef ég persónulegar skoðanir á ýmsum málum en þær skoðanir eru í mínu tilviki ekki mótaðar út frá neinum flokkslínunum og ég hef sem betur fer ekki enn upplifað að þurfa vinna að einhverjum málum sem mér falla mjög illa í geð.

Ég ólst upp á sveitaheimili og þar, eins og víða í sveitum, var pólitík mikið til umræðu. Inn á heimilið bárust Alþingistíðindi, Stjórnartíðindi, Lögbirtingablaðið,

og sennilega flest blöð sem voru gefin út á þeim árum sem ég var að alast upp. Í sveitinni var gluggað í þetta allt saman, mikið hlustað á útvarp, og landsmálin rædd af miklu hispursleysi og glettni í bland. Sumir nálgudust pólitíkina svoltið eins og trúarbrögð og fylgdu sínum flokki í meðbyr og mótbýr. Ég held að þetta veganesti úr uppvextinum hafi haft þau áhrif á mig að ég fylgist alltaf mjög vel með pólitískri umræðu, en þetta með flokkstryggðina heillaði mig ekki og mér líkar það vel að vera óháð í þessum efnum.

Skipulagning skattfrákvæmdar

Stjórnendur RSK funda reglulega um markmið stofnunarinnar og skattfrákvæmdina. Á þeim fundum skiptir mestu hvernig frákvæmdin verði sem skilvirkust, ásamt því hvernig unnt sé að tryggja góða þjónustu og árangursríkt eftirlit.



Í lok ágúst 2011 komu stjórnendur RSK saman til árlegs fundar til að samhæfa markmið og stefnu næstu mánaða. Meginverkefni fundarins var skattfrákvæmdin og hvernig hún yrði sem skilvirkust, ásamt því hvernig unnt væri að tryggja góða þjónustu og árangursríkt eftirlit. Þá var rætt um stjórnun og stjórnunaraðferðir og hvernig best væri að meta árangur stjórnenda. Sameining skattfyrvalda, sem átti sér stað 1. janúar 2010, er vitaskuld undirliggjandi ástæða slíkra fundahalda, en eðli málsins samkvæmt þarf að tryggja að flæði upplýsinga sé gott og ákvarðanataka markviss.

Áratugum saman hittust skattstjórar á svokölluðum sumarfundum skattstjóra til að stilla saman strengi og taka út verkefni á hverjum tíma. Þeir fundir breyttust mjög í tímans rás og fóru úr því að vera óformlegir rabbfundir yfir í formlega fundi með fyrirfram ákveðinni skipulegri dagskrá. Á þeim fundum gerðu starfsmenn fjármálaráðuneytisins grein fyrir ýmsum verkefnum í skattamálum og stefnumótun þeirra, en einnig var rætt um fjárveitingar stofnananna á hverjum tíma. Síðustu árin voru gjarnan gestafyrirlesarar á skattstjórafundum sem fjölluðu um ýmis málefni tengd skattfrákvæmd.

Sennilega er eftirminnilegasti gestafyrirlesarinn Þorsteinn Haraldsson endurskoðandi en hann lýsti viðhorfum sínum til starfs síns á fundi sem haldinn var á Austurlandi í júlí 2000. Sá fundur er reyndar minnisstæður um margt annað.

Eftir sameiningu sjálfstæðra skattstjóraembætta við ríkisskattstjóra var sjálfgefið að hinir gömlu skattstjórafundir legðust af, en í staðinn var ákveðið að stjórnendur RSK myndu koma saman til árlegrar stefnumótunar. Framhald slíkrar stefnumótunar er vitaskuld háð samráði við starfsmenn og viðhorfum þeirra.



Gunnar Karlsson sviðsstjóri einstaklingsviðs fundar með sínu fólki. Á myndinni eru, talið frá vinstri, Hanna Björnsdóttir, Hrefna Björnsdóttir, Jónas Magnússon, Helgi S. Guðnason, Esther Sigurðardóttir, Helga Erlingsdóttir, Gunnar Karlsson, Kolbrún Þórisdóttir og Aðalbjörg Marinósdóttir.

Skipulagningu fundarins önnuðust þau Jóhannes Jónsson og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir.



Gestir fundarins voru Angantýr Einarsson skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.



Ágústfundurinn 2011 var haldinn á Akureyri og sóttu hann 47 starfsmenn RSK. Hluta fundarins funduðu starfsmenn í smærri hópum til að ræða einstök verkefni en síðan var sameiginlegt fundahald. Þá sóttu fundarmenn tvær starfsstöðvar RSK heim, á Akureyri og Siglufirði. Nutu þeir þar gestrisni starfsmanna á hvorum stað. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra bauð til kvöldverðar og flutti þar snjalla tækifærissæðu sem lengi mun verða í minnum höfð.



Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Ríkisskattstjóri standa um þessar mundir að sameiginlegu átaki til þess að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að samningum sínum milli. Fulltrúar aðilanna þrjú heimsækja vinnustaði, kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir.

Átakið er gert undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum“. Þar er skírskotað til þess að bæði atvinnurekendur og launafólk hafi viðtækar skyldur til starfsgreina sinna og samfélagsins í heild. Markmiðið er að stuðla að betri tekjuskráningu, tryggja að starfsmenn séu skráðir á launaskrá og að farið sé að lögum og reglum. Um leið er hvatt til þess að opinber gjöld skili sér á réttum tíma ásamt lögboðnum og samningsbundnum framlögum til lífeyrissjóða og gjöldum til stéttarféлага. Í þeim efnum eiga landsmenn allir mikilla hagsmuna að gæta.

Athyglinni er sérstaklega beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og áhersla lögð á að svört atvinnustarfsemi, undanskot á launatengdum gjöldum og brot á kjarasamningum séu skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi og samfélagið í heild sinni. Atvinnurekendur eru hvattir til að hafa tekjuskráningu sína í lagi, alla starfsmenn sína skráða og nota vinnuskilríki þar sem það á við. Forsenda jafnrar og eðlilegrar samkeppnisstöðu er að farið sé að samræmdum leikreglum og góðum viðskiptaháttum. Launafólk er hvatt til að samstöðu um að vinna samkvæmt kjarasamningum, greiða tilheyrandi gjöld af tekjum sínum og tryggja um leið dýrmæt réttindi sín á vinnumarkaðnum.

Um leið og við biðjumst afsökunar á ónæðinu þökkum við fyrir móttökurnar og vonumst til þess að hugsanlegum ábendingum okkar um það sem betur mætti fara verði vel tekið.



Alþýðusamband Íslands



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



RÍKISSKATTSTJÓRI

Átak gegn svartri atvinnustarfsemi

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og ríkisskattstjóri gerðu samstarfssamning þann 14. júní síðastliðinn um sameiginlegt átak undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum?“ sem er skírskotun til þess að bæði atvinnurekendur og launafólk bera viðtækar skyldur gagnvart starfsgreinum sínum og samfélaginu í heild.



Jóhann G.
Ásgrímsson

Markmið verkefnisins er að hvetja aðila vinnumarkaðarins til að standa rétt að skattskilum og skilum á hvers kyns gjöldum til lífeyrissjóða og stéttarféлага. Stuðla þarf að betri tekjuskráningu, tryggja að starfsmenn séu skráðir á launaskrá og að farið sé að lögum og reglum um hvers konar réttindi og skyldur. Í þessum efnum eiga allir landsmenn mikilla hagsmuna að gæta að rétt sé að málum staðið.

Eins og súluritið á næstu síðu sýnir þá beinist athyglin einkum að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Áhersla er lögð á að svört atvinnustarfsemi, undanskot á sköttum og launatengdum gjöldum, og brot á kjarasamningum séu skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi. Ekki síst er lagt upp með að veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma, frekar en að beita hörðum aðgerðum. Með þessari

nálgun er ætlunin að hvetja til hugarfarsbreytingar í von um að ná þannig meiri árangri til framtíðar, en það á að sjálfsögðu eftir að koma í ljós. Með þetta í huga heimsækja fulltrúar samningsaðilanna þriggja vinnustaði, kanna aðstæður og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir.

Svört atvinnustarfsemi virðist vera að aukast og besta leiðin til að vinna bug á henni er vonandi fræðsla sem leitt gæti til almennrar viðhorfsbreytingar. Þannig vekjum við fólk til umhugsunar um þær neikvæðu afleiðingar sem hvers konar undanskot hafa fyrir þjóðfélagið. Við erum sannarlega illa stödd ef þessi nálgun reynist ekki vera sterkt vopn gegn slíkri hegðun.

Sérstök verkefnisstjórn hefur yfirsýningu með þróun og framvindu verkefnisins, en dagleg stjórnun þess er í höndum ríkisskattstjóra. Mönnun verkefnisins er þannig að ríkisskattstjóri leggur til sex starfsmenn, Alþýðusamband Íslands leggur til þrjú starfsmenn og Samtök atvinnulífsins þrjú starfsmenn. Að jafnaði starfa þó um 12-14 starfsmenn við verkefnið á hverjum tíma, en alls hafa 30 einstaklingar komið að starfinu á verk-tímanum og þá er aðkoma verkefnis- og yfirstjórnar ekki meðtalin.


Þann 31. ágúst voru kaflaskil í verkefninu en þá hafði það staðið yfir í 54 virka vinnudaga. Á þeim tíma höfðu verið skráðar um 6.100 kennitölur starfsmanna hjá yfir 2.000 fyrirtækjum. Á hverjum degi voru því að meðaltali heimsótt 40 fyrirtæki og skráðar yfir 120 kennitölur starfsmanna. Með þennan góða árangur að baki þótti tilefni til að hefja markvissa úrvinnslu og huga að framhaldinu. Verður nú vikið að því helsta sem hægt er að greina frá á þessari stundu.

Hvað hefur áunnist?

Þó svo ekki sé hægt að kynna lokaniðurstöður verkefnisins núna þá er ýmislegt sem hefur áunnist og hægt er að segja frá. Fyrst er til að telja að það er mikill sigur að þessir aðilar, ASÍ, SA og ríkisskattstjóri, hafi náð höndum saman um verkefnið og viti nú vel hver af öðrum. Samstarfið hefur tekist afskaplega vel og í ljós komið að þegar menn leggja saman sína sérþekkingu á aðstæðum verður eftirlitið mun skilvirkara. Með fyrirvara um endanlegar niðurstöður þá hafa komið fram sterkar vísbendingar um að mikil þörf sé fyrir almenna fræðslu um það efni sem til skoðunar er. Einnig staðfestist það að eftirlitið skortir úrræði til að skila þeim árangri sem eðlilegt er að gera kröfur um, en það myndi kalla á lagabreytingar að

Samtals tekjur
fyrir hvert tekjubil
í milljörðum króna

Tekjur lögaðila 2009



Súlurnar á myndinni sýna veltu lögaðila sem töldu fram á árinu 2009. Þeir reyndust vera rúmlega 19 þúsund. 99,6% þeirra reyndust vera á tekjubilum rauðu súlnanna sem eru með um 45% af heildarveltunni, eða rúma 1.400 milljarða í framtaldar tekjur. Átakið beindist að þessum aðilum en 90% af heimsóknnum voru til fyrirtækja í súlu 1. Sterkar vísbendingar eru um að skil þessa hóps á sköttum og hvers kyns gjöldum til lífeyrissjóða og stéttarféлага sé ábótavant. Verulegar líkur eru á að aukið leiðbeinandi eftirlit gæti skilað umtalsverðum tekjum í sameiginlega sjóði landsmanna. Bláu súlurnar sýna 0,4% gjaldenda sem eru með um 55% af framtöldum tekjum ársins 2009. Þeir eru aðeins 85 talsins með 1.800 milljarða í framtaldar tekjur. Átaksverkefnið náði ekki til þessa hóps en eftirlit með honum hvað varðar skattskil er í góðum farvegi.

vinna bót á þeim vanda. Til að setja málið í skiljanlegt samhengi þá sjá allir að umferðaröryggi væri stefnt í voða ef lögreglan gæti ekki beitt sektum við hraðakstri. Það væri lítið hald í umferðarlögum ef slík brot þyrftu að fara í gegnum öll dómstig kerfisins áður en niðurstaða fengist. Það sama á við um brot á formkröfum er varða lög og reglur um tekjuskráningu, skil á virðisaukaskatti, staðgreiðslugjöldum og umsömdum réttindum og skyldum aðila vinnumarkaðarins. Eðli málsins samkvæmt er óraunhæft að markmið þeirra laga náist með viðunandi hætti án sektarheimilda frekar en vegna brota á umferðarlögum. Vegna þessa úrræðaleysis eftirlitsins má varlega áætla að heildarupphæð tapaðra gjalda og skatta hlaupi á milljörðum króna, og það vegna augljósra brota sem tiltölulega auðvelt ætti að vera að færa til betri vegar. Þegar endanlegar niðurstöður þessa verkefnis liggja fyrir þá verða kynntar ábyggilegar tölur um hvað hér kann að vera í húfi. Nauðsynlegt er að skynsamleg

”

Svört atvinnustarfsemi virðist vera að aukast og besta leiðin til að vinna bug á henni er vonandi fræðsla sem leitt gæti til almennrar viðhorfsbreytingar. Þannig vekjum við fólk til umhugsunar um þær neikvæðu afleiðingar sem hvers konar undanskot hafa fyrir þjóðfélagið

umræða fari fram og þá munu menn sjá að hér er ekki um flókið mál að ræða, og að með tiltölulega einföldum aðgerðum er hægt að færa mörg sjálfsgöð mál til betri vegar sem allir muni hafa hag af. Hér er vísað til annars vegar betri skila á tekjum ríkisins og framlögum í lífeyrissjóði, og hins vegar til

sanngjarnari samkeppnisstöðu fyrirtækja og þess að samningsbundin réttindi og skyldur launafólks verði betur virt.

Það þarf aðkomu þriggja hópa til að ná árangri á þessu sviði, en það eru atvinnurekendur, launþegar og síðast en ekki síst neytendur. Atvinnurekendur eru hvattir til að hafa tekjuskráningu sína í lagi og standa rétt að virðisaukaskattsframkvæmd. Einnig þurfa atvinnurekendur að hafa alla starfsmenn sína skráða og standa skil á öllum launatengdum gjöldum, auk þess að nota vinnuskilríki þar sem það á við. Launafólk er hvatt til samstöðu um að vinna samkvæmt kjarasamningum, greiða tilheyrandi gjöld af tekjum sínum og tryggja um leið dýrmæt réttindi sín á vinnumarkaðnum. Neytendur eru ekki stikkfrí því svört starfsemi þrífst ekki nema með þátttöku þeirra. Mikilvægt er að neytendum renni blóðið til skyldunnar og þeir hætti að versla svart. Öll þessi atriði vísa til þess sem gera þarf til að efla góða atvinnuhætti, en það er eitt

megininntak samstarfssamnings ASÍ, SA og ríkisskattstjóra og yfirskrift þessarar greinar.

Við keyrslu þessa verkefnis hafa verið þróaðar vinnuaðferðir og fólk þjáfað til að beita þeim. Þetta er dýrmæt reynsla og það hefur verið lagður góður grunnur að árangri til framtíðar. Með virkri þátttöku allra aðila verkefnisins hafa verið skilgreindir einfaldir mælikvarðar til að leggja mat á stöðu mála á hverjum tíma, en það verður best gert með því að greina frávik frá réttri framkvæmd í þrjá einfalda flokka sem krefjast mismunandi viðbragða.

1. Leiðbeinandi tilmæli

Hér er átt við minniháttar formgalla sem hugsanlega gætu leitt til rangrar framkvæmdar. Lausn fæst væntanlega með leiðbeinandi tilmælum og fræðslu.

2. Nánari skoðun

Verulegir formgallar eru til staðar sem leiða til rangrar framkvæmdar í skilum á sköttum og gjöldum. Þá fer málið í nánari skoðun og er leitt til lykta hjá ríkisskattstjóra í samræmi við eðli og umfang hvers máls.

3. Rannsóknarmál



Aðili verður uppvís að skattsvikum eða refsiverðum brotum sem annað hvort fara í sérstaka skattrannsókn eða verða að kærumáli ef um réttindi og skyldur er að ræða.

Lokaorð

Við sem vinnum að þessu verkefni höfum sagt að ef okkur takist að breyta viðhorfi fólks og stjórnenda fyrirtækja til svartrar atvinnustarfsemi þá væri það e.t.v. stærsti ávinningurinn. Að okkar mati er mesta hættan sú að almennt siðferðisþrek brenglist í þeim hremmingum sem þjóðfélagið er að ganga í gegnum og lakara gildismat festist í sessi. Það má ekki gerast. Það hefur tekið langan tíma að byggja upp það velferðarkerfi sem við þó búum við. Við eigum ekki að taka áhættu með það. Þetta verkefni er því ekki bara áttak í okkar huga heldur langtímaverkefni sem unnið verði með mismunandi áherslum eftir aðstæðum á hverjum tíma. Það er stemning fyrir slíku hjá stjórnvöldum og við finnum sama tóninn víða í okkar umhverfi. Við þurfum að halda áfram og eins og fram hefur komið þá getur ávinningurinn skilað sér til samfélagsins í milljörðum króna, en skortur er á betri úrræðum. Til þess þarf Alþingi að lögfesta aukin og viðeigandi úrræði. Mikilvægt er að það komist sem fyrst á dagskrá en líta má á þessi skrif sem sérstaka áskorun í þá veru.

”

Þetta verkefni er því ekki bara áttak í okkar huga heldur langtímaverkefni sem unnið verði með mismunandi áherslum eftir aðstæðum á hverjum tíma. Það er stemning fyrir slíku hjá stjórnvöldum og við finnum sama tóninn víða í okkar umhverfi



Verkferlar og verklagsreglur við framkvæmd virðisaukaskatts



Óskar H. Albertsson

Virðisaukaskattsskrifstofa ríkisskattstjóra er ein af fjórum skrifstofum atvinnurekstrar-sviðs embættisins skv. skipuriti þess er tók gildi hinn 26. október 2010 í framhaldi af sameiningu ríkisskattstjóra og níu embætta skattstjóra. Verkefni skrifstofunnar eru fyrst og fremst þau að annast álagningu og eftirlit með skilum á virðisaukaskatti, vörugjaldi, skilagjaldi einnota umbúða og úrvinnslu-gjaldi, auk afgreiðslu á umsóknum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af ýmsu tagi.

Framkvæmd virðisaukaskatts af hálfu embættisins er nú stýrt frá starfsstöð þess að Suðurgötu 14 í Hafnarfirði þar sem atvinnurekstrarsvið RSK er til húsa. Starfsmenn skrifstofunnar skiptast hins vegar á allar níu starfsstöðvar embættisins en við framkvæmdina er lögð áhersla á að haldið sé uppi þjónustu við þá gjaldendur sem næst búa hverri starfsstöð. Flestir starfsmenn skrifstofunnar eru í Hafnarfirði en færri eru á öðrum starfsstöðvum hringinn í kringum landið.

Sameiningarferlið hófst raunar nokkuð fyrr, eða 15. september 2010, þegar virðisaukaskattseiningarnar í Reykjavík og

Hafnarfirði voru sameinaðar undir einu þaki. Frá sama tíma hefur verið unnið jafnt og þétt að þeirri endurskipulagningu og samræmingu á framkvæmd virðisaukaskatts á landsvísu sem af sameiningunni leiddi, en jafnframt með aukið öryggi, skilvirkni og góða þjónustu að leiðarljósi.

Strax í kjölfar þess erfiða máls sem upp kom innan embættisins á haustdögum 2010 var hafist handa við að endurskoða alla verkferla og verklagsreglur sem til staðar voru við framkvæmdina, og gerðar á þeim breytingar til þess að tryggja frekar öflugt innra eftirlit og öryggi. Notaðar eru hefðbundnar aðferðir til þess að tryggja að allar aðsendar skýrslur sem á annað borð hljóta samþykki séu skráðar innan tímamarka, með rétttri fjárhæð, á réttu uppgjörstímabili og á réttum stöðum við álagningu eða endurgreiðslu hvers tímabils. Lykilatriði í þessu sambandi eru skýrar verklagsreglur þar sem m.a. er kveðið á um afstemmingar, aðgreiningu starfa („segregation of duties“) og aðkomu minnst tveggja starfsmanna að hverju máli. Til þess að aðgreina störf innan skrifstofunnar var starfsemi hennar skipt í fjóra

Jón Guðmundsson og Óskar H. Albertsson skrifstofustjórar fundu með þeim Önnu Svanborgu Júlíusdóttur, Birni Jósefssyni, Jarþrúði Hönnu Jóhannsdóttur og Gunnari Nielssyni.





Framkvæmd virðisaukaskatts er stýrt frá starfsstöð RSK í Hafnarfirði.

faghópa, þ.e. stofnskrárhóp sem annast afgreiðslu á tilkynningum um skráningu á virðisaukaskattsskrá sem og afskráningu og umsóknir um ýmsar sérskráningar, álagningarhóp sem sér um framkvæmd álagningar virðisaukaskatts og endurákvæðanir, og tvo endurgreiðsluhópa sem annast afgreiðslu á endurgreiðslubeiðnum virðisaukaskatts af ýmsum toga auk álagningar og endurákvæðana á vörugjaldi, skilagjaldi einnota umbúða og úrvinnslugjaldi.

Endurskoðaðar verklagsreglur liggja nú þegar fyrir með formlegum hætti á sumum sviðum framkvæmdarinnar en verið er að leggja lokahönd á aðrar þótt þær hafi í raun þegar tekið gildi. Við gerð þeirra var höfð hliðsjón af skýrslu RSK frá janúar 2008 um innra öryggi og verkferla við framkvæmd virðisaukaskatts og jafnframt var unnið að þeim í fullu samráði og samstarfi við starfsmenn skrifstofunnar. Sömuleiðis var horft til þess sem hefur komið frá Ríkisendurskoðun um innra öryggi. Hverri verklagsreglu fylgir ítarleg verklýsing, yfirlitsteikningar og að auki sérstakur gátlisti með öðrum fyrirmælum, s.s. varðandi skráningu í málakerfi og skjalavistun. Starfsmenn sem koma að þessum verkefnum frá öðrum einingum RSK eiga þannig auðveldara með að komast inn í hið nýja verklag.

Þá hefur verið tekin ákvörðun um smíði á nýju álagningarferfi (tölvukerfi) þar sem m.a. verður lögð áhersla á að framteljendur geti þjónustað sig að mestu sjálfir með fleiri möguleikum á rafrænum skilum á sem flestum skýrslugundum. Jafnframt á kerfið

”

***Hverri verklagsreglu
fylgir ítarleg verklýsing,
yfirlitsteikningar og
að auki sérstakur gátlisti
með öðrum fyrirmælum,
s.s. varðandi skráningu
í málakerfi og
skjalavistun***

að fela í sér aukið öryggi, m.a. með frekari takmörkunum á aðgangsheimildum, möguleika á úthlutun verkefna til starfsmanna óháð staðsetningu þeirra og þar með jafnara álagi á starfsmenn.

Breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, í desember sl. (lög nr. 163/2010) urðu til þess að styrkja framkvæmdina enn frekar. Þær fela t.a.m. í sér að nú er RSK heimilt að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá ef opinber gjöld hans eru áætluð, fella aðila af virðisaukaskattsskrá sem sætt hafa áætlunum til lengri tíma, auk þess sem að ekki er lengur heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt skv. reikningi sem útgefinn er af aðila sem ekki er skráður á virðisaukaskattsskrá.

Eins og fram kom í forystugrein Tíundar í október 2010 var reiknað með að hertar reglur í því skyni að auka öryggi og efla innra eftirlit myndu hægja á framkvæmdinni og hefur það gengið eftir. Við því var brugðist með hagræðingu á öðrum sviðum, s.s. með aukinni verkaskiptingu, sérhæfingu og dreifingu verkefna á milli landshluta, og á annan hátt en tíðkast hafði. T.a.m. fer öll afgreiðsla á tilkynningum um skráningu og afskráningu á virðisaukaskattsskrá og umsóknir um ýmsar sérskráningar fram á einum stað, þ.e. í Hafnarfirði. Þessar aðgerðir hafa tekist vel en betur má ef duga skal; stöðugt er unnið að því að þróa aðferðir til þess að auka og viðhalda öryggi og skilvirkni í framkvæmdinni, tryggja innra eftirlit og að bæta þjónustu við gjaldendur.

Sigmundur Stefánsson:

Beiðni um endurákvörðun að loknum kærufresti

Réttarstaða gjaldenda til að fá mál sín tekin fyrir
á grundvelli 2. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003,
um tekjuskatt

I

Viðfangsefni þessa greinarkorns er að skoða réttarstöðu gjaldenda til að fá mál sín tekin fyrir á grundvelli 2. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.), áður 3. mgr. 101. gr. sömu laga. Fyrst verður fjallað um bakgrunn þessa lagaákvæðis með lít-ils háttar útdúrurum. Síðan verður leitast við að greina hversu víðtækur réttur gjald-enda er samkvæmt ákvæðinu. Þá verður lítillega vikið að málsmeðferðarreglum við

Mun 2. mgr. 101. gr. tsl. því verða beitt við afgreiðslu erinda í virðisaukaskatti á sama veg og gert er varðandi tekjuskatt. Eins yrði með aðra skatta ef löggjöf um þá vísaði til tsl. á sama hátt og gert er í vskl. 2. mgr. 101. gr. myndi hins vegar ekki eiga við án slíkrar tilvísunar enda segir ekki í henni sem áður sagði í 3. mgr. 101. gr. tsl., að hún taki til allra álagðra skatta og gjalda sem skatt- stjórar leggja á (nú ríkisskattstjóri). Ekkert er vikið að þessari breytingu í athugasemdum með viðkomandi lagafrumvarpi, sbr. mál nr. 256 á 138. löggjafarþingi.

skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirkattaneftndar, sbr. lög nr. 30/1992.“

Lagaákvæðið á rót sína að rekja til 16. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem fól í sér breytingu á 1. og 4. mgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, en 42. gr. fjallaði um hlutverk ríkisskattstjóra. Með hinni nýju 4. mgr. var fyrst lögfest heimild fyrir ríkisskattstjóra til að breyta ályktunum skattstjóra um skattákvæðanir samkvæmt þeim lögum og öðrum lögum sem skattstjórar lögðu á eftir. Áður þurfti ríkisskattstjóri að beina málum til ríkis- skattaneftndar teldi hann ástæðu til að breyta ályktunum skattstjóra. Var ákvæðið orðað svo í áðurnefndri 16. gr.:

”

Ljóst er að ákvæði 2. mgr. 101. gr. tsl. er hugsað sem heimild fyrir ríkisskattstjóra til að grípa inn í álagningu utan kærufarvegs til hagsbóta fyrir skattaðila við tiltekna aðstæður sem leiða af orðalagi ákvæðisins

úrvinnslu mála í þessum farvegi og skörun ákvæðisins við 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 (ssl.).

Ekki er lengur ákvæði í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 (vskl.) sambærilegt við 2. mgr. 101. gr. tsl. eins og áður var í 2. mgr. 39. gr. fyrrnefndu laganna. Í 5. mgr. 49. gr. vskl. segir hins vegar að eftir því sem við á skuli fara eftir tsl. um þau atriði sem ekki eru sérstök ákvæði um í vskl.

II

Fyrir sameiningu skattstjóraembættanna við embætti ríkisskattstjóra með lögum nr. 136/2009 hljóðaði ákvæði 3. mgr. 101. gr. tsl. svo:

„Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða

„Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun samkvæmt lögum þessum, enda séu uppfyllt skilyrði 38. gr., ef um hækkun er að ræða, eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem lögð eru á af skattstjórum, og getur hann þá gert gjaldþegni skatt að nýju. Heimilt er gjaldanda að kæra slíka álagningu til ríkisskattaneftndar eftir reglum 41. gr.“



Höfundur greinarinnar er Sigmundur Stefánsson sviðsstjóri atvinnurekstrarsviðs RSK. Hann gegndi embætti skattstjóra í Reykjanesumdæmi frá 1986-2009, þar til embættið var lagt niður.

Samkvæmt þessu var ríkisskattstjóri bundinn af málsmeðferðarreglum 38. gr. laganna ef um hækkun var að ræða og laut þannig sömu reglum og skattstjórar við endurákvarðanir. Framkvæmd þróaðist síðan þannig að lagaákvæðið opnaði við vissar kringumstæður leið fyrir gjaldendur til að fá mál sín upp tekin þó kæruleiðir hefðu ekki verið nýttar. Nefnd 4. mgr. varð síðan að 3. mgr. 101. gr. laga nr. 40/1978, en með 26. gr. laga nr. 25/1981 var henni breytt á þann veg að ríkisskattstjóra var heimilað að framsenda mál af þessu tagi til ákvörðunar skattstjóra. Með því lagaákvæði breyttist einnig orðalagið „kæra ákvörðun ríkisskattstjóra“ í „kæra breytingar“. Ekki var vikið sérstaklega að orðalagsbreytingunni í almennum athugasemdum við frumvarp að þessum lögum. Í athugasemdum við frumvarpsgreinina sjálfa (28. gr.) sagði hins vegar að greinin væri „efnislega eins og 3. mgr. 101. gr. laganna að öðru leyti [en hvað viðkemur þessari framsendingarheimild ríkisskattstjóra til skattstjóra]“. Orðalagið „slíka álagningu“ breyttist síðan í „ákvörðun ríkisskattstjóra“ með lögum nr. 40/1978.

Eins og áður greinir hafði ríkisskattanevnd þessa breytingaheimild og var hún fyrir hendi strax frá fyrstu lagasetningu um nefndina, sbr. niðurlag 1. mgr. 4. gr. laga nr. 20/1932, um ríkisskattanevnd, en þar sagði:

„Loks getur ríkisskattanevnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanevnda, skattstjóra og yfirsattanevnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þó gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.“

Engin athugasemd var um þennan texta í frumvarpi að lögunum frá 1932 og ekki heldur í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, en inn í þau lög voru ákvæðin um ríkisskattanevnd felld og lögin frá 1932 brottfelld. Með þessu varð greint ákvæði að lokamálslið 1. mgr. 41. gr. laga 6/1935 með þeirri breytingu einni að orðið „skattstjóra“ féll út og var orðalagið óbreytt í næstu stofnlögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954. Ákvæðin um ríkisskattanevnd héldust síðan í lögum um tekjuskatt og

eignarskatt uns hún var lögð niður og yfirsattanevnd komið á fót með lögum nr. 30/1992, um yfirsattanevnd. Bæði í lögum nr. 6/1935 (40. gr.) og nr. 46/1954 (41. gr.) var sérstaklega tekið fram að kærur sem kæmu of seint yrði ekki sinnt.

Sem beinn arftaki ríkisskattanevndar er núverandi yfirsattanevnd elsta úrskurðarnevnd í stjórnslunni hér á landi en ríkisskattanevnd var fyrsta skattembættið sem tók til alls landsins. Í athugasemdum við frumvarpið að lögunum um ríkisskattanevnd kveður við kunnuglegan tón og er því eftirfarandi látið fljóta með til gamans:

„Það hefir komið greinilega í ljós við athaganir, sem fram hafa farið um það efni, að framkvæmd skattalaganna er eigi lík því sem skyldi víða um land, og enn fremur, að freklega skortir á um samræmi í framkvæmd laganna milli hinna einstöku skattaumdæma.

Það hlýtur að vera öllum ljóst, að skattþegnar landsins eiga fulla heimtingu á, að eitt sé látið yfir alla ganga í þessum efnum, hvar sem þeir búa á landinu, og hlýtur sú krafa að verða borin fram

fyrir löggjafarvaldið, að það sjái um, að sú aðstaða myndist um eftirlit í þessum málum, að fullt jafnræði ríki.

Í öðrum, að minnsta kosti nálægum löndum er þessum málum svo fyrir komið, að nefnd manna hefur lokaúrskurðarvald í skattamálum fyrir land allt, nema um dómstólamál sé að ræða, og jafnframt eftirlit með störfum þeirra, sem skattinn leggja á, og gæti nefndin samræmis um framkvæmd laganna og þess, að þeim sé framfylgt.

Þykir fullvíst, að eigi fáiast leiðrétting á því ástandi, sem nú ríkir, nema sett sé á stofn hér á landi nefnd, er hefir það verkefni, sem að ofan er lýst, og þess vegna er þetta frumvarp fram borið."

Rétt er að skjóta hér inn að gömlu yfirska-
nefndirnar voru svæðisbundnar og það voru þeirra úrskurðir sem voru kæránlegir til ríkisskattanevndar. Þegar hin róttæka skattkerfisbreyting varð með lögum nr. 70/1962 og embætti ríkisskattstjóra stofnað, var skattstjóraembættunum fækkað um 10 og af lagðar 219 skattanevndir og 24 yfirskattanevndir, en skattanevndirnar höfðu ákvarðað álagningu á skattskylda aðila allt frá árinu 1877, sbr. lög nr. 23/1877, um tekjuskatt. Þrátt fyrir stofnun embættis ríkisskattstjóra árið 1962 urðu ýmis stjórn-sýsluverkefni þó eftir hjá ríkisskattanevnd. Það varð síðan fyrst með áðurnevndum lögum nr. 7/1972 að störf ríkisskattanevndar einskorðuðust við það að úrskurða kærur en önnur verkefni færðust til ríkisskattstjóra. Eftirfarandi kom fram í athugasemdum við 12. gr. þess frumvarps er varð að 13. gr. laganna:



Hið sama á væntanlega við þegar skattstjóri hefur tekið ákveðna efnisafstöðu í kærur en síðar koma fram nýjar upplýsingar og gögn, sem ekki lá beint við að kalla eftir við kæruafgreiðsluna, og þau gögn kollvarpa fyrri niðurstöðu

„Eftir núgildandi skipan hefur ríkisskattanevndin með höndum þrenns konar hlutverk. Hún úrskurðar skattkærur, leggur á skatta í ýmsum „eftirreiknings“-málum, en þær álagningar úrskurðar hún síðan aftur, ef þær eru kærðar. Hér er til dæmis um að ræða nær öll mál, sem koma frá skattrannsóknadeildinni. Enn fremur

ákveður hún ýmis skattmöt, t.d. mat á búpeningi, skattmat tekna af landbúnaði, hlunnindamöt ýmiss konar, svo sem t.d. mót á fæði og húsnæði, fatnaði, mat á eigin húsaleigu og námskostnaði.

Hér er lagt til í fyrsta lagi, að skýrt verði skilið á milli álagningarstigsins og kærustigsins í skattamálum. Álagningin verði í höndum skattstjóra og ríkisskattstjóra. Skattstjórar annast frumálagningu og gerð skattskrár. „Eftirreiknings“-heimildin sé bæði í höndum skattstjóra og ríkisskattstjóra, þ.e. þegar breyta þarf skatti gjaldanda eftir að skattskrá hefur verið lögð fram. Ríkisskattanevndin verði aðeins kærustig og hafi engin önnur hlutverk með höndum. Matsgerðir þær, sem hún hefur annazt, er eðlilegt, að faldar verði embætti ríkisskattstjóra. Honum er einnig ætlað að koma fram gagnvart nefndinni sem umboðsmaður ríkis og sveitarfélaga."

Ekkert er hér minnst á mál sem berast frá gjaldendum eftir lok kærufresta. Þess sér heldur ekki stað við lögfestingu endurupptökuheimildar ríkisskattanevndar og svo virðist sem margnefnt lagaákvæði sé fyrst og síðast tilkomið til að heimila upptöku mála að frumkvæði skattyfirvaldsins, sbr. m.a. orðalagið „af sjálfsdáðum“ í lögum um ríkisskattanevnd frá 1932.

Þrátt fyrir greinda heimild ríkisskattstjóra til að breyta ályktunum skattstjóra var litið svo á að henni væru takmörk sett, a.m.k. varðandi þær ákvarðanir sem skattstjóri tók með úrskurði samkvæmt 99. gr. tsl. Þeim ákvörðunum gat ríkisskattstjóri jafnt sem gjaldandi skotið til yfirska-
nefndar og áður ríkisskattanevndar. Léti

ríkisskattstjóri það ógert var hann talinn bundinn af niðurstöðu skattstjóra og gæti þar með ekki neytt endurupptökuheimildar sinnar. Má í þessu sambandi vísa til greinar Jónatans Þórmundssonar, „Viðurlög við skattalagabrotum og skattlagning eftir á“, í Tímariti lögfraeðinga, 2. hefti 1973, bls. 38. Fékk þessi afstaða og ótvíræða stoð í Hrd.

1978, bls. 622. Hér ber þó að hafa í huga að þessi takmörkun hefur eingöngu verið talin ná til atriða sem bein afstaða hefur verið tekin til í kæruúrskurði. Hafi aðkoma skattstjóra að málinu hins vegar aðeins verið sú að hann hafi t.a.m. fallist á að byggja á síðbúnu skattframtali í stað áætlunar, hefur það ekki verið talið binda hendur ríkisskattstjóra gagnvart því að breyta einstökum liðum framtalsgerðarinnar síðar, teldi hann tilefni til þess. Hið sama á væntanlega við þegar skattstjóri hefur tekið ákveðna efnisafstöðu í kærur en síðar koma fram nýjar upplýsingar og gögn, sem ekki lá beint við að kalla eftir við kæruafgreiðsluna, og þau gögn kollvarpa fyrri niðurstöðu. Þrátt fyrir sameiningu skattumdæma getur enn reynt á þetta í nokkur ár og í máli sem nú er til úrskurðar hjá yfirska-
nefnd er tekist á um þetta sjónarmið.

III

Með sameiningu skattstjóraembættanna við embætti ríkisskattstjóra, sbr. lög nr. 136/2009, féllu allar endurákvæðanir að frumkvæði ríkisskattstjóra undir 96. gr. tsl. Áfram var þó talin þörf á ákvæði til að geta brugðist við erindum frá gjaldendum sem misst höfðu af lögboðnum kæruleiðum. Ekki gekk þó lögfesting þess þrautalaust en ákvæðið hóf fyrst göngu sína með 20. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, og hljóðaði svo:

„Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun hans um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggja verulegir hagsmunir að baki slíkrí beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Víkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirska-
nefndar, sbr. lög nr. 30/1992.“

Eftirfarandi segir í athugasemdum við 21. gr. frumvarps að lögum nr. 128/2009 er varð að 20. gr. þeirra laga, en með henni varð fyrrum 3. mgr. 101. gr. tsl. að 2. mgr. 101. gr.:

„Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. gildandi tekjuskattslaga er ríkisskattstjóra heimilt

að taka upp ákvarðanir skattstjóra telji hann ástæðu til. Ákvarðanir þessar líta annars vegar að því að taka upp álagningu til hækkunar og hins vegar til lækkunar að beiðni gjaldanda enda sé tilefni til, t.d. þar sem ný gögn hafi borist að lokinni almennri álagningu og kærufrestir liðnar. Nauðsynlegt er með hliðsjón af þskj. 251 á yfirstandandi löggjafarþingi (226. máli, um sameiningu skattumdæma), að gera breytingu til samræmis. Ástæða þykir til að áfram verði heimilt að taka upp álagningu að beiðni gjaldanda þegar almennur kærufrestur og kærufrestur til yfirskaðanefndar er liðinn enda sé það gert innan hæfilegra tímamarka og hagsmunir gjaldanda séu ekki óverulegir samkvæmt hlutlægu mati ríkisskattstjóra. Rétt þykir að setja sömu tímamörk í þessu sambandi og gilda um endurákvörðun til hækkunar skv. 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga. Hafni ríkisskattstjóri slíku erindi gjaldanda er sú ákvörðun endanleg en breytingar sæta kæru til yfirskaðanefndar svo sem gjaldandi réttur mæli fyrir um.“

Þar sem lög þessi voru birt á undan lög-
unum um sameiningu skattumdæma – en
ekki á eftir eins og vera átti – féll þetta
лагаákvæði brott. Var ekki úr bætt fyrr en
með 2. gr. laga nr. 16/2010 er tóku gildi við
birtingu þann 19. mars 2010. Var það laga-
ákvæði samhljóða 20. gr. laga nr. 128/2009.
Ákvæðinu var síðan breytt með 15. gr. laga
nr. 165/2010 á þá leið að orðin „sem ekki
var unnt að koma að innan tímamarka 99.
gr.“ í 2. málslíð voru felld brott. Ástæðan
var sú að þetta skilyrði þótti of takmark-
andi og ákvæðið hefði verulega misst marks
með óbreyttu orðalagi. Með 1. gr. laga nr.
16/2010 varð og til ný 2. mgr. 65. gr. tsl.,
en í síðari málslíð hennar segir að ríkis-
skattstjóra sé heimilt að taka til afgreiðslu
beiðnir um ívilnun þó að þær berist að
liðnum kærufresti samkvæmt 99. gr. tsl.
enda séu skilyrði 2. mgr. 101. gr. uppfyllt.

Í 90. og 91. gr. tsl. er fjallað um skil
skattframtala og ársreikninga ásamt gerð
þeirra. Í 93. gr. laganna eru síðan ákvæði
um framtalsfresti og aðkomu ríkisskatt-
stjóra að þeim. Þá kemur fram í lokamálslið
4. mgr. 71. gr. að ríkisskattstjóri setji nán-
ari reglur um skilgreinar og skil vegna
þeirrar málsgreinar. Að lokinni álagningu
er framteljanda heimilt að kæra álögð
gjöld samkvæmt 99. gr. Í því ákvæði er
kærufresturinn lögákvæðinn og hefur rík-
isskattstjóri engar heimildir til að víkja frá
honum. Með þessum ákvæðum eru settar
hlutlægar og skýrar reglur um skyldur
framteljanda og kærurétt sem festa hefur

verið á í framkvæmd. Er það því megin-
regla laganna að ágreiningi um álagningu
opinberra gjalda og/eða leiðréttingar á
framtölum verði ráðið til lykta í kærumeð-
ferð hjá ríkisskattstjóra (áður skattstjóra),
sbr. 99. gr. laganna, og eftir atvikum með



Að lokinni álagningu er framteljanda heimilt að kæra álögð gjöld samkvæmt 99. gr. Í því ákvæði er kærufresturinn lögákvæðinn og hefur ríkisskattstjóri engar heimildir til að víkja frá honum

eftirfarandi kæru til yfirskaðanefndar sam-
kvæmt 100. gr. Frávik frá þeirri meginreglu
er að finna í 2. og 3. mgr. 101. gr. en frá-
viksheimild 3. mgr. tekur til leiðréttingar
ríkisskattstjóra í kjölfar þess að yfirskaða-
nefnd eða dómstólar hafa í hliðstæðu máli
hnekk gildandi skattframtal sem
skattskil eða skattákvörðun var byggð á.
Sú leiðréttingarheimild er ekki til skoðunar
hér heldur aðeins heimild 2. mgr. 101. gr.

Í umfjöllun um leiðréttingarheimild
2. mgr. 101. gr. tsl. verður fyrst að nefna
þá takmörkun sem felst í þeim bindandi
áhrifum sem framtalsgerðin hefur fyrir
framteljandann og er í því efni vísað til
úrskurðar yfirskaðanefndar nr. 434/2002.
Í því máli vildi kærandi breyta mati eign-
færðra vörubirgða í efnahagsreikningi til
lækkunar. Í úrskurðinum segir:

*„Af hálfu kæranda er því ekki haldið fram
að skattframtal félagsins árið 1999 hafi
ekki verið í samræmi við lög að þessu leyti.
Verður bréf umboðsmanns kæranda, dags.
11. mars 2002, ekki skilið svo að slíku sé
borið við. Þvert á móti kemur þar fram að
sú aðferð, sem notuð var, hafi ekki verið
röng. Varakrafan byggir hins vegar á því
að kæranda hafi verið heimilt að lögum
að ákvarða kostnaðarverð vörubirgða á
annan hátt en félagið kaus samkvæmt
framansögðu. Líta ber til þess að árs-
reikningur kæranda fyrir árið 1998 er
staðfestur af stjórn félagsins og endur-
skoðaður af löggiltum endurskoðanda
sem áritar hann án fyrirvara. Að þessu
athuguðu og þar sem meðferð vörubirgða
í skattskilum kæranda umrætt ár var
hagað í samræmi við lög verður ekki fall-
ist á kröfu kæranda um breytta skattalega
meðferð að þessu leyti, sbr. sjónarmið um
bindandi áhrif skattframtala. Er varakröfu
kæranda því hafnað.“*

Varðandi framkvæmd eldra ákvæðis, þ.e.
þágildandi 3. mgr. 101. gr. tsl., var ekki
litið svo á að um væri að ræða óheftan rétt
til að fá álagningu breytt, og að slík frávik
frá hlutlægum reglum væru almennt háð
jafnræðisreglu stjórnisýsluréttarins. Má

í þessu sambandi benda á álit umboðs-
manns Alþingis 2370/1998 og álit hans,
dags. 27. júlí 1999, þar sem fram kom að
þágildandi ákvæði 3. mgr. 101. gr. fæli ekki
í sér sjálfstæðan rétt fyrir skattaðila til að fá
mál sitt endurupptekið „þó að það útiloki
ekki að skattaðili geti vakið athygli ríkis-
skattstjóra á máli sínu og fært að því rök
að fyrri ákvörðun sé röng“ eins og segir í
síðargreinda álitinu. Ástæða þess að engin
sérstök skilyrði voru orðuð í hinu eldra
ákvæði varðandi beiðnir frá gjaldendum
skýrist fyrst og fremst af tilurð þess og
megintilgangi, sem vikið var að hér að
framan, og má reyndar álykta að löggjafinn
hafi aldrei sett beint lagaákvæði um þessar
leiðréttingarbeiðnir fyrr en með 20. gr. laga
nr. 128/2009.

Ljóst er að ákvæði 2. mgr. 101. gr. tsl. er
hugsað sem heimild fyrir ríkisskattstjóra til
að grípa inn í álagningu utan kærufarvegs
til hagsbóta fyrir skattaðila við tiltekna
aðstæður sem leiða af orðalagi ákvæðisins.
Meta þarf hlutlægt hverju sinni hvort slíkar
aðstæður séu fyrir hendi. Framkvæmd
eldra ákvæðis byggði á áralangri hefð og
hefur – þrátt fyrir að hafa eins og fyrr segir
falið í sér almenna endurákvörðunarheim-
ild fyrir ríkisskattstjóra – verið nýtt þegar
framteljendur hafa sætt áætlun opinberra
gjalda og þeir ekki notfært sér sinn kærurétt
til skattstjóra eða yfirskaðanefndar. Enn-
fremur þegar skattaðilar hafa framvísað
nýjum gögnum sem sýnt hafa ótvírætt
fram á oftaldar tekjur eða vanfærðan frá-
drátt. Ætla má að inntak greinarinnar í dag
sé í samræmi við þessa framkvæmd.

Höfuðskilyrðið fyrir beitingu 2. mgr.
101. gr. tsl. er að lögð séu fram ný gögn
sem hnekkja fyrri framtalsgerð. Krafan um
ný gögn auk reglunnar um bindandi áhrif
framtalsgerðar girðir því fyrir að fallist verði
á beiðnir sem einungis byggja á breyttu

vali gjaldenda, t.d. um fyrningarkosti eða frestun söluhagnaðar. Breytt afstaða framteljanda til tilhögunar framtalsskila eða síðbúinn meiningarmunur um lagastoð álagningar og lagatúlkun eru þannig ekki gildar forsendur fyrir því að fá mál tekið til efnislegrar umfjöllunar samkvæmt lagaákvæðinu. Lagaákvæðið gerir því ekki ráð fyrir að tekist sé á um lagarökstuðning fyrir breyttri framtalsgerð að frumkvæði framteljanda og verður ákvæðið sem slíkt þannig ekki farvegur slíkra úrlausnarefna. M.ö.o. þá verður heimildin aldrei talin ná til þess að taka þurfi til úrlausnar mál sem lagalegur ágreiningur er um nema sem leiðir af breyttri stöðu máls vegna nýrra gagna og upplýsinga.

Hafi ákvörðun skattfyrvalda byggt á áætlun vegna vöntunar gagna og upplýsinga frá gjaldanda, má almennt ætla að þegar úr hefur verið bætt sé kominn grundvöllur fyrir nýrri skattákvörðun, enda er það meginregla að álagning skuli byggjast á réttum gögnum, þ.m.t. skattskýrslum. Oft á tíðum eru skattþegnar síðbúið að bregðast við breytingum sem skattstjórar eða ríkisskattstjóri hafa gert á skattframtölum eða fylgigögnum þeirra. Í slíkum tilvikum má ætla að rétturinn sé eitthvað rýmri en þegar álagning hefur byggt á óbreyttri framtalsgerð; a.m.k. er reglan um bindandi áhrif þá ekki að þvælast fyrir möguleikum gjaldandans. Í þessum tilvikum þurfa þó að koma fram gögn eða upplýsingar sem áhrif hafa á þá ákvörðun sem áður hefur verið tekin. Þá er líklegt að almennar sanngirniskröfur leiði til þess að beita megi

gjaldandann. Miðað við fyrri framkvæmd og orðalagið „ekki óverulegt“ í athugasemdum við 21. gr. frumvarps að lögum nr. 128/2009 má ætla að hér verði ekki farið mjög strangt í sakirnar. Líta verður til þess að sömu fjárhæðaviðmið geta í þessu sambandi ekki gilt um alla óháð fjárhagslegum burðum. 100 þúsund krónur horfa öðruvísi við tekjulögum einstaklingi en lögaðila sem veltir hundruðum milljóna.

Engin tímamörk voru áður fyrir því hversu langt aftur væri farið varðandi síðbúin mál frá gjaldendum. Dæmi hafa verið um afgreiðslu á framtölum áratug aftur í tímann. Nú eru hins vegar lögfest tímamörk miðuð við 6 ár „talið frá því ári þegar beiðni kemur fram“. Um er að ræða sömu tímamörk og gilda um endurávarðanir samkvæmt 1. mgr. 97. gr. tsl. eins og það ákvæði hefur verið túlkað. Komi fram beiðni á árinu 2011 getur hún lengst náð aftur til álagningar ársins 2006 (tekjuárs 2005). Í 4. málslið 2. mgr. 101. gr. segir að víkja megi frá þessum tímamörkum séu sérstakar ástæður fyrir hendi. Um þetta er ekkert fjallað í athugasemdum við lagafrumvarpið sem tekur voru upp orðrétt hér að framan. Ætla má að hér verði farið nokkuð strangt í sakirnar og gæta þarf jafnræðis við slíkar ákvarðanir. Ekki er óeðlilegt að mál þurfi a.m.k. að vera þannig vaxin að gjaldanda verði með engu móti kennt um að álagningargrunnur hafi í upphafi verið rangur eða byggður á áætlun. Má í þessu efni hugsanlega horfa til svipaðra sjónarmiða og gert er við mat á því hvort 3. mgr. 108. gr. tsl. eigi við. Sem dæmi úr danski skattframtalsgerð

393/2010 og 196/2011 má sjá að átt er við hækkun frá áætluðum skattstofni en ekki breytingar sem einungis leiða til hækkunar á skattstofni samkvæmt hinu innsenda skattframtali ef þær breytingar eru ekki umfram áætlunina. Þá má ætla af eðli máls og forsögu ákvæðisins að þessi málsliður taki ekki til hækkunar ef lagt er á framtalið án nokkurra breytinga þó að skattstofnar samkvæmt því séu hærri en áætlunin. Meira vafamál er í þessu tilviki þegar álagi er beitt á hin síðbúnu framtalsskil, sbr. 1. mgr. 108. gr. laganna, en líkast til leiðir það til boðunarskyldu samkvæmt 4. mgr. 96. gr. tsl. Þótt ákvæði 96. gr. eigi aðeins við um þessar hækkunir þá eiga ákvæði 10. og 13. gr. ssl. um rannsóknarskyldu og andmælarétt engu að síður við um breytingar á framtalsgerð í þessum farvegi þó að þær leiði ekki til hækkunar í skilningi 2. mgr. 101. gr. Munurinn á málsmeðferð felst þá eingöngu í því að ekki er um að ræða skyldubundna boðun í horfi 4. mgr. 96. gr., enda gera stjórnarsýslulögin ekki kröfu um slíkt sem meginreglu. Aðstæður geta þó verið með þeim hætti að boðun teljist óhjákvæmileg, sbr. úrskurð yfirsattanefndar nr. 91/1999. Í því máli hafði skattstjóri litið svo á að um atvinnurekstur væri að ræða andstætt því sem framtalsgerðin byggði á. Var yfirsattanefnd sammála því en sagði:

„Allt að einu verður að telja að skattstjóra hafi, að fengnu svarbréfi umboðsmanns kæranda, verið rétt að gera kærendum skýra grein fyrir þeim sjónarmiðum sem lágu til grundvallar ákvörðun hans um að hafna skattframtali kæranda og hann kunngerði fyrst í hinum kærða úrskurði, sbr. 10. og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Er þá sérstaklega horft til langvarandi tilhögunar á skattskilum kæranda sem skattstjóri gerði ekki athugasemdir við svo og að sjónarmið skattstjóra þýddi að grundvelli var alveg kippt undan skattskilum kæranda þannig að ganga hefði þurft frá nýjum skattskilum frá grunni.“

Um var að ræða kæruframtal samkv. 99. gr. tsl., en hið sama myndi gilda um samskonar mál í farvegi 2. mgr. 101. gr. þótt hækkun færi ekki fram úr áætluðum skattstofni. Að endingu er rétt að taka fram að úrskurður sem leiðir til gjaldahækkunar frá fyrri álagningu er kveðinn upp á grundvelli 5. mgr. 96. gr. tsl., sbr. úrskurð yfirsattanefndar nr. 230/2011.

Ótvírátt orðalag 2. mgr. 101. gr. tsl. um að einungis „breytingar“ af hálfu ríkisskattstjóra séu kærnanlegar til yfirsattanefndar leiðir til þess að höfnun erinda – hvort sem



Hafi ákvörðun skattfyrvalda byggt á áætlun vegna vöntunar gagna og upplýsinga frá gjaldanda, má almennt ætla að þegar úr hefur verið bætt sé kominn grundvöllur fyrir nýrri skattákvörðun

ákvæðinu, t.d. þegar ríkisskattstjóri hefur ekki gætt almennrar leiðbeiningarskyldu eða ekki tekið nægilegt tillit til upplýsinga sem voru gjaldanda til hagsbóta. Ennfremur er spurning hvort ekki megi horfa til afsakanlegs misskilnings um efni flókinnna skattalagaákvæða. Þegar horft er til slíkra sanngirnissjónarmiða við mat á beiðingu heimildarinnar í 2. mgr. 101. gr., er sérstaklega brýnt að jafnræðis sé gætt við úrlausn leiðréttingarbeiðna.

Í 2. mgr. 101. gr. tsl. er gert að skilyrði að um sé að ræða verulega hagsmuni fyrir

– en þar í landi eru tímamörk leiðréttinga 5 ár – má nefna tilvik ófjárráða unglings sem ekki hafði fengið þann frádrátt sem hann átti rétt á vegna misskilnings ráðgjafa hans á viðkomandi reglum og var leiðrétting heimiluð yfir 15 ára tímabil.

Í 3. málslið 2. mgr. 101. gr. tsl. segir: „Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða.“ Spurning er hvaða hækkun er átt við, t.a.m. í þeim tilvikum þegar sent er inn skattframtal og álagning hvílir á áætluðum skattstofnum. Af úrskurðum yfirsattanefndar nr. 34/2009, 207/2009,

Það er gert með efnislegri synjun eða á þeim forsendum að lagaleg skilyrði fyrir úrlausn málsins í þessum farvegi séu ekki til staðar – er ekki kæránleg til yfirsattanefndar, sbr. t.d. úrskurði hennar nr. 360/2001, 194/2011, 242/2011 og 273/2011. Eðlilega er hér klippt á kærurétt til yfirsattanefndar því annars yrðu kærutímamörk til hennar með öllu óvirk þar eð gjaldandi gæti þá alltaf með því einu að senda erindi til ríkisskattstjóra á grundvelli 2. mgr. 101. gr. og 2. mgr. 65. gr. tsl. komið málum sínum á borð yfirsattanefndar. En er unnt að skjóta synjuninni til æðra stjórnvalds og í þessu tilviki þá til fjármálaráðherra? Það er almenn regla í stjórnsýslurétti að aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvæðanir til æðra stjórnvalds, sbr. 26. gr. ssl., nema löggjafinn felli mál í annan farveg, t.d. með úrskurðarnefndum eins og yfirsattanefnd. Þegar sérstakri kæruneftnd hefur verið komið á, og úrskurðarvald í kærumálum fært frá ráðuneyti og lagt til slíkrar nefndar, rofnar jafnframt kærueimildin til ráðherra (Páll Hreinsson: Stjórnsýslulögin - skýringarrit, bls. 261). Varðandi höfnun beiðna sem sendar eru á grundvelli 2. mgr. 101. gr. er því ekki til að dreifa að hin efnislegu úrlausnaratriði sem beiðni lítur að séu undanskilin úrskurðarvaldi yfirsattanefndar. Hæpið er því að fjármálaráðherra geti í framhaldi af stjórnsýslukæru tekið nýja ákvörðun í máli sem ríkisskattstjóri hefur afgreitt í farvegi 2. mgr. 101. gr. (t.d. þess efnis að gjaldanda sé óheimill hærri frádráttur á móti ökutækjastyrk). Varðandi þetta spursmál má og vísa til þess sem segir í niðurlagi athugasemda við þá frumvarpsgrein sem varð að 20. gr. laga nr. 128/2009 (nú 2. mgr. 101. gr.):

„Hafni ríkisskattstjóri slíku erindi gjaldanda er sú ákvörðun endanleg en breytingar sæta kæru til yfirsattanefndar svo sem gildandi réttur mæli fyrir um.“

Þótt hér sé um endanlega ákvörðun innan stjórnsýslunnar að ræða er ekki þar með girt fyrir að gjaldandi geti farið með mál sitt fyrir dómstóla, enda almenn regla í stjórnsýslurétti að það sé ekki skilyrði fyrir málsókn að mál hafi fyrst sætt stjórnsýslukæru nema skýrt sé kveðið á um slíkt í lögum. Slík takmörkun er í 5. mgr. 29. gr. vskl. en samkvæmt henni verða virðisaukaskattmál ekki borin undir dómstóla nema áður hafi verið úrskurðað um ágreininginn af yfirsattanefnd. Fyrir dómstólum hefur reynt á lögmæti þessa ákvæðis gagnvart rétti allra til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir óháðum og óhlutdrægum

dómstóli, sbr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Í Hrd. 1998, bls. 829, og dómi réttarins frá 22. apríl 2002 í máli nr. 156/2002, er niðurstaðan skýr um að 5. mgr. 29. gr. vskl. fari ekki í bága við 70. gr. stjórnarskrárinnar.

IV

Að lokum skal lítillega vikið að skörun 2. mgr. 101. gr. tsl. við 24. gr. ssl. en í 1. mgr. 24. gr. er kveðið á um að aðili máls eigi rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef „ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa



Breytt afstaða framteljanda til tilhögunar framtalsskila eða síðbúinn meiningarmunur um lagastoð álagningar og lagatúlkun eru þannig ekki gildar forsendur fyrir því að fá mál tekið til efnislegrar umfjöllunar samkvæmt lagaákvæðinu

verulega frá því að ákvörðun var tekin.“ Í 2. mgr. 24. gr. takmarkast þessi réttur hið lengsta við 1 ár nema veigamiklar ástæður réttlæti lengri tíma.

Við mat á því hvort lagaákvæðanna á við ber ekki einungis að horfa til mismunandi skilyrða samkvæmt þeim. Ekki síður ber að líta til þess hvernig og hvenær mál ber að líta til þess með hliðsjón af því sem áður hefur verið aðhafst af hálfu ríkisskattstjóra, sem og þeim kærurétti sem felst í 99. gr. tsl. Samkvæmt þessu og orðalagi 24. gr. ssl. er t.a.m. rétt að líta svo á að endurupptaka samkvæmt 24. gr. komi einungis til í málum sem ríkisskattstjóri hefur haft til meðferðar og tekið sérstaka efnislega ákvörðun um, en hafi ekki haft þau afskipti ein að leggja á samkvæmt skattframtali. Sem dæmi má nefna að lagt hefur verið á gjaldanda samkvæmt framtalsgögnum og að liðnum kærufresti snýr hann sér til ríkisskattstjóra með leiðréttu skýrslu um ökutækjastyrk og ósk um hærri frádrátt. Slíkt erindi færi þá í farveg mála samkvæmt 2. mgr. 101. gr. Öðru máli gegnir sendi gjaldandinn inn nýtt framtal í kjölfar frávísunar ríkisskattstjóra á kæru vegna álagningarinnar. Í því tilviki bæri að líta á það sem beiðni um endurupptöku á frávísunarúrskurðinum á grundvelli 24. gr.

ssl. en ekki erindi samkvæmt 2. mgr. 101. gr. tsl., sbr. úrskurð yfirsattanefndar nr. 286/2010. Í því máli barst bráðabirgðakæra í kærufresti eftir álagningu opinberra gjalda (áætlun). Kærinni var vísað frá vegna skorts á rökstuðningi. Skattframtal barst síðan að liðnum kærufresti og var afgreitt með vísan til 2. mgr. 101. gr. Yfirsattanefnd gerði athugasemd við þá málsmeðferð að afgreiða framtalið sem skatterindi og tók fram að réttara hefði verið að líta svo á að með innsendu framtali væri farið fram á endurupptöku á kærueimildinum. Þetta þýðir að falli afgreiðsla máls undir 24. gr. ssl. má ekki færa afgreiðslu hennar undir 2. mgr. 101. gr. tsl. Hefði bráðabirgðakæra ekki borist hefði málið hins vegar fallið undir 2. mgr. 101. gr. Hið sama á við hefði ársfrestur samkvæmt 24. gr. verið liðinn. Um endur-

upptökurétt samkvæmt 24. gr. má einnig vísa til úrskurða yfirsattanefndar nr. 225/2001, 227/2002, 372/2002, 42/2003 og 58/2006.

Þá ber að skoða 24. gr. ssl. með hliðsjón af kærurétti til ríkisskattstjóra samkvæmt 99. gr. tsl. Það felur í sér að beiðnir sem berast í kærufresti afgreiðast eftir því lagaákvæði en ekki 24. gr. jafnvel þó tekin hafi verið sérstök ákvörðun í málinu fyrir álagningu, hvort heldur hún var samkvæmt 2. mgr. 95. gr. eða 1. og 3. mgr. 96. gr. tsl. Komi beiðnin hins vegar í framhaldi af úrskurði samkvæmt 99. gr. ber að afgreiða hana á grundvelli 24. gr. hafi gjaldandinn ekki kært úrskurðinn til yfirsattanefndar. Þá eru beiðnir sem berast í framhaldi af endurákvörðunum samkvæmt 5. mgr. 96. gr. teknar til skoðunar á grundvelli 24. gr. ef ekki hefur áður verið kært til yfirsattanefndar. Að endingu er rétt að undirstrika að 2. mgr. 101. gr. getur aldrei átt við í kærufresti til yfirsattanefndar andstætt því sem gildir um 24. gr., enda er sú síðarnefnda hugsuð til að leysa megi málin hjá hinu lægra stjórnvaldi ef kostur er og tiltekin skilyrði til staðar, og spara með því aðkomu nýs stjórnvalds/úrskurðaraðila að málinu.

Skattlagning vaxta úr landi



Elín Margrét
Þráinsdóttir

Fram til seinni hluta ársins 2009 voru vextir sem greiddir voru aðilum sem ekki báru fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi ekki skattlagðir hér á landi. Var þá nægilegt að aðilar sýndu fram á skráningu/búsetu erlendis til að losna undan almennri reglu varðandi afdrátt fjármagnstekjuskatts.

Með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, var 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, breytt og vaxtatekjur sem greiðast aðilum búsettum og skattskyldum erlendis gerðar skattskyldar hér á landi. Vaxtatekjur einstaklinga með takmarkaða skattskyldu eru skattlagðar eins og hjá þeim sem bera ótakmarkaða skattskyldu hérlandis. Lögaðilar greiða hins vegar 18% skatt þar sem um brúttóskattlagningu er að ræða, ólíkt nettóskattlagningu hjá innlendum aðilum. Hér á eftir verður farið í gegnum löggjöfina um skattlagningu vaxta úr landi og þær breytingar sem gerðar hafa verið á henni, þau ákvarðandi bréf sem ríkisskattstjóri hefur birt, reglugerð sem sett hefur verið og hvernig framkvæmdin á henni hefur verið.

8. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt

Með frumvarpi til laga nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, var lögð til breyting á 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagt var til að aðilar sem væru heimilisfastir og skattskyldir erlendis en hefðu tekjur af íslenskum bankareikningum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum og öðrum kröfum og fjármálagerningum, yrðu skattskyldir af umræddum tekjum hér á landi.

Umrædd breyting 3. gr. laganna skyldi orðast svo:

„Allir aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi af bankainnistæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum, sbr.

3. tl. C-liðar 7. gr., skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vexti sem greiddir eru af Seðlabanka Íslands né þá vexti sem greiðast erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum eða öðrum opinberum aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu í heimilisfestarríki sínu. Ákvæðið á ekki við kveði tvísköttunarsamningur sem Ísland hefur gert við erlent ríki á um að ekki skuli haldið eftir afdráttarskatti af vöxtum. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Skyldi tekjuskattur manna, með takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr., af vöxtum vera ákvarðaður skv. 3. mgr.



Vaxtatekjur einstaklinga með takmarkaða skattskyldu eru skattlagðar eins og hjá þeim sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Lögaðilar greiða hins vegar 18% skatt þar sem um brúttóskattlagningu er að ræða, ólíkt nettóskattlagningu hjá innlendum aðilum

66. gr. laganna og vera 10% á þeim tíma. Tekjuskattur lögaðila skyldi ákvarðast eftir rekstrarformi, sbr. 71. gr. tekjuskattlaganna. Tóku þessar breytingar gildi 1. september 2009.

Ákvæðinu var breytt með lögum nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins. Þótti þá rétt að árétta að vextir sem greiddir væru í nafni Seðlabanka Íslands væru undanþegnir skattlagningu, þ.e. vextir sem tengdust eigin skuldbindingum bankans en ekki þegar bankinn greiddi vexti fyrir hönd annarra aðila, eða eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu; „... en ekki þegar hann hefur milligöngu um greiðslu vaxta, t.a.m. fyrir ríkissjóð.“ Var því orðunum „í eigin nafni“ bætt fyrir aftan „Seðlabanka Íslands“ í ákvæðinu. Kom

breytingin í veg fyrir þann misskilning að skv. ákvæðinu væru t.d. vextir af ríkisskuldabréfum undanþegnir skattlagningu.

Með sömu lögum var einnig gerð breyting á 70. gr. tekjuskattlaganna en frítekjumark var sett á vaxtatekjur einstaklinga. Kemur fram að ekki skuli reikna tekjuskatt af vaxtatekjum að 100.000 kr. á ári. Um hver áramót, frá því að vaxtatekjur aðila með takmarkaða skattskyldu urðu skattskyldar hér á landi, hefur skatt hlutfallið jafnframt verið hækkað og er í dag 20% hjá einstaklingum en 18% hjá lögaðilum.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra 10/003

Eftir að vaxtatekjur aðila með takmarkaða skattskyldu voru gerðar skattskyldar, og aðilar markaðarins fóru að beita lögnum, hefur þurft að slípa til framkvæmdina og skýra lögina. Þótti til að mynda ekki ljóst hvort ákvæðið tæki til vaxta sem aðilar með fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi greiddu til aðila með ótakmarkaða skattskyldu, eða hvort nægilegt væri að um vexti af íslenskum kröfum væri að ræða þó svo að viðskipti færu fram milli tveggja erlendra aðila.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 70/2009 kemur eftirfarandi fram:

„Hér er lagt til að aðilar með heimilisfesti og skattskyldu utan Íslands beri hér á landi takmarkaða skattskyldu vegna vaxta sem þeir fá greidda af bankareikningum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum og öðrum kröfum og fjármálagerningum hér á landi. Ákvæðið á við um þá vexti sem íslenskir skattaðilar greiða erlendum aðilum.“

Með ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra frá 6. maí 2010 var tekin af allur vafi í þessum efnunum. Var það álit ríkisskattstjóra, með vísan til ofangreinds, að vextir sem myndast við kaup og sölu á íslenskum kröfum milli tveggja erlendra aðila, þ.e. aðila sem ekki bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. eða 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, væru ekki skattskyldir skv. 8. tl. 3. gr. áður greindra laga, og ber þar af leiðandi ekki að halda eftir staðgreiðslu skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sótt er um undanþágu á eyðublaði RSK 5.42 – Application under Double Taxation Agreement for an Exemption or partial relief from Icelandic Taxation.

Sótt er um endurgreiðslu á eyðublaði RSK 5.43 – Application under Double Taxation Agreements for a Refund of Taxes Paid in Iceland.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra 11/010

Með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkissfjármálum, var sett bráðabirgðarákvæði III. Átti það að taka á þeim óvenjulegu aðstæðum sem mynduðust á miðju ári 2009 þegar sérstök 5% viðbót var lögð á fjármagnstekjur umfram 250.000 kr. frá 1. júlí 2009. Ákvörðun skattþreps átti því að ráðast af því á hvoru tímabilinu vaxtatekjur urðu til, þó svo þær yrðu ekki greiddar út fyrir en síðar.

Afborganir skuldabréfa sem gefin eru út geta verið mismunandi. Sum hafa mánaðarlega gjalddaga á meðan lengri tími líður á milli á öðrum, jafnvel nokkur ár. Talið var að skatt af vöxtum vegna skuldabréfa sem höfðu gjalddaga með nokkurra ára millibili bæri að skattleggja miðað við tilurð vaxtanna, þ.e. vexti sem urðu til á árinu 2009 bæri að skattleggja samkvæmt ofangreindu, vexti sem urðu til á árinu 2010 bæri að skattleggja í 15% o.s.frv.

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra frá 30. júní 2011 var sérstaklega fjallað um vexti sem féllu til á árinu 2009 og ofangreint bráðabirgðarákvæði sem gildi til 31. desember 2009. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, teljast til tekna vextir af kröfum og inneignum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sem greiddir eru eða eru greiðslukræfir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti. Nánar kemur fram í 2. tl. greinarinnar að vextir af kröfu skulu teljast til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.

Jafnframt var áréttað í bréfinu að skv. 29. gr. laga nr. 70/2009 öðlaðist 6. gr. laganna þegar gildi og kom til framkvæmda vegna vaxta sem féllu undir 8. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og féllu í gjalddaga og urðu greiðslukræfir frá og með 1. september 2009 og síðar. Vextir sem áunnir voru fyrir þann tíma voru hvorki skattskyldir né staðgreiðsluskattskyldir.

Leiðir af þessu að vexti sem gjaldfalla og

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Application under Double Taxation Agreement for an Exemption or partial relief from Icelandic Taxation

concerning payments or commissions to foreign parties for services or other activities, the utilisation of property rights or interests, sales profits/capital gains or dividend payments

I Applicant

1 Applicant's name / beneficial owner
2 Address (Street)
3 State or province
4 Postcode - postlocality
5 Country of residence (local)
6 Tax identification number
7 E-mail address
8 Telephone number
9 Fax number
10 Icelandic identification number

II The exempted activity, services, rights and interests

12 Tax exemption concerning: Dividend payment Interests
 Use of property rights, (usufruct) Lease

13 Details regarding the mark made in box 12

14 Articles in relevant double taxation convention covering activities, services, property rights, etc.

15 Paper of the service, property rights, dividends, interests etc.

III Declaration and signature of the applicant

16 The undersigned, who has full power of attorney to obligate the applicant under law, hereby declares the following:
The undersigned further declares the following:
• The applicant is the beneficial owner of the income.
• The payments or income do not originate from a permanent establishment in Iceland under the double taxation convention.
• The payments or income are subject to taxation in the applicant's country of residence.
• All information provided in this application is correct.
• The applicant will immediately inform both the tax authorities in Iceland and in the applicant's country of residence of any changes in the information provided in this application that could affect whether an exemption is granted.

17 Application date
18 Signature of the applicant

19 The applicant requests that the Directorate of Internal Revenue send its decision by: e-mail mail

IV Confirmation of authorities

20 Confirmation of the Icelandic tax authorities:
 Application approved
 Application denied

21 Certificate No.
22 Valid period of exemption

Date Signature and stamp of the tax authorities

See directions and explanatory notes for particular boxes on backside of last duplicate

RSK 5.42 10-0-2011

verða greiðslukræfir á árinu 2011 ber að skattleggja miðað við gildandi skattthlutfall. Ekki skiptir máli hvort vextirnir hafi orðið til yfir lengri eða skemmri tíma.

Framkvæmdin

Vert er að taka fram að Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við 36 ríki. Eru ákvæði er varða vaxtatekjur tvenns konar, annars vegar þar sem vaxtatekjur skulu einungis skattlagðar í því ríki sem móttakandinn er heimilisfastur og hins vegar þar sem Ísland hefur heimild til að skattleggja 5-15%, og verður þá heimilisfestarríki móttakanda að taka tillit til þeirra skatta sem greiddir hafa verið á Íslandi.

Til að aðili sem er skattskyldur í einhverju þessara samningsríkja geti nýtt sér ákvæði gildandi tvísköttunarsamnings þarf hann að sækja um undanþágu frá eða lækkun á afdráttarskatti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1082/2009, um tekjuskatt og staðgreiðslu hans af vöxtum aðila með takmarkaða skattskyldu. Jafnframt þarf að sýna fram á að viðkomandi sé raunverulegur eigandi vaxtanna.

Ríkisskattstjóri hefur skilgreint hugtakið „raunverulegur eigandi“ á eftirfarandi hátt: „Raunverulegur eigandi er aðili sem nýtur eignarréttinda yfir fjármálagerning eða

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Application under Double Taxation Agreements for a Refund of Taxes Paid in Iceland

concerning payments or commissions to foreign parties for services or other activities, the utilisation of property rights or interests, sales profits/capital gains or dividend payments

A requirement for a refund is an approved exemption from Icelandic taxation based on Double Taxation Agreement. Form RSK 5.42 is used to apply for exemption.

I Applicant

1 Applicant's name / beneficial owner
2 Address (Street)
3 State or province
4 Postcode - postlocality
5 Country of residence (local)
6 Tax identification number
7 E-mail address
8 Telephone number
9 Fax number
10 Icelandic identification number
11 OECD code

II Application for refund

12 Tax refund concerning: Dividend payment Interests Sales profits/capital gains
 Use of property rights, (usufruct) Lease of movables Individual personal services Other service or activities

13 Year of payment**
14 Total amount of payment ISK
15 Total amount of paid taxes ISK
16 Amount to be refunded ISK**

* All the year 2009 has to be divided into two periods: 01.01.2009 - 01.08.2009 and 01.08.2009 - 31.12.2009.
** Bank statement shall be submitted with the application which confirms deduction of withholding taxes.

III Bank details for reimbursement

17 Account No. (IBAN Code)
18 Bank ID No. (BIC No. (SWIFT No.))
19 Name of the bank/credit institution
20 Bank's address
21 Bank's country of residence
22 Purchaser of the service, property rights, dividends, interests etc. in Iceland.
23 Number of receipts enclosed with the application

IV Declaration and signature of the applicant

24 The undersigned, who has full power of attorney to obligate the applicant under law, hereby requests that the applicant be fully or partially refunded the taxation of particular items for which an exemption has been applied on form 5.42. The exempted items are income or payments received from individuals or parties with a permanent residence in Iceland under the provisions of a double taxation agreement between the Republic of Iceland and _____ (Contracting country concerned).

The undersigned further declares the following:
• The applicant is the beneficial owner of the income and confirms that all information provided in this application is correct.
• The exempted payments or income to be refunded do not originate from a permanent establishment in Iceland with which the applicant is affiliated, or such establishments are defined in the above double taxation agreement.
• The exempted payments or income to be refunded are subject to taxation in the applicant's country of residence, where the applicant bears full and unlimited tax liability.
• The applicant will immediately inform both the tax authorities in Iceland and in the applicant's country of residence of any changes in the information provided in this application that could affect whether an exemption is granted for the amount to be refunded.

25 The applicant requests that the Directorate of Internal Revenue send its decision: by e-mail by mail by fax

Application date Signature of the applicant/applicant's representative with a valid power of attorney

See Directions and explanatory notes for particular boxes on backside of last duplicate

RSK 5.43 10-0-2011 Original copy - for the Icelandic tax authorities

eign, sama á hvaða nafn hún er skráð.“ Það er því einungis endanlegur eigandi vaxtanna sem getur sótt um undanþágu en ekki milligönguáðili, t.d. bankastofnun vegna margra undirliggjandi viðskiptavina.

Sótt er um undanþágu á eyðublaði RSK 5.42 – Application under Double Taxation Agreement for an Exemption or partial relief from Icelandic Taxation – og þurfa skatt-yfirvöld í heimilisfestarríki umsækjanda að staðfesta að hann sé skattskyldur þar í skilningi ákvæða tvísköttunarsamningsins. Vottorð má einnig fylgja sem inniheldur sömu upplýsingar. Samþykkt undanþága/lækkun vegna vaxtatekna er skráð í miðlægan gagnagrunn sem ríkisskattstjóri heldur utan um, og gildir hún í fimm ár frá samþykktardegi, sbr. 4. mgr. 4. gr. ofangreindrar reglugerðar, að því tilskildu að heimilisfesti viðkomandi flytjist ekki á milli landa á tímabilinu. Ber honum þá umsvifalaust að láta ríkisskattstjóra vita og sækja um undanþágu að nýju hafi myndast réttur til hennar á grundvelli annars tvísköttunarsamnings. Hafi aðili ekki samþykkt undanþágu/lækkun þegar greiðsla vaxta fer fram ber greiðanda vaxtanna að

halda eftir afdráttarskatti og skila honum í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1082/2009, sbr. og lög nr. 45/1987.

Skil á staðgreiðslu vegna vaxta skv. 8. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, fara eftir ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Teljast greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og getið er um í ofangreindum 8. tl.,

um tekjuskatt, er skilað inn á eyðublaði RSK 5.41 – *Takmörkuð skattskylda, skilagrein staðgreiðslu vegna verktaka-, þóknana-, leigu- og vaxtatekna erlendra aðila*. Þó skal tekið fram að ekki þarf að skila inn staðgreiðsluskilagreini hafi greiðsla vaxta ekki farið fram á viðkomandi staðgreiðslutímabili.

Sé skatti haldið eftir af aðila sem á rétt á undanþágu frá eða lækun á afdráttar-

sýna að vextirnir endi hjá raunverulegum eiganda, og skiptir þá ekki máli í gegnum hversu marga milliliði greiðslan fer. Hægt er að sækja um endurgreiðslu í fjögur ár frá því að skatturinn var dreginn af skv. 4. gr. laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla á tekjuskatti aðila með takmarkaða skattskyldu er fullnaðargreiðsla tekjuskatts án þess að frekari álagning fari fram, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Telji aðili að röng staðgreiðsla hafi farið fram þrátt fyrir fengna undanþágu verður hann að sækja um leiðréttingu til ríkisskattstjóra og þurfa sömu gögn að fylgja eins og þegar um endurgreiðslu er að ræða á eyðublaði RSK 5.43.

Að lokum er rétt að benda á að þegar viðskipti með íslenska fjármálagerninga, þó ekki hlutabréf, fara fram fyrir tilstilli verðbréfamiðlara og í gegnum vörslureikning, og vextir greiðast í kjölfar þeirra viðskipta, telst vörsluaðili, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, vera launagreiðandi.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar geta vörsluaðilar sótt um heimild til ríkisskattstjóra til að ákvarða staðgreiðsluhlutfall viðskiptavina sinna til samræmis við ákvæði gildandi tvísköttunarsamninga sem Ísland er aðili að, enda hafi þeir allar

”

Gjalddagi afdreginna skatta af vaxtatekjum erlendra aðila er eins og í annarri staðgreiðslu, þ.e. gjalddagi er 1. dagur hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar

til launa skv. 6. tl. 5. gr. staðgreiðslulaganna. Eru því þeir aðilar sem halda eftir skatti af vaxtatekjum erlends aðila launagreiðendur í skilningi 7. gr. laganna, sbr. og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1082/2009. Gjalddagi afdreginna skatta af vaxtatekjum erlendra aðila er eins og í annarri staðgreiðslu, þ.e. gjalddagi er 1. dagur hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar, sbr. 20. gr. laga nr. 45/1987. Staðgreiðslu vegna þeirra tekna sem um ræðir í 8. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003,

sköttum getur hann að fenginni samþykktri umsókn, sbr. að ofan, fengið endurgreiddan afdreginn skatt. Sótt er um endurgreiðslu á eyðublaði RSK 5.43 – *Application under Double Taxation Agreements for a Refund of Taxes Paid in Iceland*. Með slíkri umsókn þarf að fylgja kvittun frá skilaskyldum aðila sem sýnir að skattur hafi verið dreginn af viðkomandi og honum skilað í ríkissjóð. Sé kvittun gefin út í nafni annars aðila en raunverulegs eiganda verða að fylgja gögn sem



Samtök fjármálafyrirtækja funda með starfsmönnum ríkisskattstjóra. Á myndinni sjást Ingvar J. Rögnvaldsson, Sighvatur Sigfússon, Pétur Gunnarsson, Jóna Björk Guðnadóttir, Guðmundur Guðbjörnsson, Elin Alma Arthursdóttir og Jón Guðmundsson.

nauðsynlegar upplýsingar um skattskyldu og heimilisfesti raunverulegs eiganda vaxta- teknanna. Vörsluaðilar skulu í samræmi við 4. mgr. 4. gr. afla nýrra staðfestinga um skattskyldu og heimilisfesti viðskiptavina sinna á fimm ára fresti.

Hafi vörsluaðili slíka undanþágu þurfa hans viðskiptavinir ekki að sækja um undanþágu á RSK 5.42. Vörsluaðili

þarf hins vegar að hafa upplýsingar um raunverulegan eiganda og alla milliliði. Er afdregnum skatti skilað í einni tölu, þegar það á við, á eyðublaði RSK 5.46 – Skilagrein staðgreiðslu fyrir vörsluaðila sem höndla með fjármálagerninga erlendra aðila og hafa heimild skv. 6. gr. reglugerðar nr. 1082/2009. Þó er þeim skylt að afhenda ríkisskattstjóra allar þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg

eru til framkvæmdar á skatteftirliti, sbr. 92. og 94. gr. laga um tekjuskatt og 25. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Er sundurliðun skattgreiðslu skilagreinar þá skilað inn á eyðublaði RSK 5.46 – Staðgreiðsla af vöxtum í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 1082/2009.

Ársreikningaskil að snúast til betri vegar

Þau Haukur Sigurðsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir og Ólafur Magni Sverrisson eru starfsmenn skráasviðs RSK sem annast móttöku og dreifingu ársreikninga til opinberrar birtingar.



Lögum samkvæmt ber félögum í atvinnurekstri að skila ársreikningum sínum til ársreikningaskrár eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Allir reikningar sem skránni berast eru skannaðir inn og gerðir aðgengilegir hverjum sem vill. Viðskiptalífið, opinberir aðilar og almenningur getur því með auðveldum hætti aflað sér upplýsinga um fjárhagslega stöðu þeirra sem þeir hyggjast eiga viðskipti við. Til að þessar upplýsingar nýtist til heilbrigðara og öruggara viðskiptalífs er mikilvægt að þær séu sem ítarlegastar. Því skiptir miklu máli að skil séu góð og tímanleg og reikningar séu skilmerkilega settir fram. Því er ekki að neita að undanfarin ár hafa skil verið fjarri því að vera viðunandi og hefur það rýrt nokkuð gildi þeirra upplýsinga sem fá má úr ársreikningaskránni.

Um síðustu áramót spratt upp allnokkur umræða á opinberum vettvangi um slök skil ársreikninga til

ársreikningaskrár og þörfina á að bætt yrði úr. Kom Viðskiptaráð Íslands m.a. þar að málum með myndarlegum og jákvæðum hætti. Í nágrannalöndum okkar þykja góð ársreikningaskil vera sjálfsgöður hlutur í heilbrigðu efnahagslífi enda eru skil þar víða upp undir 100%, en undanfarin ár hafa heildarskil á ársreikningum til ársreikningaskrár verið rétt rúmlega 80%. Á þessu ári var í fyrsta sinn nýtt heimild ársreikningalaga til að sekta öll þau félög sem ekki höfðu skilað ársreikningum fyrir árið 2009. Sektor voru þó ekki lagðar á fyrr en átta mánuðum eftir að lögbundinn frestur var útrunninn. Alls fengu ríflega 3.000 félög sektir.

Frestur til að skila inn ársreikningum fyrir árið 2010 rann út í lok ágústmánaðar sl. Ljóst er að sú umræða sem varð á árinu svo og áhrif af beitingu sektarákvæða hafa haft þau áhrif að skil á reikningum eru merkjanlega talsvert

betri en á fyrri árum. Þannig eru nú í lok september komnir inn reikningar frá 40% félaga í skilaskyldu en sambærilegar tölur fyrir tvö síðustu ár eru 32% og 30%. Þessar tölur staðfesta að reikningum er nú skilað fyrr inn sem vissulega er mjög jákvætt fyrir íslenskt viðskiptalíf, og jafnframt eru líkur á að heildarskil verði betri en á fyrri árum.

Hitt er einnig ánægjulegt að svo virðist sem gæði þeirra gagna sem skilað er séu meiri en áður. Með því er átt við að í reikningunum nú er betur gerð grein fyrir öllum þeim atriðum sem lög og reglugerðir kveða á um, og að meira er vandað til frágangs ársreikninganna.

Vonandi er þetta vísbending um að viðskiptalífið geri sér betur ljóst að þetta er einn af þeim grundvallarþáttum sem þurfa að vera í lagi ef við viljum standa keik sem þjóð meðal þjóða.

SJ



Svein Ragnar Kristensen ríkisskattstjóri Noregs var kosinn forseti IOTA í júlí 2011. Með honum á myndinni er fráfarandi forseti Jean-Marc Fenet frá Frakklandi.



Marek Welenczyk er framkvæmdastjóri IOTA með aðsetur í Búdapest.

Alþjóðleg samtök skattyfirvalda

IOTA eru alþjóðasamtök skattyfirvalda sem stofnað var til fyrir hartnær 15 árum. Fáar þjóðir tóku þátt í því samstarfi til að byrja með en aðildarríkjum hefur fjölgað jafnt og þétt. Ísland hefur tekið þátt í þessu starfi frá árinu 2004 en verið fullgildur þátttakandi síðan 2006.

IOTA heldur árlega talsverðan fjölda námskeiða, sinnir þjálfun starfsfólks og gefur út tímarit um skattamál sem ætlað er starfsmönnum skattyfirvalda. IOTA er með aðalstöðvar sínar í Búdapest í Ungverjalandi og þar starfa 10 manns á skrifstofu samtakanna, en starfsemin fer fram víða um lönd þar sem starfsmenn sinna endurmenntunarstarfi og þjálfun.

Í sumar var haldinn í Frakklandi árlegur aðalfundur ríkisskattstjóraembættanna í Evrópu. Af Íslands hálfu sóttu fundinn Skúli Eggert Þórðarson og Ingvar J. Rögnvaldsson. Megin umræðuefni fundarins var með hvaða leiðum væri unnt að auka skilvirkni í stjórnslu í skattamálum og hraða upplýsingaskiptum. Fjölmargir fyrirlestrar voru fluttir og gagnlegar umræður urðu á milli fundarmanna. Miklar breytingar hafa

orðið í stjórnslu í skattamálum á síðustu árum og hröð upplýsingaskipti því þýðingarmikil.

Árlega eru fulltrúar aðildarþjóða kosnir til trúnaðarstarfa og nýr forseti samtakanna valinn. Að þessu sinni var Svein Ragnar Kristensen frá Noregi einróma kjörinn forseti fyrir starfsárið 2011 – 2012. Svein Ragnar er gjörkunnugur skattamálum og var um margra ára skeið vararíkisskattstjóri í Noregi en tók við embætti ríkisskattstjóra á síðari hluta ársins 2006. Svein Ragnar



hefur einnig starfað í forsætisnefnd IOTA um árabil. Íslenskir skattamenn þekkja Svein af góðu einu og vita að starfsemi IOTA er í traustum höndum með hann í forystunni.

Áhrif samdráttar í olíusölu á skatttekjur



Jóhannes
Jónsson

Fram til 1. júlí 2005 var þungaskattur lagður á öll díselknúin ökutæki, ýmist sem fast árgjald eða samkvæmt öikumæli. Eigendur ökutækja, sem voru innan við fjögur tonn að heildarþyngd, gátu valið að greiða fast árgjald í stað mælagjaldsins. Á móti bar díselolía engin gjöld önnur en virðisaukaskatt og lítraverðir því mun lægra en á bensíni. Þungaskattskerfið hafði ýmsa ókosti og var að mörgu leyti erfitt í framkvæmd. Samkeppnisráð (nú Neytendastofa) hafði einnig komist að þeirri niðurstöðu að fast árgjald þungaskatts af díselbílum bryti gegn samkeppnislögum. Var því farið að ræða upptöku á nýju kerfi.

Um mitt ár 2005 var tekið upp nýtt skattkerfi. Olíugjald og kílómetragjald komu í stað þungaskatts. Olíugjald leggst á hvern seldan lítra af díselolíu en kílómetragjald á hvern ekinn kílómetra. Frá upphafi hefur kílómetragjald verið lagt á atvinnutæki önnur en þau sem notuð eru til fólksflutninga og eru yfir 10 tonnum að heildarþyngd. Samhliða þessu nýja skattkerfi var tekin upp sala á lítaðri díselolíu sem er ógjaldskyld, þ.e. ber ekki olíugjald. Slíka olíu má m.a. nota á tiltekin ökutæki, skip og báta, til húshitunar og til raforkuframleiðslu.

Olíugjald og olíusala

Þetta nýja kerfi hefur nú verið við lýði í rúm sex ár og má fullyrða að það sé mun einfaldara í framkvæmd en fyrra kerfi. Hins vegar má sjá töluverðar breytingar í álagningu olíugjalds og kílómetragjalds á síðustu árum og sérstaklega frá hrunárinu 2008. Í fyrra voru t.a.m. seldar 236 milljónir lítra af díselolíu samanborið við 314 milljónir lítra árið 2006, sem var fyrsta heila árið í nýju skattkerfi. Hér er um 25% samdrátt í sölu að ræða og 29% frá árinu 2007 þegar

salan náði hámarki. Samdrátturinn er um 12% í sölu á gjaldskyldri olíu og um 35% í ógjaldskyldri (lítaðri) olíu. Ekkert lát virðist vera á þessum samdrætti, en fyrstu sex mánuði ársins 2011 dróst heildarsala á olíu saman um tæp 10% miðað við sama tímabil í fyrra og stefnir í að verða einungis um 215 milljón lítrar á árinu 2011.

Sala á olíu í milljónum lítra

| | Seld olía alls | Gjaldskyld olía | Ógjaldskyld (lítað) olía |
|------|-------------------|--------------------|-----------------------------|
| 2006 | 314 | 141 | 173 |
| 2007 | 332 | 153 | 179 |
| 2008 | 295 | 147 | 148 |
| 2009 | 260 | 130 | 129 |
| 2010 | 236 | 124 | 112 |

Samdrátturinn í olíusölu má eflaust að einhverju leyti skrifa á sparneytnari díselbíla, en hins vegar verður að líta til þess að töluverð aukning hefur verið á sölu nýrra díselknúinna fólksbifreiða síðastliðin ár þrátt fyrir samdrátt í sölu nýrra bíla. Árið

2010 voru, samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu, 38,5% nýrra bíla díselknúinir samanborið við 21,8% árið 2005. Í heildina var hlutfall díselknúinna fólksbifreiða á Íslandi þannig 13,2% í lok árs 2005 en í lok árs 2010 var hlutfallið komið í 18,4%. Til samanburðar má geta þess að víða í Evrópu var þetta hlutfall um 70% árið 2005. Líklegra verður að teljast að hátt verð á díselolíu, og þar af leiðandi minni akstur, eigi hér stóran hlut að máli. Verð á díselolíu var t.a.m. um 137 kr. lítrinn í lok ágúst 2006, en í dag er algengt verð um 236 kr. lítrinn, sem er ríflega 72% hækkun á fimm árum.

Ekki er hægt að kalla 25% samdrátt í heildarsölu á olíu neitt annað en hrun. Þrátt fyrir að sala á gjaldskyldri olíu hafi dregist saman um 12% frá árinu 2006 skilaði olíugjaldið eitt og sér 13,6% hærri tekjum til ríkissjóðs árið 2010 en árið 2006 miðað við verðlag hvors árs, enda hefur olíugjaldið hækkað um 34% frá árinu 2006, úr 41 kr. í 54,88 kr. Virðisaukaskattur, sem leggst ofan á olíugjaldið, hefur einnig hækkað um 4%, úr 24,5% í 25,5%. **Sjá mynd 1.**


Kílómetragjald

Skýrara merki um hrun er líklega að finna í „hinum hlutanum“ af gamla þungaskattinum, þ.e. kílómetragjaldinu sem lagt er á atvinnuökutæki tvisvar sinnum á ári, í júní og desember. Á árunum 2006, 2007 og 2008 var nettó álagning kílómetragjalds, þ.e. að undanskildum áætlunum, um 970-1.030 milljónir á ári. Hér er átt við samanlagða álagningu í júní og desember. Árið 2009 var álagningin komin niður í 700 milljónir og í fyrra í 585 milljónir. Það gerir um 40% lækun frá árunum fyrir hrun.


Á mynd 2 má sjá að álagning kílómetragjalds byrjar að lækka á seinna gjaldtímabili 2008, þ.e. í álagningunni í desember, en þá nær álagningin ekki 500 milljónum. Næsta tímabil á eftir, fyrra gjaldtímabil 2009, dregst álagningin síðan verulega saman, eða um 27%. Á sama tíma verður veruleg fækkun ökutækja sem fá álagt kílómetragjald, en fækkunin nemur um 11%. Skýringuna á því má líklega að einhverju leyti rekja til þess að eigendur hafi lagt inn skráningarnúmerin þegar gjaldið var hækkað um 12,5% um miðjan desember 2008. Gjaldið var síðan lækkað aftur um 20% í lok maí 2009, og varð þá 13% fjölgun ökutækja í álagningu næsta gjaldtímabil á eftir.

Við síðustu álagningu kílómetragjalds, í júní 2011, varð gífurleg fækkun ökutækja sem sæta álagningu, eða um tæp 25%, og 29% miðað við sama tímabil í fyrra. Hafa gjaldskyld ökutæki aldrei verið jafn fá, eða um 3.500 talsins. Ástæður þessa eru ekki ljósar en greinilegt er að hrun hefur orðið í álagningu kílómetragjalds, hvernig sem á það er lítið.


Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Samanburður á verðlagi 2011

Séu tekjur ríkissjóðs af olíugjaldi og kílómetragjaldi framreiknaðar til verðlags í september 2011 kemur í ljós að þær hafa rýrnað um 24% að raungildi á fjórum árum. Olíugjaldið skilaði á síðasta ári um fimmtungi minna að raungildi en árið 2006, og kílómetragjaldið rúmum hellingi minna. Sterkar vísbendingar eru um að tekjur ríkissjóðs af þessum gjöldum muni áfram rýrna talsvert á þessu ári.

Sjá mynd 3.

Skattframkvæmd fyr á árum

- Þriðji hluti -

Skattalagabreytingin 1978

Með samþykkt Alþingis á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, og síðar lögum nr. 7/1980, um breyting á fyrr nefndum lögum, voru settar fram mjög róttækar breytingar á þeim skattlagning-arreglum sem áður höfðu verið í gildi. Breytingarnar gáfu skattyfirvöldum tækifæri til að stokka upp vinnubrögð og verkferla við framtalsgerð, álagningu skatta og endurskoðun skattframtala. Jafnframt voru virkjaðir nýir möguleikar á skattstofunum sem fólust í að nota einmenningstölvur til skráningar upplýsinga úr skattframtölum, og síðan úrvinnslu þessara skráðu upplýsinga af skattgögnum í SKÝRR. Lög nr. 40/1978 voru samþykkt 18. maí 1978 en komu til framkvæmda við álagningu 1980 vegna tekna sem aflað var á árinu 1979 og eigna í lok þess árs. Það var því óvenju langur aðdragandi frá samþykkt laganna til framkvæmdar þeirra. Yfirleitt voru breytingar á skattalögum samþykktar seint á tekjuári, þ.e. á haustþingi, eða jafnvel á álagningarári, þ.e. á vorþingi, eins og reyndin varð með lög nr. 7/1980, um breyting á lögum nr. 40/1978 en frumvarpið var lagt fram á Alþingi í desember 1979 og samþykkt sem lög í febrúar 1980. Eins voru lög nr. 20/1980, um skattstiga, persónuafslátt og barnabætur, lögð fram 23. mars 1980, þ.e. á álagningarári, og samþykkt sem lög 28. apríl 1980.



Guðmundur
Guðbjarnason

Í grein þessari verður fyrst rætt um þær meginbreytingar sem gerðar voru á lög-unum, stofnun vinnuhóps til að sinna undirbúningi að framkvæmd laganna, hönnun skattframtalsins og annarra skatteyðublaða, bæði nýrra eyðublaða og endurhönnun eldri eyðublaða eftir því sem við átti. Að lokum verður fjallað um ábendingaskrár sem teknar voru í notkun til að létta störfun á skattstofunum og gera þau markvissari við endurskoðun framtala.

Meginbreyting laganna

Meginbreytingar sem gerðar voru á skatta-lögnum gagnvart einstaklingum eru enn í gildi fyrir utan það að flestir frádráttarliðir, sem voru fjölmargir, voru felldir niður við gjaldistöku laga um staðgreiðslu opinberra

gjalda á árinu 1988. Verðbólgu-reikningskil í atvinnurekstri voru felld niður með gildis-töku laga nr. 133/2001, og kom sú breyting til framkvæmda við skattskil gjaldársins 2003.

Flokkun tekna og frádráttar

Í lögnum voru tekjur flokkaðar í þrjá flokka: A, B og C. Til A-tekna töldust tekjur einstaklinga, sem aftur var skipt niður á fjóra töluliði, þ.e. endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, þ.m.t. vinna manns, þ.e. reiknuð laun eigenda við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, bætur, styrkir, verðlaun, vinningar hvers konar og höfundalaun. Til B-tekna töldust tekjur af atvinnurekstri og loks voru C-tekjur tekjur einstaklinga af eignum utan atvinnurekstrar sem flokkaðar voru á átta töluliði auk safnliðar í 9. tölulið.

Frádráttarliðum var skipt í fimm flokka: A, B, C, D og E. Heimilt var að velja fastan frádrátt sem var 10% af skilgreindum hreinum launatekjum í stað D- og E-frádráttar. D-liðurinn tók til iðgjalds af lífeyristryggingu, stéttarfélagsgjalds og iðgjalds af lífsábyrgð, en E-liðurinn tók til vaxtagjalda og gjafa til menningarmála.

Frádráttarliðir A-liðs voru taldir upp í sjö töluliðum, og voru beint tengdir A-tekjum sem, að frátöldum meðlagsfrádrætti, mynduðu skilgreindar hreinar launatekjur til ákvörðunar á föstum 10% frádrætti. Til B-frádráttar töldust svo vaxtatekjur umfram vaxtagjöld og tekjur af eignarhlutum í félögum. Frádráttur skv. C-lið fól í sér sjómanna- og fiskimannafrádrátt, námsfrádrátt og giftingarfrádrátt.

Skattlagning hjóna og barna

Hjón urðu með lögnum formlega sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig. Þannig var þeim ákveðinn tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi og barnabótum skipt á milli þeirra. Hvoru hjóna um sig bar nú að telja fram allar sjálfsaflatekjur sínar og frá þeim heimiluðust frádráttarfrjárhæðir skv. A- og C-liðum, svo og D-lið. Hjón urðu að velja sömu frádráttarreglu, þ.e. frádráttarfrjárhæðir skv. D- og E-liðum eða 10% fastan frádrátt. C-tekjur, þ.e. eignatekjur, skyldi leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hafði hærri skilgreindar hreinar tekjur, sbr. hér á undan (þó að frátöldum hreinum tekjum af atvinnurekstri), en með tilliti til A-, C- og D-frádráttarliða hvors um sig. Frá tekjum þess

Vélvinnsla álagningar og framkvæmd staðgreiðslu krafðist mikils undirbúnings. Á myndinni ræða saman þeir Kristján Aðalbjörnsson, Jón Zophoníasson og Ríkarður Ríkarðsson. Ljósmyndin er tekin 1991.



hjóna heimiluðust síðan frádráttarfjárhæðir skv. B- og E-liðum, en E-frádráttur (sem og D-frádráttur) féll niður ef fastur 10% frádráttur var hagkvæmari. Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skyldi telja fram hjá því hjóna sem stóð fyrir rekstrinum og voru atvinnurekstrar-gjöld lögð á það hjóna. Hjónum bar að telja sameiginlega fram allar eignir sínar og skuldir. Eignarskattsstofni var síðan skipt til helminga og reiknaðist eignarskattur af hvorum hluta fyrir sig. Persónuafsláttur þess hjóna sem ekki nýttist því yfirfærðist til hins aðilans að fullu. Við gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda 1988 var yfirfærður ónýttur persónuafsláttur maka skertur í 80%, en skerðingin var afnumin með lögum nr. 102/1999 í þremur áföngum á árunum 2000-2002. Sömu reglur giltu um skattlagningu sambýlisfólks sem uppfyllti skilyrði laganna til að telja fram og vera skattlögð sem hjón.

Barn innan 16 ára greiddi tekjuskatt af sjálfsaflatekjum sínum en forráðamaður greiddi skatta af öðrum tekjum barns og eignarskatt af eignum þess.

Verðbólguveikningsskil

Allan áttunda áratuginn ríkti hér á landi ástand óðaverðbólgu og margir álitu að takast yrði á við vandann bæði við reikningsskil og skattálagningu. Markmið lagabreytinga á árunum 1978 og 1980 var að bæta afkomuhugtakið sjálft, sem og allt eignamat, með því að aðlaga það verðbólgunni. Var það gert á tvennan hátt. Annars vegar var tekið upp árlegt endurmat varanlegra rekstrarfjármuna til hækkunar á eignagrunni þeirra, fyrnanlegra sem ófyrnanlegra. Heildarendurmat ársins færðist á endurmatarsreikning eigin fjár í efnahagsreikningi í árslok 1979 eftir að einskiptis allsherjar endurmat þeirra hafði farið fram við upphaf framtalsskila 1980. Fyrningarhlutföllum var breytt, svo og

reglum um skattlagningu söluhagnaðar eigna. Í annan stað var verðbreytingarfærslan innleidd, en hún hafði meðal annars þann tilgang að færa áhrif verðbreytinga á peningalegar eignir og skuldir í rekstrarreikning þannig að afkoma eftir verðbreytingarfærsluna sýndi raunverðsbreytingu á eigin fé sem stafaði frá rekstri. Samkvæmt verðbreytingarfærslunni voru tekjur og gjöld leiðrétt um tiltekinn hundr- aðshluta verðbreytinga milli ára samkvæmt útreikningi á verðbreytingarstuðlinum af

”

Hjónum bar að telja sameiginlega fram allar eignir sínar og skuldir. Eignarskattsstofni var síðan skipt til helminga og reiknaðist eignarskattur af hvorum hluta fyrir sig

mismuni peningalegra eigna og skulda. Miðað var við stöðu þessara eigna og skulda eins og þær voru í upphafi reikningsárs. Persónulegar skuldir og inneignir eignaraðila sameignaraðila, svo og manna sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og ógreidd hlutabréfalof- orð, töldust hvorki til eigna né skulda við útreikning verðbreytingarstofns. Mis- munur á þessum peningalegu eignum annars vegar og skuldum hins vegar myndaði stofn til verðbreytingarfærslu.

Þegar peningalegar eignir voru hærri en skuldir var fjárhæðin færð til gjalda á rekstrarreikning en til tekna þegar skuldir voru umfram peningalegar eignir. Mótfærsla hennar var færð á endurmatarsreikning. Verðbreytingarfærslan svaraði til almennra verðlagsbreytinga milli ára og fól í raun í sér að gjaldfæra mátti mun á verðbólgu og fjármunatekjum ef vextir voru neikvæðir með tilliti til verðbólgu, en til tekna komu endanlega einungis vextir sem voru umfram verðbólgu. Á sama hátt var aðeins gjaldfærður sá hluti fjármagnskostnaðar sem var umfram verðbólgu, en þegar vextir voru lægri en verðbólgu varð í reynd tekjufærsla vaxtanna. Eignarhlutar í félögum, svo sem hlutabréfaeign, voru hvorki endurmetnir né færðir í stofn til verðbreytingarfærslu.

Ríkisskattstjóri reiknaði og gaf út verðbreytingarstuðulinn sem miðaðist fyrst við breytingu á meðaltalsvísitölu byggingarkostnaðar milli ára, en á milli álagningaráranna 1992–1996 var miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá upphafi til loka tekjuársins, en frá 1997 var miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá upphafi til loka reikningsárs. Fyrstu fimm árin eftir að lögin komu til framkvæmda var verðleiðrétting samkvæmt ákvæðum skattalaga yfir 40% en framtalsárið 1984 fór hún í tæp 72%. Næstu sjö árin þar á eftir var verðbreytingin á bilinu 19% til 29% en varð síðan undir 7%.

Könnun ríkisskattstjóra á breytingu skattbyrðar

Eftir álagninguna 1980 urðu allmiklar umræður um þýðingu verðbreytingarfærslunnar og töldu margir að verið væri að skattleggja tekjur sem ekki væru fyrir

hendi, enda varð tekjufærsla algengari en gjaldfærsla í skattskilum. Þegar lög nr. 25/1981, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, voru samþykkt lagði fjárhags- og viðskiptanefnd til að fram færi athugun hjá ríkisskattstjóra á því í hvaða mæli einstakir aðilar hefðu orðið fyrir álögum umfram það sem almennt gerist við gildistöku breyttra reglna. Líta skyldi m.a. til hvort fyrningar af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum hefðu leitt til verulegrar þyngingar á skattbyrði miðað við reglur eldri laga hjá einstökum hópum manna er stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Fjármálaráðherra lagði fram greinargerð um könnun ríkisskattstjóra á haustþingi 1981. Niðurstaða var í stuttu máli sú að með tilliti til heimildarákvæða 44. gr. laganna, sem heimiluðu fyrningar á móti fjárhæð tekjufærslu skv. 53. gr., kæmi ekkert fram sem benti til að sérstakur hópur manna hefði orðið fyrir verulegri þyngingu á skattbyrði miðað við reglur eldri laga sem ekki yrðu skýrðar með vísan til tilgangs ákvæða laganna, einkum 53. gr. þeirra. Ennfremur var talið að í samræmi við tilgang laganna hafi orðið tilfærsla á skattbyrði milli einstakra manna sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og byrðin lést hjá þeim sem nutu hækkaðra fyrninga vegna endurmatseignanna og jafnframt gjaldfærslu vegna verðbreytingarfærslu, en aukist hjá þeim sem fengu hærri tekjufærslu vegna verðbreytingarfærslu en hækkan varð á frádrætti fyrninga og fjármagnskostnaðar. Engar umræður urðu um skýrsluna.


Reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur

Skattmeðferð einstaklinga með atvinnurekstur var breytt verulega með lögnum og stigið skref til aðgreiningar á atvinnurekstrinum sjálfum og þeim sem hann rekur. Rekstrartap var aðskilið frá persónuframfali og ekki heimilt að færa það til frádráttar nema frá öðrum rekstrartekjum á árinu, en yfirfærðist ella á móti rekstrartekjum næsta eða næstu ára. Auk þess var tekið upp það nýmæli að nú skyldi maður sem atvinnurekstur stundaði í eigin nafni, eða sjálfstæða starfsemi eða hjá félagi sem honum væri tengt, sitja við sama borð og launþegar af starfslaunum sínum. Skyldi maður við þessar aðstæður telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt starfið af hendi fyrir óskyldan aðila. Endurgjald þetta yrði frádráttarbært sem rekstrarkostnaður í atvinnurekstrinum. Með þessu móti átti maður að reikna vinnuframlag sitt við atvinnurekstur sinn til tekna óháð sveiflum á afkomu rekstrarins frá einu ári til annars. Þannig væri honum ætlað að greiða til hinna sameiginlegu þarfa jafnvel þótt rekstur hans skilaði ekki hagnaði á sama veg og laun væru greidd launamanni samkvæmt kjarasamningum án tillits til afkomu launagreiðanda. Ríkisskattstjóri skyldi árlega setja skattstjórur reglur um viðmiðunartekjur starfshópa til hliðsjónar við endurskoðun á ákvörðun framfölda endurgjaldsins átti skattstjóri að taka tillit til aðstöðu aðila, aldurs, heilsufars og annarra atriða sem talin voru máli skipta.

Gagnrýni á framkvæmd ákvæðisins og nýtt frumvarp

Að lokinni álagningu 1980 kom fram mjög mikil gagnrýni varðandi framkvæmd skattstjóra á beitingu þessara nýmæla um reiknað endurgjald. Komu fram sjónarmið um að skattstjórar hefðu farið offari í beitingu ákvæðisins og mönnum þannig gert að greiða tekjuskatt, útsvar og sjúkratryggingagjald af tekjum sem þeir höfðu ekki aflað sér. Kærur vegna ákvörðunar á endurgjaldinu sem skattstjórar höfðu ákvarðað við álagningu hjá þeim sem sleppt höfðu að ákvaða sér það, eða breytt því til hækkunar hjá öðrum, voru fjölmargar. Gengu mótmælin svo langt að fjármálaráðherra lagði fyrir ríkisskattstjóra að gera könnun á framkvæmd ákvæðisins hjá öllum skattstjórurum. Birtist niðurstaða athugunar ríkisskattstjóra með athugasemdum við frumvarp sem fjármálaráðherra lagði fram á Alþingi í apríl 1981, sem varð að lögum nr. 25/1981.

Í þessu frumvarpi var lagt til að fellt yrði niður ákvæðið um reiknað endurgjald. En sá böggull fylgdi skammrifi að í stað reiknaðs endurgjalds hjá þessum aðilum kom tillaga að ákvæði um takmörkun á nýtingu persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts, útsvars og sjúkratryggingagjalds, og breyttar reglur um tekjustofn hjóna varðandi skattlagningu eignartekna og eignagjalda. Skattstjóri skyldi hækka tekjuskattsstofn þeirra um þá fjárhæð sem tekjur af þessum störfum væru lægri en ætla mætti að endurgjald hefði orðið miðað við vinnuframlag hefði starfið verið innt af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Þannig yrði takmörkuð nýting skattafsláttar til greiðslu annarra álagðra skatta á tekjur og eignir en án þess að tekjuskattur sem slíkur væri hækkaður. Frá því að launaskattur (samsvarar nú tryggingagjaldi) var álagður á greidd laun hafði mönnum sem störfuðu við eigin atvinnurekstur verið áætlaður stofn til greiðslu launaskatts af vinnuframlagi sínu eftir framangreindum reglum án þess að þeirri tilhöggun hefði verið mótmælt.



Á skattstofu Norðurlands eystra á níunda áratugnum. Engar tölur voru þá hjá starfsmönnum. A myndinni sést Hallur Sigurbjörnsson yfirfara framtal. Hann var skattstjóri frá 1962-1986.

Í athugasemdum með frumvarpinu kom fram það sjónarmið að megintilgangur ákvæðanna í 7. gr. og 59. gr. gildandi skattalaga hafi verið að samræma rekstraruppgjör fyrirtækja óháð rekstrarformi þeirra. Annað aðalmarkmið 59. gr. hafi verið að koma í veg fyrir að þeir sem hefðu tekjur sínar af rekstri slyppu með að greiða litla sem enga beina skatta. Fyrir setningu laganna var það mjög gagnrýnt að ýmsir tilgreindir hópar sjálfstæðra rekstraraðila kæmst undan eðlilegum skattgreiðslum með óeðlilegum útgjöldum og afskriftum ásamt lágt áætluðum tekjum. Reiknuðu launin áttu að tryggja lágmarksskattgreiðslur allra atvinnurekenda sem taldir væru hafa stundað fullt starf. Þótt kostir reiknuðu launanna (endurgjaldsins) hafi verið ótvíræðir þá hefðu ýmsir annmarkar þessa kerfis komið í ljós.

Niðurstaða Alþingis

Í nefndaráli fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. Alþingis kemur fram að eftir ítarlegar athuganir og viðræður við ýmsa aðila hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að gera þessar breytingar á lögum. Nefndin benti á að með slíkri ákvörðun myndu aðilar sem rækju eigin starfsemi missa rétt til 10% frádráttar frá þeim þætti teknanna sem rekja mætti til vinnuframlags þeirra. Yrðu þeir að því leytinu verr settir en launþegar hjá ótengdum eða óskyldum aðilum. Ennfremur, að menn sem ynnu við eigin atvinnurekstur gætu ekki nýtt sér þau réttindi að persónuafsláttur gangi til greiðslu útsvars. Þvert á móti gerði 25 gr. frumvarpsins ráð fyrir því að svo skyldi alls ekki verða. Nefndin taldi rétt að reynt væri að gæta sem mest samræmis í skattlagningu aðila, hvort sem þeir ynnu við eigin atvinnurekstur eða hjá öðrum ótengdum aðila. Með því að afnema greinina með öllu væri hætt við að sá tilgangur laganna myndi raskast. Nefndin lagði til allmargar breytingar við gildandi ákvæði til að gera þau skýrari og ótvíræðari þannig að betur mættu koma fram markmiðin að baki ákvæðunum. Meðal annarra breytinga var skattstjóra gert skylt að skora á framteljanda að gera grein fyrir ákvörðun sinni fyrir reiknuðu endurgjaldi ef skattstjóri teldi það of lágt áður en tekin væri ákvörðun um að breyta frá því sem gjaldandi hefði ákvarðað sér við atvinnureksturinn. Jafnframt voru ríkisskattstjóra settar þær reglur að til hliðsjónar viðmiðunarreglum um laun skyldi hafa sambærileg störf í venjulegum vinnutíma sem og gildandi kjarasamninga og raunverulegar tekjur í viðkomandi starfsgrein. Þá voru gerðar breytingar á ákvörðun

reiknaðs endurgjalds bænda svo og varðandi elli- og örorkulífeyrisþega. Segja má að með þessum breytingum öllum hafi verið vikið til hliðar framangreindum sjónarmiðum til að koma í veg fyrir að sá sem hefði tekjur sínar af rekstri slyppi með að greiða litla sem enga beina skatta til hinna sameiginlegu þarfa, jafnvel þótt rekstur hans skilaði ekki hagnaði. Gegnum árin hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögum og á reglum þeim sem ríkisskattstjóra ber að gefa út í tengslum við ákvörðun reiknaðs endurgjalds í þeim tilgangi að styrkja eðlilega framkvæmd ákvæðisins. Reiknað endurgjald er komið til að vera, enda grundvöllur ýmissa annarra réttinda og skyldna, t.d. til greiðslu lífeyris- sjóðsiðgjalda og þar með greiðslu eftirlauna úr lífeyrissjóðum, til ákvörðunar mánaðar-

”

Að lokinni álagningu 1980 kom fram mjög mikil gagnrýni varðandi framkvæmd skattstjóra á beitingu þessara nýmæla um reiknað endurgjald. Komu fram sjónarmið um að skattstjórar hefðu farið offari í beitingu ákvæðisins og mönnum þannig gert að greiða tekjuskatt, útsvar og sjúkra- tryggingagjald af tekjum sem þeir höfðu ekki aflað sér

legrar staðgreiðslu skatta til samræmis við launþega og álagningar tryggingagjalds á vinnuframlag þessara aðila.

Útsvar og aðstöðugjald

Með lögum nr. 13/1980 var lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytt. Tilgangurinn var sá að aðlaga ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga hinum nýju tekjuskattlögum, bæði að því er varðar hverjir skyldu teljast útsvarsskyldir aðilar og hvaða tekjur mynduðu stofn til útsvars. Þá voru gerðar nokkrar efnis- og orðalagsbreytingar á gildandi ákvæðum um aðstöðugjald. Mismunur var á stofni til ákvörðunar tekjuskatts og útsvars eins og verið hafði. Við ákvörðun útsvarsstofns eftir lagabreytinguna mátti draga frá allar frádráttarfjárhæðir skv.

A-lið, vaxtatekjur umfram vaxtagjöld skv. 1. tölul. B-liðar, og námsfrádrátt skv. 3. tölul. C-liðar 30. gr. skattalaga, svo og var elli- og örorkulífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar undanþeginn skattlagningu útsvars. Aðrir frádráttarliðir skattalaga voru ekki heimilaðir og það varð ekki fyrr en við gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda að skattstofn til tekjuskatts og útsvars varð hinn sami.

Framtalsfrestir og lok álagningar

Meðal annarra breytinga sem rétt þykir að minnast á eru breytingar varðandi framtalsfrest og álagningarfrest og frest til opinberrar birtingar álagningar. Framtalsfrestur manna sem ekki stóðu fyrir atvinnurekstri í eigin nafni var lengdur um 10 daga, eða til 10. febrúar, framtalsfrestur manna sem stunduðu atvinnurekstur var lengdur um hálfan mánuð, eða til 15. mars, og lögaðilar fengu frest til loka maímánaðar. Almennt hafði verið að einstaklingum og félögum væru veittir viðbótarfrestir til skila á framtölum og vonast til að með þessari breytingu yrðu frestveitingar aðeins í undantekningartilvikum.

Reyndin varð nú ekki sú og frestir á árinu 1980 voru enn lengri, m.a. vegna síðbúinna breytinga á lögum og tímafrekari framtalskila vegna viðamikilla breytinga á skattalögum. Þá var gerð grundvallarbreyting á birtingu skattskrár, m.a. til að skapa grundvöll undir virkari vinnutilhögun á skattstofunum. Gildandi lög gerðu ráð fyrir að skattskrá kæmi út fyrir 20. júní ár hvert og væri birt opinberlega. Verktilhögun á skattstofunum gerði ráð fyrir því að farið væri yfir öll framtöl fyrir útkomu skattskrár, a.m.k. er varðaði sam- anburð launamiða og framtalinna launa á framtali o.p.h. samanburð aðsendra gagna og upplýsinga. Vegna hins stutta tíma frá lokum framtalsfrests til útkomu skattskrár og vanskila á launamiðum hafði þessi yfirferð víða orðið ófullnægjandi. Afleiðingin var sú að fara varð aftur yfir mikinn fjölda framtala eftir útkomu skattskrár og enduráleggja opinber gjöld. Enn fremur var ávallt mikið um að menn og félög teldu ekki fram fyrir útkomu skattskrár og fengju þar af leiðandi áætluð opinber gjöld sem voru endurútreiknuð ef framtal barst með kær. Af þessum sökum gaf skattskráin ekki rétta mynd af þeim gjöldum sem endanlega voru álögd. Hafði verið lagt upp með að opinber gjöld væru álögd samkvæmt framtölum manna í samræmi við 95. gr. laganna fyrir maílok og frekari skoðun þeirra látin bíða þar til eftir álagningu. Aftur á móti var gert ráð fyrir að framtöl lögaðila yrðu



Sverrir Júlíusson hagfræðingur var aðalhöfundur nýrra framtalseyðublaða sem tekin voru í notkun 1980.

fullskoðuð áður en álagning færi fram og birt viðkomandi aðilum eftir hendinni, en þó eigi síðar en 1. október.

Horfíð var frá þessum tímasetningum við samþykkt laganna og ákveðið að álagning á alla skattaðila yrði eigi síðar en 30. júní ár hvert. Þessi tímasetning stóðst ekki 1980 vegna þess hve allur undirbúningur varð tímafrekari vegna gerbreyttra reglna um skattlagningu hjóna og innheimtu skatta hjá hvoru um sig og þess hve seint viðamiklar breytingar á lögnum voru samþykktar. Skil framtala urðu þar af leiðandi síðbúin og varð að setja bráðabirgðalög 24. júlí 1980 sem staðfest voru af Alþingi með lögum nr. 90/1980, þar sem álagningunni var þrískipt, einstaklingar, börn og lögaðilar, en tímafrestur álagningar var færður til 31. ágúst. Þegar lokið væri álagningu skatta og kærumeðferð, og endurskoðuð önnur atriði í samræmi við 96. gr. laganna sem gæfu til efni til breytinga, skyldu skattstjórar leggja fram skattskrá. Skattskráin átti með þessum hætti að geta gefið mun réttari upplýsingar um endanlega fjárhæð álagðra gjalda. Mikið fjáðrafok varð um sumarið 1980 þegar fjölmiðlar sáu fram á að geta ekki birt upplýsingar um hæstu greiðendur opinberra gjalda við lok álagningar og var ákvæðinu breytt árið eftir með lögum nr. 25/1981 og tók það gildi við álagningu 1982. Samkvæmt því skyldi birta álagningarskrá opinberlega í lok álagningar, en birting skattskrár er enn í lögnum og kemur hún venjulega út að vori árið eftir álagningu. Hafa fjölmiðlar aldrei sýnt þessari leiðréttu birtingu opinberra gjalda áhuga.

Með lögum nr. 149/2000 var ríkisskattstjóra falið að auglýsa í upphafi hvers árs fresti skattaðila til að skila framtali og gögnum, s.s. launamiðum, en fjármálaráðherra átti að tillögum ríkisskattstjóra að ákveða með auglýsingu í upphafi árs

hvenær álagningu skyldi lokið, annars vegar vegna einstaklinga og hins vegar vegna lög- aðila. Þó skyldi álagningu vera lokið eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs.

Vinnuhópur skipaður af fjármálaráðherra

Fjármálaráðherra skipaði vinnuhóp með bréfi, dags. 16. júní 1978, vegna undirbúnings framkvæmdar fyrir nefndra laga nr. 40/1978. Í vinnuhópinn voru skipaðir Ævar Ísberg vararíkisskattstjóri, sem þá gegndi stöðu ríkisskattstjóra, og var hann formaður, Garðar Valdimarsson skatt-rannsóknarstjóri og Gestur Steinþórsson skattstjóri Reykjavíkur. Þá komu fljótlega til liðs við hópinn Jón Zophoníasson frá SKÝRR og Sverrir Júlíusson frá fjármálaráðuneytinu til að vinna að hönnun á nýju skattframtalseyðublaði og öðrum skatteyðublöðum.

Í september 1979 komu til starfa með vinnuhópnum Guðmundur Guðbjarnason (greinarhöfundur) og Jón Guðmundsson sem hafði séð um námskeið starfsmanna við embætti ríkisskattstjóra undanfarið ár. Unnu þeir að undirbúningi ýmissa þátta framkvæmdar, m.a. er varðaði verklagsreglur um söluhagnað eigna, fyrningar og endurmat þeirra, ásamt vinnu við hönnun ýmissa skatteyðublaða, þ.m.t. endurmatsskýrslu og fyrningaskýrslu eigna, auk annarra verkefna vinnuhópsins.

Verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi fjármálaráðherra voru eftirfarandi:

1. Að vinna að tillögum um nýtt framtalseyðublað.
2. Að kanna vinnutilhögun á skattstofum og gera tillögur um breytingar á henni.
3. Að gera tillögur um aukna vélvinnslu framtala og samanburðargagna og í því sambandi notkun tölvu við skatteftirlit.*
4. Að kanna hvaða atriði laganna þarfnast nánari skýringa í reglugerð og gera tillögur um efni nýrrar reglugerðar.

* Í skriflegum gögnum þessa tíma var yfirlétt rætt um vélvinnslu framtala, vélræna vinnslu, vélrænan samanburð o.s.frv. sem í dag er kallað tölvuvinnsla, eða rafræn vinnsla framtalsgagna, rafrænn samanburður gagna o.s.frv. Held ég mig við að nota orðin tölvuvinnsla eða rafræn vinnsla, nema þegar notast er við samtímatexta þótt ekki sé um orðrétta upptöku að ræða.

Það var álit vinnuhópsins að hönnun skattframtalseyðublaðs væri frumforsenda fyrir útfærslu hugmynda um tölvuvinnslu og rafræna vinnslu þess og réði auk þess miklu um það með hvaða hætti vinnutilhögun á skattstofu yrði best fyrir komið. Það yrði að

hafa það að leiðarljósi að framtalið yrði einfalt fyrir framteljanda, þjónaði vel tilgangi sínum fyrir tölvuvinnslu og auðveldaði úrvinnslu á skattstofum. Sama ætti við um hönnun fylgiskjala og upplýsingagagna sem ætluð voru til grundvallar færslu fjárhæða á framtalið, s.s. fyrir móttakendur bifreiðastyrkja og dagpeninga, en þeir urðu að gera grein fyrir útlögðum kostnaði til grundvallar frádrætti frá tekjum í framtali.

Vinnuhópnum var ljóst að við þessa lagabreytingu sköpuðust möguleikar á skipulagningu virkari vinnutilhögunar á skattstofum. Nauðsynlegt væri að nota þetta tækifæri til þess að samræma betur vinnutilhögun hinna einstöku skattstofa. Skilgreina ætti verkefnið skattstofanna og ríkisskattstjóraembættisins og þar með hlutverk embættisins varðandi eftirlits- og samræmingarstörf þess og rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Hyggja þyrfti að aðferðum við val endurskoðunarverkefna, gerð ýmissa vinnueyðublaða, möguleikum á upplýsingasöfnun og dreifingu upplýsinga.

Hópurinn hafði eftirfarandi í huga:

1. Vélræna skoðun allra almennra skattframtala.
2. Vélræna úttekt eða val á þeim aðilum sem þyrftu frekari skoðunar við.
3. Möguleika á samtengingu upplýsinga frá ýmsum opinberum og óopinberum aðilum sem tengdust
 - a. skyldu þessara aðila til að veita skattyfirvöldum upplýsingar (fasteignamatíð, bifreiðaeftirlitið, bankar o.fl.)
 - b. skyldu skattyfirvalda til að láta öðrum opinberum aðilum í té upplýsingar (LÍN, gjaldeyriseftirlitið o.fl.)
4. Geymslu upplýsinga.
5. Möguleika á auknum tölfraðilegum upplýsingum til skýrslu- og áætlunargerðar.

Tímafrekasti þáttur í störfum vinnuhópsins var athugun á og umræða um hin ýmsu nýju ákvæði skattlaganna með tilliti til framkvæmdar á þeim og hafði hópurinn ýmsar athugasemdir við ákvæðin fram að færa. Fyrst og fremst beindist athyglin að þeim ákvæðum sem snertu beint uppbyggingu framtalseyðublaðsins, en jafnframt voru athuguð efnisleg atriði með tilliti til framkvæmdar. Hópurinn skoðaði þannig einstök ákvæði með það í huga að benda á það sem betur mætti fara. Tillögur hópsins um lagabreytingar voru sendar ráðuneytinu en þar tók annar starfshópur við

þeim sem vann að endurskoðun laganna fyrir ráðuneytið. Í þeim hópi voru Árni Kolbeinsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Ólafur Nílsson endurskoðandi og Halldór Ásgrímsson alþingismaður. Auk þess að taka tillit til tillagna vinnuhópsins var meðal verkefna þessa lagahóps að taka upp framangreinda verðbreytingarfærslu í stað þeirra ákvæða sem fyrir voru í lögum nr. 40/1978, sem takmörkuðu fyrningar á eignum í þeim tilvikum þegar endurmetnar fyrnanlegar eignir væru fjármagnaðar að einhverju eða öllu leyti með lánsfé. Þar sem heimilt var samkvæmt lögnum að gjaldfæra að fullu fjármagnskostnað, þ.m.t. verðbætur og gengistap af lánnum, en skylda að telja fram fjármunatekjur, þar með taldar verðbætur og gengishagnað, til tekna að fullu á framtalsárinu, þótti þetta ákvæði um takmörkun fyrninga ekki samræmast almennum reglum um leiðréttingu vegna áhrifa verðbólgu án tillits til peningalegra eigna og skulda. Vinnuhópurinn gerði engar tillögur um útgáfu reglugerða.

Fyrr nefndum vinnuhópi var ljóst að skipuleggja þyrfti starfsemi skattstofanna í mjög nánú samráði við skattstjóra þar sem þörf væri á verulega breyttum starfsaðferðum. Aðallega væru þær fölgjar í því að taka upp svonefnda frumskoðun framtala (álagningsarskoðun) sem unnin yrði á mjög stuttum tíma fyrir álagningu. Hún byggðist aðallega á leiðréttingum á reikningssekkjum og færslum sem augljóslega væru rangar eða í ósamræmi við gildandi lög og fyriræli. Samræma bæri reglur um vinnubrögð hvað þetta atriði snerti, ekki síst vegna þeirrar hagræðingar sem hægt væri að koma við án þeirrar tímapressu sem gildandi ákvæði gerðu ráð fyrir. Var þessi hugmynd í samræmi við 95. gr. laganna sem gerði ráð fyrir að leggja skyldi tekju- og eignarskatt á skattaðila samkvæmt framlögðu skattframtali hans en að gerðum tilteknum leiðréttingum. Samkvæmt aðalreglu 96. gr. laganna var aftur á móti gert ráð fyrir að skattlagningu yrði breytt síðar ef einstakir liðir skattframtals eða fylgigagna þess væru ófullnægjandi, þ.e. að fullnaðarskoðun framtals skyldi að meginstefnu fara fram eftir að álagning skv. 95. gr. hefði farið fram.

Vinnuhópurinn hélt fund með skattstjórum á Laugarvatni í júlí 1979 þar sem kynnt voru drög að skattframtali einstaklinga, hjóna og barna innan 16 ára, svo og eyðublað fyrir greiðslumiða vegna ýmissa greiðslna sem ekki var ætlast til að færðar yrðu á launamiða. Um miðjan september 1979 hélt vinnuhópurinn fundi með skattstjórum og starfsmönnum þeirra á skattstofunum í Reykjavík, Hafnarfirði, á Hellu og Akureyri, þar sem rædd voru

ýmis atriði framkvæmdar hinna nýju laga, og upplýsinga aflað um viðhorf þeirra sem fundina sóttu, um starfsumfang og skipulag hvorrar skattstofu.

Vinnuhópurinn lagði til að frumskoðun skattframtala færi fram á grundvelli framlagðra fylgigagna með skattframtali, þ.m.t. afgreiðslu á framkomnum ívilnunarbeiðnum, en án allra ytri samburðagagna, s.s. framtals fyrra árs og launamiða. Framtalið yrði fullfrágengið til skráningar fjárhagslegra upplýsinga í tölvu, þ.m.t. kódamerking þeirra fjárhæða sem væru færðar í kafla T5, en það voru ýmsar greiðslur frá Tryggingastofnun o.fl. aðilum. Eftir að álagning hefði verið birt hæfist vinna við að úrskurða kærur sem aðallega fælist í að endurmeta áætlanir með hliðsjón af framlögðu framtali og afgreiða nýjar ívilnunarbeiðnir. Eftir þá vinnulotu færi fram endanleg endurskoðun framtala með hliðsjón af innri upplýsingum, t.d. varðandi kaup og sölu eigna, útreikningi söluhagnaðar, og fyrra árs framtali, sem og ytri upplýsingagögnum sem bærust skattfyrirvöldum. Að auki voru til samburðar listar unnir í SKÝRR úr tölvuskráðum upplýsingum skattframtala og launamiða, sem gengu undir nafninu ábendingaskrár. Þá færi samtímis fram úrvinnsla launaframtala, bæði til útreiknings launatengdra gjalda og til undirbúnings útskriftar í SKÝRR á upplýsingasafni launamiðaskráningar (samburðarmiða).

Meginmarkmiðið með hinu nýja fyrirkomulagi framtalsskoðunar var annars vegar að álagning færi fram fyrr en verið hafði og hins vegar að dreifa vinnu við endurskoðun sem jafnast yfir árið. Þannig mætti betur beina störfum að afmörkuðum

þáttum eða sérstököm sviðum, m.a. með vélrænni úrvinnslu og ábendingum vélrænnar skráningar fjárhagslegra atriða af framtalinu sjálfu, samburði ytri gagna (launamiða), og samkvæmt sérstököm merkingum skattendurskoðenda sem gerðar skyldu við álagningarskoðun til úrvinnslu síðar. Framangreint þýddi í raun að raunverulegri vinnu við endurskoðun framtala væri frestað til síðari hluta ársins en öllum kröftum væri beint að undirbúningi framtala til skráningar, álagningar og síðan kærumeðferðar.

Undir lok árs 1979 lagðist vinna hópsins af en fyrrnefndir starfsmenn embættisins undir stjórn Ævars Ísbergs vararíkisskattstjóra og Sigurbjörns Þorbjörnssonar ríkisskattstjóra unnu áfram að undirbúningi, m.a. frágangi endanlegrar útgáfu skattframtalsins og allra annarra fylgiskjala þess, eins og greint verður frá síðar.

Segja má að mikill hugur hafi verið í þessum vinnuhópi við að koma á samræmdum vinnubrögðum á öllum níu skattstofum landsins og að vinnan gengi sem best fyrir sig. En atvikin urðu til þess að minna varð úr góðum ásetningi þegar upp var staðið, sem aðallega má rekja til tímaleysis og of fárra starfsmanna til að vinna að kerfislegum undirbúningi sem og að undirbúningi starfsmanna. Ekki mátti síst rekja þetta til stjórnunarlegra þátta þar sem ríkisskattstjóri hafði ekki formlegt forræði yfir verkstjórn á skattstofunum heldur aðeins faglegt samræmingar- og eftirlitshlutverk með höndum. Það breyttist ekki fyrr en 30 árum síðar þegar skattstofurnar voru lagðar niður sem níu sjálfstæðar stjórnunareiningar og störf þeirra felld undir embætti ríkisskattstjóra.



Vigfús Hjartarson var áratugum saman einn af lykilstarfsmönnum ríkisskattstjóra. Ljósmyndin er tekin árið 1988 á Skúlagötu 57 þar sem embættið var til húsa frá 1973 til 1990.



Einfalt skattframtal

Í fyrra, við framtalsgerð á árinu 2010, var í fyrsta skipti boðið upp á einfaldað skattframtal fyrir þá sem uppfylltu tiltekin skilyrði, svokallaða grunnskoðun. Þegar einstaklingar opna vefframtal sitt fer framtalið sjálfkrafa í gegnum þessa grunnskoðun.



Jóhannes
Jónsson

Með því að taka upp rafræn framtalsskil fyrir rúmum áratug síðan tók ríkisskattstjóri eitt stærsta skrefið í þróun rafræna samskipta í opinberri stjórnsýslu á Íslandi. Síðan þá hefur embættið stöðugt verið að þróa rafræn framtalsskil með það að markmiði að einfalda framtalsgerð viðskiptavina sinna og gera þau eins þægileg og kostur er. Hefur sú vinna aðallega falist í því að bæta áritun upplýsinga á framtalið, fyrstu árin með áritun tekjuupplýsinga frá launagreiðendum, fasteignamats frá Fasteignamati ríkisins, skulda við Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna og ökutækja frá Umferðarstofu. Á síðustu árum hefur síðan bæst við áritun inneigna og skulda

frá fjármálafyrirtækjum og má segja að þá hafi loksins opnast fyrir þann möguleika að einstaklingar þyrftu ekki að gera annað en að yfirfara og staðfesta framtal sitt.

Þegar farið var að árita upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum varð ljóst að ríkisskattstjóri var þannig að færa inn á framtöl allar fjármálaupplýsingar fyrir til-
tölulega stóran hluta landsmanna, þ.e.a.s. hefðbundna launþega með fasteign og fasteignalán ásamt bíl og bankabók. Var í kjölfarið farið að skoða hvort hægt væri að auka þjónustuna frekar og einfalda enn framtalsgerð fyrir þennan hóp. Ýmsar hugmyndir voru skoðaðar og þá sérstaklega hvort hægt væri að undanþiggja þennan hóp algerlega framtalsgerð, þ.e. að hann þyrfti ekki að gera neitt. Eftir töluverðar vangaveltur var niðurstaðan sú að slíkt væri ekki ráðlegt, a.m.k. ekki um sinn. Réð þar mestu að ekki er enn sem komið er hægt að ganga að því vísu að árituð gögn frá þriðja aðila séu algerlega pottþétt, þau geta verið röng eða þau einfaldlega vantað. Á endanum er það framteljandinn sjálfur sem þekkir gögnin sín best og rétt skil eru

á hans ábyrgð. Það má líka segja sem svo að það sé hverjum manni hollt að skoða framtal sitt og upplýsingar á því einu sinni á ári. Því varð úr að einfalda framtalsgerð þessa hóps til muna þannig að menn þyrftu einungis að yfirfara áritaðar upplýsingar og staðfesta þær ef ekki þyrfti að leiðrétta eða bæta einhverju við.

Í fyrra, við framtalsgerð á árinu 2010, var í fyrsta skipti boðið upp á einfaldað skattframtal fyrir þá sem uppfylltu tiltekin skilyrði, svokallaða grunnskoðun. Þegar einstaklingar opna vefframtal sitt fer framtalið sjálfkrafa í gegnum þessa grunnskoðun. Til að standast skoðunina má framteljandi m.a. ekki hafa stundað rekstur á árinu eða hafa verið búsettur erlendis, hann má heldur ekki hafa stundað hlutabréfaviðskipti, haft dagpeninga yfir 700 þúsund krónum, ökutækjastyrk yfir 247 þúsund krónum eða verktakagreiðslur yfir 200 þúsund krónum. Hann má heldur ekki hafa stundað fasteignaviðskipti eða keypt ökutæki á árinu. Þetta eru allt atriði sem kalla á frekari útfyllingu framtals af hendi framteljanda.

Standist framtalið ekki þessi skilyrði opnast hefðbundið vefframtal með öllum sínum fylgiskjöllum en annars opnast einfaldað skattframtal. Einfaldaða skattframtalið stendur því eingöngu þeim til boða sem standast grunnskoðun. Einfaldaða framtalið skiptist upp í sex flipa sem eru forsíða, tekjur, fjármagnstekjur, eignir, skuldir og staðfesting. Á forsíðunni er að finna lista með algengum atriðum sem framteljandi getur þurft að bæta inn á framtalið. Það sem helst getur þurft að bæta við eru upplýsingar um verktakagreiðslur, fasteignaviðskipti, tekjur erlendis, leigutekjur eða viðskipti með hlutabréf og verðbréf. Einnig getur þurft að sækja um lækun vegna framfærslu ungmennis/námsmanns eða vegna veikinda, slysa eða eignatjóns. Eigi ekkert af þessu við skoðar framteljandi næstu flipa þar sem er að finna viðeigandi upplýsingar og árituð gögn um tekjur, eignir og skuldir. Að lokum þarf framteljandi að staðfesta að framtalið sé rétt.

Þurfi ekki að bæta neinum upplýsingum inn á framtalið eða gera aðrar breytingar er nægjanlegt að skoða framtalið og staðfesta það. Þurfi hins vegar að gera breytingar þá opnast einfaldlega hið hefðbundna framtal.

Ekki er hægt að staðfesta einfaldaða framtalið án þess að opna alla flipana fyrst. Sé það reynt koma viðeigandi skilaboð. Er þetta gert til að tryggja að viðkomandi framteljandi sé búinn að skoða allar áritaðar upplýsingar áður en framtal er staðfest. Jafnframt birtast mjög áberandi skilaboð ef reynt er að loka einfaldaða framtalinu án þess að staðfesta það. Er þetta gert til að tryggja að enginn gleymi að skila framtalinu.

Framtalsskilum er ekki lokið!

Til að skila framtalinu þarftu að smella á hnappinn **Til baka í framtalsskil**. Á skilasiðunni þarf að nota rafræn skilríki eða síu inn veflykil til að staðfesta framtal.

Ef þú ætlar ekki að skila framtalinu núna smelltu þá á hnappinn **Áfram**.

[Til baka í framtalsskil](#) [Áfram](#)

Skilaboð sem birtast ef reynt er að loka einfaldaða framtalinu án þess að staðfesta það.

Líkt og áður sagði var árið 2010 í fyrsta skipti boðið upp á einfaldað skattframtal og fóru skilin fram úr björtustu vonum, en fimmti hver framteljandi sem skilaði inn framtali á vefnum skilaði einfölduðu framtali. Var þetta raunin þrátt fyrir miklar breytingar á skattalögum á árinu 2009. Í ár voru skil á einfölduðu skattframtali töluvert meiri en

í fyrra, eða 30% af vefskilum. Á næsta ári er stefnt að nokkrum breytingum á einfaldaða framtalinu sem munu stækka þann hóp sem stendur til boða einfaldað skattframtal. Má þar helst nefna að einstæðir foreldrar munu geta skilað einfölduðu framtali, hægt verður að skila leigumiða og barnaframtali, fylla út umsókn um lækun vegna framfærslu ungmennis/námsmanns, og setja inn almennar athugasemdir. Einnig verður kaupverð ökutækja sem keypt eru á þessu ári í fyrsta sinn áritað á skattframtöl á næsta ári. Jafnframt munu ýmis atriði verða gerð aðgengilegri í einfaldaða framtalinu en verið hefur. Hér er átt við afrit

af framtali fyrra árs, staðgreiðslufirlit og bráðabirgðaútreikning.

Að lokum má geta þess að til stendur að útbúa einfaldaðar rafrænar útgáfur bæði af bráðabirgðaútreikningi og álagningarseðli fyrir næstu framtalstörn. Má með sanni segja að í dag séu þessi form óþarflega flókin eða ruglingsleg, en töluvert


ber á því að viðskiptavinir okkar eigi í erfiðleikum með að skilja þau, og eru jafnvel ekki vissir hvort þeir skuldi eitthvað eða eigi inni. Ætlunin er að útbúa einfaldari form þar sem sérstaklega eru dregin fram þau atriði sem skipta flesta viðskiptavini ríkisskattstjóra máli.



Hugmyndasmiðir að einfölduðu framtali voru þeir Ævar Ísberg, Jóhannes Jónsson, Karl Óskar Magnússon og Haraldur Hansson. Ævar annaðist framleiðslustjórn hugbúnaðar en Brigitte M. Jónsson sá um gagnagrunna og ýmsa aðra tæknilega vinnslu.

Niðurstöður álagningar 2011

Ríkisskattstjóri lauk við að leggja skatta á tekjur og eignir einstaklinga í lok júlí sl. Í stuttu máli má segja að framtölin sýni svipaða mynd af tekjum og eignum landsmanna og í fyrra, en þá urðu ákveðin tímamót og alger umskipti frá vexti síðastliðins áratugar.



Páll Kolbeins

Framteljendum á skattgrunnskrá fækkar og skattstofnar dragast saman

Framteljendum á skattgrunnskrá fækkaði nú annað árið í röð en þó mun minna en árið á undan. Hér skiptir mestu að þúsundir erlendra ríkisborgara hafa yfirgefið landið. Fyrir ári vógu atvinnuleysisbætur og greiðslur úr séreignarsjóðum upp á móti lægri launum. Nú hækkuðu laun og starfstengdar greiðslur á meðan greiðslur úr lífeyrissjóðum lækkuðu. Tekjuskattstofn lækkaði nú í fyrsta skipti á milli ára. Þá lækkuðu fjármagnstekjur þriðja árið í röð og meira en sést hefur hingað til. Þær hafa ekki verið svona litlar í mörg ár og voru nú aðeins brot af því sem þær voru fyrir fáeinum árum. Það er ekki aðeins að tekjur hafi lækkað heldur lækkaði matsverð eigna og skulda landsmanna nú í fyrsta skipti. Samanlagt eigið fé rýrnaði því þriðja árið í röð. Undanfarin þrjú ár hafa skuldir aukist meira en eignir en nú rýrnuðu eignir í fyrsta skipti meira en skuldir.

Tekjuskattar lækkuðu nú á milli ára og þá var einnig lagt á færri framteljendur. Í fyrsta skipti var lagður á margþrepa tekjuskattur. Almennur tekjuskattur hækkaði því þrátt fyrir að skattstofninn hafi rýrnað og færri greitt skatt. Útsvar og fjármagnstekjuskattur lækkuðu hins vegar, og þá sérstaklega fjármagnstekjuskattur sem lækkaði um 35,5% á milli ára þrátt fyrir að skatthlutfallið hafi verið hækkað úr 10% í 15% á miðju ári 2009 og í 18% við álagningu nú. Fjármagnstekjuskattur var lagður á mun færri

framteljendur en í fyrra en hér munar um að enginn skattur var lagður á vaxtatekjur undir 100 þúsundum. Þrátt fyrir að eignir hafi rýrnað og skuldir aukist hækkaði auðlegðarskattur nú mikið frá álagningu í fyrra. Skatthlutfallið var hækkað úr 1,25% í 1,5% og eignamörk lækkuð. Skatturinn er nú tvískiptur. Viðbótarauðlegðarskattur sem var lagður á muninn á nafnverði og raunvirði hlutabréfaeignar í árslok 2009 skilaði 1,8 milljörðum, en skatturinn var nú lagður á í fyrsta skipti. Viðbótarauðlegðarskattur er lagður á mismuninn ári seinna en nafnverðið þegar ársreikningar fyrirtækja liggja fyrir.

”

Tekjuskattar lækkuðu nú á milli ára og þá var einnig lagt á færri framteljendur. Í fyrsta skipti var lagður á margþrepa tekjuskattur. Almennur tekjuskattur hækkaði því þrátt fyrir að skattstofninn hafi rýrnað og færri greitt skatt

Loks hækkuðu bætur mikið en þar munar mest um sérstaka niðurgreiðslu vaxta. Ríkisskattstjóri reiknaði 102.652 gjaldendum sérstaka vaxtaniðurgreiðslu. Barnabætur lækkuðu hins vegar og færri foreldrum voru reiknaðar bætur. Viðbót vegna barna yngri en sjö ára var skert og skerðing bóta með einu barni var hækkuð úr 2% í 3%. Vaxtatekjur komu einnig inn í tekjustofn til skerðingar. Hér á eftir verður farið nánar í gegnum það helsta sem telja má markvert við niðurstöður álagningar árið 2011.

Færri erlendir ríkisborgarar

Á síðustu tveimur árum hefur framteljendum fækkað nokkuð eftir mikla fjölgun árin þar á undan. Á tíunda áratug síðustu aldar fjölgaði framteljendum á skattgrunnskrá um rúmt eitt prósent á ári, sem lætur nærri að vera náttúruleg fjölgun þjóðarinnar. Frá árinu 2003 tók að fjölga mjög hratt á grunnskrá þegar útlendingar fóru í vaxandi mæli að flytja til landsins. Framteljendum fjölgaði um 12.567 á árinu 2006, eða um 5,2%, og 10.855 á árinu 2007, eða 4,3%. Hins vegar fækkaði um 6.058 á grunnskrá á milli áruna 2009 og 2010, eða 2,3%, og nú aftur um 0,3% á milli áruna 2010 og 2011. Nú eru framteljendur á skattgrunnskrá 672 færri en við álagningu í fyrra.

Við upphaf síðasta áratugar voru tæplega sex þúsund erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá hér á landi. Flestir urðu þeir 32.083 við álagningu árið 2009, þ.e. árið 2008. Við álagningu 2010 hafði þeim hins vegar fækkað um 8.043. Við álagningu 2011 voru 2.177 færri erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá en fyrir ári. Á móti kemur að Íslendingum á skattgrunnskrá hefur fjölgað. Þannig voru 6.034 fleiri framtalsskyldir álagningarárið 2011 en við álagningu 2009.

Tekjur minnka annað árið í röð

Framan af síðasta áratugi hækkuðu skattskyldar tekjur landsmanna ár frá ári. Þá jókst vægi fjármagnstekna einnig hröðum skrefum. Árið 2008 voru fjármagnstekjur orðnar um 24,6% skattskyldra tekna. Skattskyldar tekjur hafa hins vegar lækkað nokkuð síðastliðin tvö ár sem skýrist aðallega af mikilli lækkun fjármagnstekna.

Skattskyldar tekjur landsmanna voru nú 878,7 milljarðar en þar af voru fjármagnstekjur tæpir 66,3 milljarðar, eða 7,5%. Mikið hefur því dregið úr vægi fjármagnstekna og hafa þær ekki verið jafn lágur síðan árið 2004, en þá voru þær rúmir

63,8 milljarðar. Landsmenn töldu nú fram tæpum 76,9 milljörðum minna í skattskyldar tekjur en í fyrra. Þetta er lækun um 8% á milli ára. Hér munar mestu um að fjármagnstekjur voru nú tæpum 73 milljörðum lægri en skv. framtölum fyrir ári. Þá höfðu þær reyndar lækkað um rúma 55 milljarða frá árinu áður.

Tekjuskattsstofn var nú 812,4 milljarðar, eða tæpum 3,9 milljörðum lægri en við álagningu í fyrra. Hann lækkaði um 0,5% á milli ára. Þetta er í fyrsta skipti sem tekjuskattsstofn lækkar á hlaupandi verðlagi frá árinu áður. Stofninn samanstendur að stærstum hluta af launum og hlunnindum að viðbættu reiknuðu endurgjaldi og hagnaði einstaklinga með rekstur. Við þetta leggjast greiðslur frá lífeyrissjóðum, greiðslur frá Tryggingastofnun, atvinnuleysisbætur og aðrar skattskyldar tekjur.

Launagreiðslur hækka nú á milli ára

Í fyrra lækkuðu launagreiðslur um rúma 38,2 milljarða frá árinu áður, en það var þá í fyrsta skipti sem launagreiðslur höfðu lækkað á milli ára. Þessi lækun var veginn upp af greiðslum úr séreignarsjóðum og atvinnuleysisbótum þannig að þegar upp var staðið hækkaði tekjuskattsstofn þrjátíu fyrir að samanlagðar launagreiðslur landsmanna væru 5,8% lægri. Laun og hlunnindi voru nú tæpir 635,8 milljarðar og hækkuðu um 11,7 milljarða á milli ára, eða 1,9%. Á móti kemur að greiðslur úr séreignarsjóðum lækkuðu. Hér eru allar greiðslur á verðlagi hvers árs. Á síðustu tveimur árum hefur samsetning tekjuskattsstofns því breyst nokkuð. Laun hafa minnkað en aðrar greiðslur, greiðslur úr séreignarsjóðum og atvinnuleysisbætur hafa hækkað. Álagningarárið 2004 voru laun og aðrar starfstengdar greiðslur um 87,7% tekjuskattsstofns. Nú voru launagreiðslur um 83% tekjuskattsstofns.

Dagpeningar og ökutækjastyrkur



Að félagslegri aðstoð sveitarfélaga undanskilinni hækkuðu dagpeningar tiltölulega mest einstakra tekjupósta tekjuskattsstofns. Fleiri töldu líka fram dagpeninga, þ.e. 21.461 einstaklingur, 1.256 fleiri en í fyrra. Greiddir dagpeningar voru 8.911 milljónir, 725 milljónum hærri en í fyrra. Þetta segir þó ekki alla söguna því að frádráttur á móti dagpeningum hækkaði nokkurn veginn til samræmis við hækun dagpeninga, um 799 milljónir, eða 10,1%. Fráðreginn kostnaður á móti dagpeningum var nú




8,7 milljarðar og því var aðeins reiknaður tekjuskattur af 196 milljónum. Þegar tekið hefur verið tillit til frádráttar lækkuðu skattskyldir dagpeningar um 75 milljónir á milli ára en í fyrra var reiknaður skattur af 270 milljónum.

Sömu sögu er að segja af ökutækjastyrk, sem hækkaði um 96 milljónir á sama tíma og fráðreginn kostnaður á móti ökutækjastyrk hækkaði um 268 milljónir. Skattstofn vegna ökutækjastyrks lækkaði því um 172 milljónir. Nú töldu 33.932 einstaklingar samtals fram rúma 8,2 milljarða í ökutækjastyrk.

Reiknað endurgjald og hreinn hagnaður

Einstaklingar sem reka fyrirtæki á eigin kennitölu eiga að reikna sér endurgjald. Eftir að einkahlutafélög komu til sögunnar hafa sífellt fleiri séð sér hag í því að stofna félag um reksturinn. Þeim sem reikna sér endurgjald hefur því fækkað stöðugt undanfarin ár. Við álagningu nú varð engin breyting á þessari þróun og þeir sem reiknuðu sér endurgjald voru 330 færri en fyrir ári. Nú reiknuðu 15.815 einstaklingar sér 14,9 milljarða endurgjald. Til samanburðar reiknuðu 22.380 einstaklingar sér





tæpa 17,9 milljarða í endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur árið 2002. Fyrirtæki einstaklinga sem reikna sér endurgjald skiluðu 6,4 milljörðum í hagnað, 233 milljónum minna en fyrir ári. Hagnaður var af rekstri 12.435 fyrirtækja sem rekin voru á kennitölu eiganda, 32 færri en í fyrra. Til samanburðar þá voru hreinar tekjur 8,8 milljarðar árið 2002 en þá var hagnaður af 15.630 fyrirtækjum sem rekin voru á kennitölu eiganda. Í ljósi þess hve þeim sem reka fyrirtæki í eigin nafni hefur fækkað er athyglisvert að skoða hvað umfang einstaklingsrekstrar hefur minnkað saman borið við tekjuskattsstofn. Reiknað endurgjald og hreinar tekjur voru um 6,1% af tekjuskattsstofni árið 2002, en nú voru þessar tekjur um 2,6% af tekjuskattsstofni. Það má reikna með því að eitthvað af þeim hagnaði sem áður var skattlagður sem tekjur einstaklings sé nú skattlagður sem hagnaður fyrirtækis.

Félagslegar bætur hækka

Af öðrum liðum tekjuskattsstofns voru greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins sá einstaki tekjuliður sem hækkaði mest á milli framtalsáranna 2010 og 2011. Landsmenn töldu fram rúma 50,3 milljarða í bætur frá Tryggingastofnun, eða tæpum 1,7 milljörðum meira en árið áður. Bætur hækkuðu um 3,5% á milli ára. Hins vegar fækkaði þeim sem töldu fram tryggingabætur um 2.282 á milli ára. Nú töldu 44.404 fram greiðslur frá Tryggingastofnun.

Það vekur athygli að félagsleg aðstoð sveitarfélaga hækkaði mest einstakra tekjuliða þegar horft er til tiltölu, eða um 31,2% á milli ára. Sveitarfélögin greiddu rúma 2,4 milljarða í félagslega aðstoð, húsaleigubætur og styrki árið 2010, 568 milljónum meira en árið áður. Þá fengu 880 fleiri aðstoð frá sveitarfélögum en árið áður, eða 5.158 manns. Frá framtali 2009 hafa þessar greiðslur hækkað mikið og fleiri þiggja bætur.

Félagsleg aðstoð sveitarfélaga er þó aðeins brot af því sem Vinnumálastofnun greiðir þeim sem misst hafa vinnuna. Framan af síðasta áratugi var atvinnuleysi hér fremur lítið en árið 2008 urðu alger umskipti. Á árunum 2008 til 2009 fjölgaði þeim gríðarlega sem leituðu til Vinnumálastofnunar. Sem dæmi má nefna að 4.560 einstaklingar töldu fram atvinnuleysisbætur vegna ársins 2007. Þeir voru 10.370 vegna ársins 2008 og 27.638 árið 2009. Vinnumálastofnun greiddi 25.118 einstaklingum atvinnuleysisbætur árið 2010, sem var 2.520 færri en árið áður. Atvinnuleysisbætur voru tæpir 19,4 milljarðar árið 2010,

eða 1.100 milljónum minna en 2009. Ef fyrri ár eru höfð til hliðsjónar eru atvinnuleysisbætur þó enn gríðarlega háar.

Lífeyrisgreiðslur enn háar


Síðustu tvö ár hafa margir tekið út séreignarsparnað. Greiðslur úr lífeyrissjóðum hækkuðu mikið þegar þeim sem orðnir voru 67 ára eða eldri var leyft að taka út allan séreignarlífeyrissparnað og öðrum allt að 110 þúsund kr. á mánuði. Íslendingar tóku 53,6 milljarða í lífeyri árið 2008, skv. framtölum ársins 2009. Ári síðar tóku þeir út tæpa 91,8 milljarða. Árið 2010 voru greiðslur úr lífeyrissjóðum 79,9 milljarðar, eða rúmum 11,9 milljörðum minna en árið áður. Greiðslur séreignarlífeyris vögu nú þungt í heildarlífeyrisgreiðslum.

Þeir sem orðnir voru 67 ára tóku út 5,6 milljarða árið 2010, tæpum 9,4 milljörðum minna en árið áður, en aðrir tóku út 15,9 milljarða, rúmum 5,1 milljarði minna en árið áður. Mun færri tóku út séreignarsparnað árið 2010 en árið áður. Þannig tóku 6.162 út séreignarsparnað, 4.092 færri en árið áður og 29.221 nýtt sér sérstaka heimild til að taka út séreignarsparnað, 9.963 færri en árið 2009. Sem fyrr segir máttu þeir sem voru orðnir 67 ára taka út allan séreignarsparnað sinn en það verður auðvitað ekki gert oftast en einu sinni. Þá hefur vafalaust gengið nokkuð á séreignarsparnað þeirra sem ekki voru orðnir 67 ára og hafa nýtt sér sérstaka heimild til að taka út sinn sparnað. Þó að greiðslur úr lífeyrissjóðum hafi lækkað nokkuð á milli ára eru þær enn mjög háar þegar árin fyrir hrunu eru höfð til hliðsjónar.

Það er ekki aðeins að menn hafi í auknum mæli tekið út séreignarsparnað heldur kjósa nú jafnframt færri að greiða viðbótarframlag í lífeyrissjóð. Framan af síðasta áratug greiddu sífellt fleiri hluta launa sinna í séreignarlífeyrissjóð. Árið 2008 greiddu 104.915 framteljendur frádráttarbært iðgjald í séreignarlífeyrissjóð og drógu þeir 2 til 4% af launum frá skattstofni þegar talið var fram ári síðar. Þá töldu 181.682 einstaklingar fram laun. Nú hefur þeim sem draga greiðslur í séreignarlífeyrissjóð frá skattstofni fækkað nokkuð. Í ár drógu 89.462 einstaklingar samanlagt rúma 12,8 milljarða frá skattstofni vegna greiðslna í séreignarsjóð. Framteljendum sem greiða í séreignarsjóði hefur því fækkað um 15.453 á þessum tíma.

Minna áætlað

Þegar þróun tekjuskattstofns og breytingar frá ári til árs eru skoðaðar þarf að hafa í huga að tekjur þeirra sem ekki skila framtali fyrir framtalsfrest eru áætlaðar



af ríkisskattstjóra. Sem fyrr segir lækkaði tekjuskattstofn nú um tæpa 3,9 milljarða á milli ára, en þar af er rúmur þriðjungur vegna lægri áætlana. Nú voru landsmönnum áætlaðir tæpir 36 milljarðar í vantaldar tekjur, eða rúmum 1,2 milljörðum minna en við álagningu í fyrra. Áætlanir voru því nær 3,3% lægri í ár en í fyrra. Hins vegar voru tekjur 1.119 fleiri

landi og einstaklingsrekstur var fluttur yfir í félög sem greiddu eigendum sínum arð. Nú hefur hins vegar orðið breyting á Söluhagnaður var nú aðeins rúmum helmingur þess sem hann var við álagningu í fyrra, lækkar um 46,1%, og var ekki nema brot af því sem hann var fyrir nokkrum árum. Árið 2008 töldu landsmenn fram 151,3 milljarða í söluhagnað. Nú var hann ekki nema 7,1 milljarður, eða tæpur tuttugasti partur af því sem hann var fyrir þremur árum. Árið 2000 var framtalinn söluhagnaður tæpir 7,6 milljarðar á verðlagi þess árs.

Mun færri töldu fram söluhagnað nú en undanfarin ár, 823 saman borið við 1.347 í fyrra. Árið 2008 töldu 11.512 fram söluhagnað af hlutabréfum. Hér er því um alger umskipti að ræða. Á gullaldarárum fjármálavafsturs græddu margir vel á sölu hlutafjár. Þá skapaðist oft hagnaður þegar verslað var með hlutabréf á markaði sem hækkaði frá degi til dags. Nú hafa eignamarkaðir fallið, lítill fjárfesting og því lítill hagnaður af sölu eigna.

Þó að söluhagnaður hafi lækkað umtalsvert á milli ára þá munar enn meira um hversu mjög arður og vextir hafa lækkað. Tekjur af arði voru nú 70,5% minni og tekjur af vöxtum 48,6% minni en á framtali í fyrra. Samtals lækkuðu þessar tekjur um 67,3 milljarða, arður um rúma 29 og vextir um tæpa 38,3 milljarða. Hér munar helst um vexti og verðbætur af innstæðum sem voru rúmum 39 milljörðum lægri en í fyrra. Vextir af verðbréfum hækka hins vegar um tæpa 1,8 milljarða, eða 17,9%. Mun fleiri telja fram slíka vexti nú en í fyrra, 41.970 saman borið við 11.051 í fyrra. Það má því ætla að margir hafi fjárfest í skuldabréfum á síðasta ári.

”

Það er ekki aðeins að menn hafi í auknum mæli tekið út séreignarsparnað heldur kjósa nú jafnframt færri að greiða viðbótarframlag í lífeyrissjóð. Framan af síðasta áratug greiddu sífellt fleiri hluta launa sinna í séreignarlífeyrissjóð

framteljenda áætlaðar, 10.190 saman borið við 9.071 árið 2010. Áætlanir byggja á fyrirbyggjandi gögnum um gjaldendur en það lítur út fyrir að ríkisskattstjóri hafi almennt áætlað þeim sem ekki skiluðu framtali lægri tekjur en við álagningu í fyrra.

Mun minni fjármagnstekjur

Sem fyrr segir hækkuðu fjármagnstekjur mikið síðastliðinn áratug. Söluhagnaður, arður og vextir hækkuðu mikið í kjölfar þess að fjármálamarkaðurinn þróaðist hér á

Skattskyldar tekjur einstaklinga

| Álagningarár (í milljónum króna) | Tekjur einstaklinga | | | | Breytingar '10-'11 | | Fjöldi framteljenda | | | | Breytingar '10-'11 | |
|--|---------------------|----------------|----------------|----------------|--------------------|---------------|---------------------|----------------|----------------|----------------|--------------------|--------------|
| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Milljónir kr. | % | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Fjöldi | % |
| Tekjuskattstofn | | | | | | | | | | | | |
| Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.: | | | | | | | | | | | | |
| Laun, starfst. gr. o.fl. | 609.338 | 662.289 | 624.103 | 635.771 | 11.669 | 1,9% | 176.414 | 181.682 | 177.284 | 176.149 | -1.135 | -0,6% |
| Bifreiðahlunnindi | 3.875 | 4.340 | 4.291 | 4.008 | -283 | -6,6% | 6.095 | 6.035 | 5.544 | 4.746 | -798 | -14,4% |
| Önnur hlunnindi | 6.749 | 1.087 | 1.463 | 941 | -522 | -35,7% | 14.443 | 13.487 | 11.621 | 11.317 | -304 | -2,6% |
| Ökutækjastyrkur | 7.459 | 8.681 | 8.107 | 8.203 | 96 | 1,2% | 37.700 | 38.293 | 34.264 | 33.932 | -332 | -1,0% |
| Dagpeningar | 7.034 | 8.136 | 8.186 | 8.911 | 725 | 8,9% | 28.703 | 26.835 | 20.205 | 21.461 | 1.256 | 6,2% |
| Reiknað endurgjald | 16.551 | 16.225 | 15.249 | 14.930 | -319 | -2,1% | 16.527 | 16.579 | 16.145 | 15.815 | -330 | -2,0% |
| Greiðslur frá Tryggingastofnun | 38.695 | 43.824 | 48.614 | 50.302 | 1.688 | 3,5% | 47.580 | 48.149 | 47.086 | 44.804 | -2.282 | -4,8% |
| Greiðslur úr lífeyrissjóðum | 46.280 | 53.627 | 91.776 | 79.865 | -11.911 | -13,0% | 42.728 | 43.195 | 42.613 | 42.960 | 347 | 0,8% |
| Greiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum | | 2.130 | 14.955 | 5.580 | -9.375 | -62,7% | | 2.061 | 10.254 | 6.162 | -4.092 | -39,9% |
| Sérstök útborgun séreignarsparnaðar | | | 20.971 | 15.857 | -5.114 | -24,4% | | | 39.184 | 29.221 | -9.963 | -25,4% |
| Aðrar tekjur | 6.068 | 5.488 | 6.620 | 6.701 | 81 | 1,2% | 37.083 | 42.109 | 44.364 | 47.689 | 3.325 | 7,5% |
| Húsaleigubætur, aðstoð og styrkir | 980 | 1.205 | 1.820 | 2.388 | 568 | 31,2% | 3.090 | 3.639 | 4.278 | 5.158 | 880 | 20,6% |
| Atvinnuleysisbætur | 1.745 | 3.699 | 20.520 | 19.373 | -1.147 | -5,6% | 4.560 | 10.370 | 27.638 | 25.118 | -2.520 | -9,1% |
| Styrkir vegna náms, vísindastarfa o.fl. | 1.264 | 1.345 | 1.469 | 1.376 | -93 | -6,3% | 18.694 | 18.375 | 20.552 | 16.414 | -4.138 | -20,1% |
| Tekjur erlendis frá | 228 | 338 | 607 | 490 | -116 | -19,2% | 204 | 218 | 265 | 247 | -18 | -6,8% |
| Tekjur látins maka | - | 43 | 5 | 7 | 3 | 51,1% | - | 17 | 5 | 7 | 2 | 40,0% |
| Bakfærður frádráttur v/hlutabréfakaupa | 2 | - | - | - | - | - | 1 | - | - | - | - | - |
| Samtals: | 735.645 | 804.900 | 827.075 | 828.317 | 1.242 | 0,2% | 218.666 | 225.123 | 226.946 | 227.259 | 313 | 0,1% |
| Hreinar tekjur af atvinnurekstri | 7.648 | 6.990 | 6.642 | 6.409 | -233 | -3,5% | 12.927 | 12.893 | 12.467 | 12.435 | -32 | -0,3% |
| Áætlun | | | | | | | | | | | | |
| Áætlaður tekjuskattstofn viðbót | 51.625 | 45.984 | 34.419 | 33.222 | -1.196 | -3,5% | 16.231 | 12.615 | 8.992 | 10.190 | 1.198 | 13,3% |
| Áætlað álag á tekjuskattstofn | 3.526 | 3.269 | 2.779 | 2.742 | -37 | -1,3% | 16.206 | 12.553 | 8.947 | 10.184 | 1.237 | 13,8% |
| Samtals: | 55.151 | 49.253 | 37.198 | 35.964 | -1.233 | -3,3% | 16.233 | 12.619 | 9.071 | 10.190 | 1.119 | 12,3% |
| Frádráttur frá launum o.fl. | | | | | | | | | | | | |
| Kostnaður á móti ökutækjastyrk | 4.669 | 5.511 | 5.478 | 5.747 | 268 | 4,9% | 32.004 | 32.207 | 29.272 | 30.799 | 1.527 | 5,2% |
| Frádráttur vegna dagpeninga | 6.399 | 7.827 | 7.916 | 8.715 | 799 | 10,1% | 24.740 | 26.577 | 20.007 | 21.361 | 1.354 | 6,8% |
| Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð | 24.054 | 26.379 | 25.543 | 25.987 | 444 | 1,7% | 178.101 | 182.862 | 182.585 | 181.927 | -658 | -0,4% |
| Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð, 4% | 12.941 | 14.230 | 12.682 | 12.823 | 140 | 1,1% | 102.847 | 104.915 | 95.497 | 89.462 | -6.035 | -6,3% |
| Frádráttur vegna náms og vísindastyrkja | 800 | 831 | 837 | 882 | 45 | 5,4% | 11.835 | 11.010 | 10.861 | 9.697 | -1.164 | -10,7% |
| Frádráttur vegna annarra styrkja | 484 | 524 | 493 | 779 | 286 | 58,1% | 5.355 | 5.455 | 4.796 | 9.697 | 4.901 | 102,2% |
| Frádráttur vegna viðhalds fasteigna | | | | 1.588 | | | | | | 18.116 | | |
| Samtals: | 49.630 | 55.301 | 52.949 | 56.521 | 3.572 | 6,7% | 179.232 | 184.103 | 183.746 | 187.876 | 4.130 | 2,2% |
| Lækkun skv. 66. gr. | 1.122 | 1.430 | 1.652 | 1.743 | 92 | 5,5% | 8.763 | 9.980 | 11.306 | 11.267 | -39 | -0,3% |
| Tekjuskatt- og útsvarstofn | | | | | | | | | | | | |
| Neikvæður | 747.986 | 804.419 | 816.321 | 812.448 | -3.873 | -0,5% | 234.927 | 237.686 | 235.976 | 237.450 | 1.474 | 0,6% |
| | 8 | 8 | 7 | 22 | 15 | 215,6% | 36 | 50 | 39 | 167 | 128 | 328,2% |
| Fjármagnstekjur | | | | | | | | | | | | |
| Arður og vextir af stofnsjóðsinneign | | | | | | | | | | | | |
| Arður af hlutabréfum | 41.820 | 48.856 | 34.678 | 11.809 | -22.869 | -65,9% | 42.631 | 37.317 | 5.725 | 5.408 | -317 | -5,5% |
| Arður af erlendum hlutabréfum | 2.130 | 3.564 | 6.524 | 340 | -6.185 | -94,8% | 580 | 891 | 256 | 166 | -90 | -35,2% |
| Samtals: | 43.950 | 52.420 | 41.202 | 12.149 | -29.053 | -70,5% | * | * | * | * | * | * |
| Vaxtatekjur | | | | | | | | | | | | |
| Vextir af innstæðum barna | 157 | 2.246 | 1.898 | 865 | -1.033 | -54,4% | 3.285 | 35.879 | 35.549 | 34.722 | -827 | -2,3% |
| Vextir af innstæðum í bönkum | 24.979 | 74.197 | 66.838 | 27.817 | -39.021 | -58,4% | 72.434 | 168.989 | 171.247 | 171.769 | 522 | 0,3% |
| Vextir af innlendum og erlendum verðbréfum | 19.510 | 32.979 | 10.009 | 11.800 | 1.790 | 17,9% | 19.052 | 15.985 | 11.051 | 41.970 | 30.919 | 279,8% |
| Vextir af útistandandi skuldum/verðbr. | - | - | - | - | * | * | - | - | - | - | * | * |
| Vextir af skattfrjálsum verðbréfum | - | - | - | - | * | * | - | - | - | - | * | * |
| Vextir af stofnsjóðsinneign | - | - | - | - | * | * | - | - | - | - | * | * |
| Samtals: | 44.646 | 109.422 | 78.745 | 40.482 | -38.263 | -48,6% | * | * | * | * | * | * |
| Leigutekjur | 4.338 | 5.358 | 6.084 | 6.520 | 436 | 7,2% | 6.464 | 7.061 | 6.491 | 6.963 | 472 | 7,3% |
| Söluhagnaður | | | | | | | | | | | | |
| Hagnaður af sölu hlutabréfa | 142.465 | 23.148 | 10.755 | 5.409 | -5.346 | -49,7% | 11.512 | 4.985 | 1.347 | 823 | -524 | -38,9% |
| Annar söluhagnaður | 8.846 | 4.095 | 2.484 | 1.728 | -756 | -30,4% | 1.375 | 913 | 670 | 467 | -203 | -30,3% |
| Samtals: | 151.312 | 27.243 | 13.239 | 7.138 | -6.102 | -46,1% | * | * | * | * | * | * |
| Fjármagnstekjur | 244.246 | 194.443 | 139.271 | 66.289 | -72.982 | -52,4% | | | | | | |
| Greiðendur fjármagnstekjuskatts | | | | | | | 98.738 | 184.626 | 182.699 | 46.768 | -135.931 | -74,4% |
| Skattskyldar tekjur samtals: | 992.232 | 998.862 | 955.592 | 878.737 | -76.855 | -8,0% | | | | | | |
| Fjöldi framteljenda á grunnskrá | | | | | | | 264.766 | 267.494 | 261.436 | 260.764 | -672 | -0,3% |

Fjármagnstekjur hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærri tekjur. Sameiginlegar fjármagnstekjur hjóna reiknast því sem tekjur þess maka sem hefur hærri tekjur. Skattar framteljenda sem hafa skilað ófullkomnu skattframtali eða hafa, vegna sérstakra aðstæðna, ekki verið reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra eru handreiknaðir af starfsmönnum ríkisskattstjóra. Skattstofnar þessara framteljenda eru ýmist ekki fyrirbyggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og er þeim því sleppt í töflunni hér að ofan. Skattar 15.340 framteljenda voru handreiknaðir í álagningu 2011. Upplýsingar byggja á skattframtölum einstaklinga og miðast þær við stöðu gagna strax að loknum framtalsskilum í júlí, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna kærumeðferðar og síðbúinna framtalsskila.

Opinber gjöld einstaklinga

| Álagningarár (í milljónum króna) | Álögð gjöld | | | | Breyting '10-'11 | | Fjöldi gjaldenda | | | | Breytingar '10-'11 | |
|---------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|------------------|--------------|------------------|---------|---------|---------|--------------------|--------|
| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Milljónir | % | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Fjöldi | % |
| Almennur tekjuskattur | 86.372 | 92.776 | 87.864 | 91.157 | 3.293 | 3,7% | 142.975 | 179.521 | 158.603 | 151.290 | -7.313 | -4,6% |
| Sérstakur tekjuskattur | | | | | | * | 14.589 | | | | | * |
| Fjármagnstekjuskattur | 25.255 | 19.741 | 15.704 | 10.128 | -5.577 | -35,5% | 74.436 | 184.626 | 182.699 | 46.768 | -135.931 | -74,4% |
| Tekjuskattar til ríkissjóðs alls | 111.627 | 112.516 | 103.568 | 101.285 | -2.284 | -2,2% | * | * | * | * | * | * |
| Útsvar | 101.944 | 108.745 | 110.200 | 109.715 | -485 | -0,4% | 218.163 | 257.020 | 250.070 | 249.771 | -299 | -0,1% |
| Tekjuskattar alls: | 213.571 | 221.262 | 213.768 | 211.000 | -2.768 | -1,3% | * | * | * | * | * | * |
| Auðlegðarskattur | - | - | 3.817 | 4.802 | 986 | 25,8% | | | 3.817 | 4.772 | 955 | 25,0% |
| Viðbótarauðlegðarskattur | - | - | - | 1.758 | 1.758 | * | | | | 3.388 | 3.388 | * |
| Eignarskattar alls | - | - | 3.817 | 6.560 | 2.743 | 71,9% | * | * | 3.817 | 4.772 | 955 | 25,0% |
| Gjald í framkv.sj. aldr. | 1.318 | 1.429 | 1.516 | 1.486 | -31 | -2,0% | 157.593 | 189.698 | 180.495 | 176.846 | -3.649 | -2,0% |
| Útvarpsgjald | - | 3.222 | 3.104 | 3.166 | 62 | 2,0% | | 187.340 | 180.459 | 176.853 | -3.606 | * |
| Önnur gjöld* | 270 | 330 | 320 | 304 | -16 | -5,0% | * | * | * | * | * | * |
| Tryggingagjald | 1.501 | 1.453 | 1.660 | 2.057 | 397 | 23,9% | 21.897 | 19.266 | 20.663 | 18.115 | -2.548 | -12,3% |
| Samtals gjöld á einstaklinga | 216.659 | 227.696 | 224.185 | 224.572 | 325 | 0,2% | * | * | * | * | * | * |
| -bætur sbr. neðangreint | 0 | 19.632 | 21.294 | 26.287 | 4.994 | 23,5% | * | * | * | * | * | * |
| Samtals gjöld - bætur | 216.659 | 208.064 | 202.891 | 198.285 | -4.606 | -2,3% | * | * | * | * | * | * |
| Bætur:** | | | | | | | | | | | | |
| Barnabætur | 8.383 | 9.616 | 9.951 | 7.992 | -1.958 | -19,7% | 55.123 | 69.129 | 69.827 | 55.991 | -13.836 | -19,8% |
| Vaxtabætur | 6.653 | 10.016 | 11.343 | 12.019 | 676 | 6,0% | 56.158 | 64.900 | 69.582 | 56.644 | -12.938 | -18,6% |
| Uppbót á eftirlaun | 421 | | | | | | | | | | | |
| Sérstök niðurgreiðsla vaxta | - | - | - | 6.276 | 6.276 | * | | | | 102.652 | 102.652 | * |
| Samtals bætur: | - | 19.632 | 21.294 | 26.287 | 4.994 | 23,5% | * | * | * | * | * | * |
| Skattaúvilnanir: | | | | | | | | | | | | |
| Sjómannaafsláttur, dagar, þús. | 1.343 | 1.278 | 1.326 | 1.316 | -10 | -0,8% | * | * | * | * | * | * |
| Sjómannaafsláttur | 1.109 | 1.105 | 1.297 | 1.286 | -11 | -0,9% | 7.464 | 5.736 | 5.720 | 5.771 | 51 | 0,9% |
| Frádráttur v. fjárfestingar í hlutab. | | | | | | | 5.518 | | | | | |
| Frádráttur vegna viðhalds fasteigna | | | | 1.588 | * | * | | | | 18.116 | * | * |
| Fjöldi á grunnskrá | | | | | | | 226.462 | 267.494 | 261.436 | 260.764 | -672 | -0,3% |

*Önnur gjöld eru slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

**Við álagningu opinberra gjalda 2002 voru framteljendum sem ekki skiluðu framtali ekki ætlaðar barnabætur og hefur sá háttur verið hafður á síðan.


Eignir og skuldir einstaklinga

| Álagningarár (í milljónum króna) | Eignir og skuldir | | | | Breytingar '10-'11 | | Fjöldi fjölskyldna | | | | Breytingar '10-'11 | |
|--------------------------------------|-------------------|------------------|------------------|------------------|--------------------|--------------|--------------------|---------|---------|---------|--------------------|--------|
| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Breyting | % | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Fjöldi | % |
| Hrein eign skv. efnahagsreikningi | 41.399 | 37.281 | 35.811 | 35.993 | 182 | 0,5% | 9.063 | 7.181 | 7.060 | 7.016 | -44 | -0,6% |
| Innlend og erlend verðbréf | 372.602 | 210.656 | 269.903 | 288.041 | 18.138 | 6,7% | - | 23.992 | 33.184 | 47.334 | 14.150 | 42,6% |
| Ökutæki | 184.812 | 196.045 | 185.329 | 176.721 | -8.609 | -4,6% | 92.304 | 106.097 | 105.525 | 104.357 | -1.168 | -1,1% |
| Hlutabréf | 82.269 | 77.953 | 68.140 | 50.563 | -17.578 | -25,8% | 52.420 | 51.722 | 50.644 | 40.817 | -9.827 | -19,4% |
| Hlutabréf í erlendum félögum | 23.424 | 16.495 | 12.628 | 12.899 | 272 | 2,2% | 6.013 | 4.891 | 4.743 | 4.563 | -180 | -3,8% |
| Innlendar innstæður. ofl. skv. sérl. | 265.341 | 635.019 | 616.094 | 533.122 | -82.972 | -13,5% | 54.161 | 168.693 | 171.003 | 171.697 | 694 | 0,4% |
| Innstæður í erlendum bönkum | 8.054 | 10.018 | 11.697 | 9.396 | -2.301 | -19,7% | 593 | 744 | 686 | 644 | -42 | -6,1% |
| Aðrar eignir | 19.882 | 28.431 | 28.851 | 29.093 | 242 | 0,8% | 12.119 | 22.442 | 22.677 | 22.597 | -80 | -0,4% |
| Áætluð nettó eign viðbót | - | - | 62.876 | 62.613 | -264 | * | 3.851 | - | 6.941 | 4.797 | - | - |
| Áætluð viðbót við stofn | - | - | 9.421 | 9.089 | -332 | * | 3.845 | - | 6.940 | 4.797 | - | - |
| Samtals: | 1.000.783 | 1.211.898 | 1.300.751 | 1.207.530 | -93.221 | -7,2% | * | * | * | * | * | * |
| Fasteignir | 2.377.197 | 2.436.145 | 2.491.852 | 2.248.290 | -243.563 | -9,8% | 88.198 | 97.188 | 96.516 | 95.168 | -1.348 | -1,4% |
| Eignir alls | 3.379.997 | 3.656.776 | 3.804.222 | 3.466.021 | -338.201 | -8,9% | 125.683 | 169.086 | 178.263 | 176.838 | -1.425 | -0,8% |
| Skuldir vegna íbúðarkaupna | 840.494 | 1.058.104 | 1.150.854 | 1.151.616 | 762 | 0,1% | 66.749 | 71.257 | 70.447 | 69.265 | -1.182 | -1,7% |
| Skuldir | 1.348.079 | 1.683.153 | 1.892.493 | 1.878.044 | -14.449 | -0,8% | 93.678 | 102.606 | 135.887 | 144.997 | 9.110 | 6,7% |
| Eignarskattstofn, jákvæður | 1.652.360 | 1.583.538 | 1.616.916 | 1.431.325 | -185.591 | -11,5% | 96.442 | 96.496 | 94.011 | 86.395 | -7.616 | -8,1% |
| Eignarskattstofn, neikvæður | 125.358 | 262.670 | 376.110 | 466.375 | 90.266 | 24,0% | 25.121 | 37.320 | 52.690 | 59.089 | 6.399 | 12,1% |

*Eignir hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram sameiginlega og því vísa fjöldatölur til fjölda fjölskyldna sem telja fram eignir en ekki til fjölda einstaklinga.

Skattar framteljenda sem hafa skilað ófullkomnu skattframtali, eða hafa vegna sérstakra aðstæðna ekki verið reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra, eru handreiknaðir af starfsmönnum ríkisskattstjóra. Skattstofnar þessara framteljenda eru ymist ekki fyrirbyggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og er þeim því sleppt í töflunni hér að ofan. Skattar 15.340 framteljenda voru handreiknaðir í álagningu 2011.

Upplýsingar byggja á skattframtölum einstaklinga og miðast þær við stöðu gagna strax að loknum framtalsskilum í júlí, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna kærumeðferðar og síðbúinna framtalsskila.



Tekjuskattar lækka

Tekjuskattar sem lagðir eru á tekjur landsmanna, tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur og útsvar, lækkuðu nú um rúma 2,8 milljarða á milli ára. Í fyrra voru tæpir 213,8 milljarðar lagðir á tekjur einstaklinga saman borið við 211 milljarða nú. Tekjuskattar lækkuðu því um 1,3% á milli ára. Hér er um alger umskipti að ræða frá því sem var framan af síðasta áratugi, en þá skiluðu ört vaxandi skattstofnar hærrí tekjum eftir því sem árin liðu. Það var ekki síst fjármagnstekjuskattur sem skilaði orðið miklum tekjum í ríkissjóð. Á milli árunna 2007 og 2008 hækkaði almennur tekjuskattur um tæpa 4,5 milljarða. Á sama tíma hækkaði fjármagnstekjuskattur um rúma 8,9 milljarða. Fjármagnstekjuskattur skilaði 25,3 milljörðum við álagningu árið 2008. Árið 2008 urðu þáttaskil og síðan hafa fjármagnstekjur minnkað frá ári til árs.

Almennur tekjuskattur er sá hluti tekjuskatts sem kemur í hlut ríkis eftir að ríkið hefur tryggt sveitarfélögum útsvar þeirra skattgreiðenda sem eru undir skattleysismörkum, eða greiða það lága skatta að þeir duga ekki fyrir útsvarinu sem er reiknað af tekjuskatts- og útsvarsstofni. Þó svo að tekjuskatts- og útsvarsstofn hafi lækkað lítillega frá því í fyrra þá hækkaði álagður tekjuskattur nú um tæpa 3,3 milljarða, sem skýrist af því að nú hefur verið tekið upp margþrepa skattkerfi. Skatturinn skilaði nú tæpum 91,2 milljörðum til ríkisins.

Tekjuskattur hækkaði á sama tíma og færri báru skattinn. Tekjuskattur var lagður á 151.290 einstaklinga, 7.313 færri en í fyrra. Þeim sem greiða tekjuskatt fækkaði því um 4,6% á sama tíma og skatturinn hækkaði um 3,7%. Tekjuskattur var lagður á 178.270 manns árið 2008 og hefur þeim sem greiða

tekjuskatt því fækkað um 26.980 frá þeim tíma. Þá var útsvar lagt á 255.777 árið 2008 og þannig var lagður tekjuskattur á nær 70% þeirra sem öfluðu tekna hér á landi. Nú var lagt útsvar á 249.771 gjaldanda og því var tekjuskattur lagður á 60,6% þeirra sem öfluðu tekna. Til að fyrirbyggja misskilning er rétt að taka fram að tekjuskattur er lagður

”

Þó svo að tekjuskatts- og útsvarsstofn hafi lækkað lítillega frá því í fyrra þá hækkaði álagður tekjuskattur nú um tæpa 3,3 milljarða, sem skýrist af því að nú hefur verið tekið upp margþrepa skattkerfi. Skatturinn skilaði nú tæpum 91,2 milljörðum til ríkisins

á þá gjaldendur sem fullnýta persónuafslátt á móti tekjuskatti. Því er ekki verið að fjalla hér um þá framteljendur sem eru yfir skattleysismörkum heldur þá sem greiða tekjuskatt til ríkis. Þegar gjaldandi er kominn yfir skattleysismörk byrjar hann á að greiða útsvarið, og það er ekki fyrr en að greiðslan dugar fyrir útsvarinu sem ríkið fær eitthvað í sinn hlut af tekjuskatti og útsvari.

Tekjuskattur og útsvar er lagt í einu lagi á sama skattstofninn í staðgreiðslu og álagningu en þó er hér í raun um tvo

aðskilda skatta að ræða. Tekjuskattur, sem er hlutur ríkisins í skattinum, var 24,1% á tekjur undir 2,4 milljónum, 27% á tekjur frá 2,4 milljónum að 7,8 milljónum, og 33% á tekjur umfram það. Þessu til viðbótar er lagt útsvar á allan tekjuskattstofninn, óháð upphæð, sem rennur til sveitarfélaganna. Árið 2010 var útsvar í staðgreiðslu 11,24% til 13,28%. Á móti tekjuskatti mátti nýta persónuafslátt sem var 530.466 krónur við álagningu nú. Ríkið ber þannig kostnað af útsvari þeirra sem nýta persónuafslátt til að greiða útsvarið. Það sem ekki var nýtt á móti tekjuskatti gat fólk nýtt til að greiða útsvarið. Tekjuskattur var því aðeins lagður á þá gjaldendur sem fullnýttu persónuafslátt til greiðslu tekjuskatts, þ.e. einhleypinga sem voru með meira en 2.201.104 kr. í tekjuskattstofn. Skattleysismörk voru hins vegar talsvert lægri eða 1.425.218 kr.

Útsvar lækkaði nú lítillega frá því í fyrra. Sem fyrr segir er útsvar flatur skattur sem er lagður á tekjuskatts- og útsvarsstofn. Útsvarið hélt óbreytt á milli ára og hækkaði því nokkurn veginn í samræmi við hækkun tekjuskattstofns. Nú var útsvar 109,7 milljarðar, 485 milljónum hærra en við álagningu í fyrra. Útsvarið lækkaði um 0,4% á sama tíma og tekjuskattstofn lækkaði um 0,5%. Munurinn skýrist af sköttum þeirra framteljenda sem ekki eru reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra heldur handreiknaðir. Stofnar þeirra liggja ekki fyrir og því er þeim sleppt í tölfræði um skattstofna. Skattar þeirra eru hins vegar taldir með í upplýsingum um álögd gjöld.

Sem fyrr segir lækkuðu tekjuskattur og útsvar minna en skattstofninn en af því leiðir að meðalskattbyrði vegna tekjuskatts hækkaði. Meðalskattbyrði hækkaði um hálf prósentustig milli ára, eða úr 10,5% í 11%, sem er 4,5% hækkun. Meðalútsvar var óbreytt, 13,1%. Meðalskattbyrði hækkaði því að jafnaði um 2,1% milli ára, úr 23,6% í 24,1%.

Fjármagnstekjuskattur

Sem fyrr segir hækkuðu fjármagnstekjur mikið í upphafi síðasta áratugar með auknum fjármálaumsvifum hér á landi. Frá árinu 2008 hefur skatturinn hins vegar skilað minni tekjum enda hafa fjármagnstekjur farið hríðlækkandi. Lengst af, eða allt frá árinu 1998, var lagður 10% skattur á allar fjármagnstekjur, en nú hefur fjármagnstekjuskatti verið breytt þannig að 18% skattur er lagður á vexti, arð, söluhagnað og leigutekjur. Einhleypingar þurftu hins vegar ekki að greiða skatt af vaxtatekjum sem voru




minni en 100 þúsund kr. og hjón máttu vera með 200 þúsund kr. í vaxtatekjur án þess að þurfa að greiða af þeim skatt. Þá voru 30% leigutekna af íbúðarhúsnæði undanþeginn skatti. Þessar breytingar hafa leitt til þess að á sama tíma og fjármagnstekjur lækkuðu um 52% á ári lækkaði skatturinn ekki um nema 35,5%. Það lítur út fyrir að tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti hafi lækkað um 5,6 milljarða á milli ára.



Eignir og skuldir lækka

Það sætir tíðindum að eignir og skuldir lækkuðu nú í fyrsta skipti. Í gegnum tíðina hefur matsverð eigna hækkað ár frá ári. Á móti hafa skuldir einnig aukist. Framan af fylgdi skuldaaukningin eignaukningunni, en um miðjan síðasta áratug fóru skuldir að aukast hraðar en eignir, en þó aldrei meira en eignir. Þannig myndaðist eigið fé þrátt fyrir að hlutfall skulda af eignunum hækkaði ár frá ári. Á milli framtalsáranna 2008 og 2009 varð hins vegar breyting á. Skuldir hækkuðu þá í fyrsta skipti meira en eignir og eigið fé rýrnaði. Í fyrra var þessu eins farið, eigið fé rýrnaði þrátt fyrir að matsverð eigna hækkaði. Nú lækkuðu skuldir einstaklinga í fyrsta skipti milli ára. Matsverð eigna lækkaði hins vegar meira en skuldirnar og því rýrnaði eigið fé enn.

Landsmenn töldu nú fram 3.466 milljarða í eignir á framtali, sem er 338,2 milljörðum minna en í fyrra. Eignir rýrnðu því um 8,9% á milli ára. Landsmenn skulduðu hins vegar 1.878 milljarða í árslok árið 2010, rúmum 14,4 milljörðum minna en þeir gerðu ári fyrr. Skuldir lækkuðu um 0,8% á milli ára. Samanlagðar eignir landsmanna umfram skuldir, þ.e. eigið fé, lækkuðu því um 323,8 milljarða.

Þá er merkilegt að nú töldu 9.110 fleiri fjölskyldur fram skuldir á meðan færri fjölskyldur töldu fram eignir. Fjölskyldur sem töldu fram skuldir voru um 6,7% fleiri en árið áður. Fjölskyldur sem töldu fram eignir voru hins vegar 1.425 færri en í fyrra og hefur þeim fækkað um 0,8% á milli ára. Nú voru 7.616 færri fjölskyldur með jákvæðan eignarskattsstofn en í fyrra. Fjölskyldur sem eiga meira en þær skulda hefur fækkað um 8,1% á milli ára. Þeim sem voru með neikvæðan eignarskattsstofn fjölgaði hins vegar um 6.399, eða 12,1%. Á undanföllum árum hefur fjölskyldur sem skulda meira en þær eiga fjölgað nokkuð. Ef framtal ársins 2008 er haft til hliðsjónar sést að þá voru 28.060 fjölskyldur með neikvæðan eignarskattsstofn, eða 15,6% fjölskyldna í landinu. Þessar fjölskyldur skulduðu 125,4 milljarða umfram eignir. Nú voru 32,6% fjölskyldna með neikvæða eignastöðu og skulduðu þær





466,4 milljarða umfram eignir. Þá fækkaði þeim fjölskyldum sem voru með jákvæða eignastöðu. Árið 2008 voru 105.160 fjölskyldur með jákvæða eignastöðu. Nú voru þær 86.395, eða 18.765 færri en fyrir fjórum árum. Árið 2008 voru eignir metnar á 1.652,4 milljarða umfram skuldir. Nú voru eignir umfram skuldir metnar á 1.431,3 milljarða á verðlagi hvers árs.

Þegar rætt er um eignir og skuldir einstaklinga er rétt að hafa í huga að bróðurpartur eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum. Verðmæti fasteigna byggir á fasteignamatsverði sem á að endurspeglar markaðsverð og er ákveðið af Þjóðskrár Íslands. Kaup og sala á til þess að

gera fáum fasteignum geta því haft mikil áhrif á eignastöðu landsmanna. Matsverð fasteigna lækkaði nú um 9,8% á milli ára, eða um tæpa 243,6 milljarða. Alls voru fasteignir metnar á 2.248,3 milljarða í árslok 2010.

Sömu sögu er að segja af matsverði bifreiðaflotans. Hér er ekki um eiginlegt verð að ræða heldur skattalegt verðmæti sem er reiknað út frá aldri og tegund bifreiðar. Bifreiðafloti landsmanna féll nokkuð í verði árið 2010 og er þetta annað árið í röð sem bifreiðaeign landsmanna rýrnaði á milli ára. Ökutæki voru metin á rúma 176,7 milljarða í árslok 2010 sem er 8,6 milljörðum minna en á sama tíma

2009 og var lækking milli ára því 4,6%. Þeim sem eiga ökutæki hefur fækkað nokkuð, eða um 1.168 frá því fyrir ári.

Flestir eignaliðir, aðrir en fasteignir og ökutæki, lækkuðu einnig mikið frá því í fyrra. Innstæður á bankareikningum voru fyrst árið áttunda á skattframtöl ársins 2008. Augljóst er að vanhöld voru áður á að menn hirtu um að telja innstæður fram því á milli áruna 2008 og 2009 hækkuðu innstæður á framtölum um tæp 140%. Þá kom í ljós að hátt í 100 þúsund manns höfðu ekki talið fram innstæður á skattskýrslu eins og þó er skylt. Þá hefur óvissa tengd bankahruninu haustið 2008 sjálfsgaft haft eitthvað að segja. Innstæður á bankareikningum hafa lækkað nokkuð síðan þær voru fyrst árið áttunda á framtöl. Landsmenn áttu rúman 533,1 milljarð á innlendum bankareikningum í árslok 2010, tæpum 83 milljörðum minna en ári fyrr. Innstæður í erlendum bönkum lækkuðu um 2,3 milljarða, eða 19,7%. Bendir ýmislegt til þess að margir liggja með lausafé en óvenjumikið er um seðla í umferð nú.

Þá er ekki ólíklegt að lágir eða neikvæðir vextir á innlánsreikningum skýri það að einhverju leyti af hverju landsmenn áttu minna fé geymt á innlánsreikningum í árslok 2010 en ári fyrr. Þannig jókst verðbréfaeign landsmanna nokkuð á milli ára. Skuldabréf, hlutdeildarskírteini, víxlar og stofnfjáreign landsmanna jókst um rúman 18,1 milljarð, eða um 6,7%, og mun fleiri töldu fram innlend og erlend verðbréf en fyrir ári, 47.334 saman borið við 33.238 í fyrra. Það er athyglisvert að á sama tíma og 30.919 fleiri töldu fram vexti af verðbréfum fjölgaði þeim sem töldu fram verðbréf aðeins um 14.150.

Nafnverð hlutabréfa lækkaði frá álagningu í fyrra. Landsmenn áttu um 80,8 milljarða í innlendum og erlendum hlutabréfum í árslok árið 2009. Um síðustu áramót var hlutabréfaeign tæpir 63,5 milljarðar, 21,4% lægri en árið áður. Þeim sem töldu fram hlutabréf fækkaði um 9.827, eða 19,4%. Þetta er eftir öðru sem viðkemur markaði með hlutabréf á árinu 2010.

Nú lækkuðu skuldir í fyrsta skipti að nafnverði á milli ára. Stærstur hluti skulda einstaklinga var vegna kaupa á húsnæði en 69.265 einhleypingar og hjón skulduðu fasteignalán um síðustu áramót. Þessar skuldir hækkuðu nú á milli ára. Það eru fyrst og fremst aðrar skuldir sem lækkuðu um rúma 15,2 milljarða frá árslokum 2009 til loka árs 2010. Á undanförunum árum hafa aðrar skuldir en skuldir vegna húsnæðis-kaupa aukist mikið, en hér er um að ræða skuldir vegna bifreiðakaupa, hjólhýsa,

sumarbústaða, verðbréfa og ýmiskonar leik-tækja og ógreiddra krítarkortareikninga, eða með öðrum orðum allar aðrar skuldir en skuldir vegna kaupa eða byggingar íbúðar-húsnæðis til eigin nota. Aðrar skuldir voru um þriðjungur heildarskulda einstaklinga árið 2002 en 39,2% heildarskulda árið 2010. Þessar skuldir hafa því aukist hraðar en skuldir vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Þá er einnig eftirtektarvert að fleiri töldu fram aðrar skuldir nú en í fyrra, 143.624 saman borið við 133.716. Skuldir vegna íbúðarkaupna hækkuðu um 762 milljónir, eða 0,1%. Þeir sem töldu fram slíkar skuldir voru hins vegar 1.182 fleiri en í fyrra.

Auðlegðarskattur hækkar


Auðlegðarskattur var nú lagður á hreina eign einstaklinga í annað sinn. Þrátt fyrir að eignir, skuldir og eigið fé hafi lækkað þá hækkaði auðlegðarskattur nú á milli ára. Skatturinn hækkaði um rúma 2,7 milljarða, eða 71,9%. Skatturinn, sem var nú 6,6 milljarðar, var lagður á 4.772 fjölskyldur. Hann er tvískiptur. Almenni skatturinn var nú 4,8 milljarðar og hækkaði hann um 25,8%, eða 986 milljónir frá því í fyrra. Viðbótarauðlegðarskattur, sem er lagður á muninn á nafnverði og raunvirði hluta-bréfaeignar í árslok 2009, var tæplega 1,8 milljarðar. Þessi mismunur er skattlagður ári seinna en nafnverðið. Viðbótin var lögð á 3.349 fjölskyldur. Í fyrra var 1,25% skattur lagður á eignir einhleypinga sem áttu meira en 90 milljónir í skuldlausar eignir og á eignir hjóna sem áttu meira en 120 milljónir. Nú var lagður 1,5% skattur á skuldlausar eignir einhleypinga sem áttu meira en 75 milljónir og hjóna sem áttu meira en 100 milljónir.

Vaxtagjöld lækka

Vaxtagjöld hafa haldist í hendur við hækkun skulda. Landsmenn greiddu 101,1 milljarð í vexti af lánnum árið 2010 en þar af voru 58,3 milljarðar vextir af fasteignalánnum. Vaxtagreiðslur voru tæpum 9,5 milljörðum lægri árið 2010 en árið áður. Hér munar um að vextir af öðrum lánnum en fasteignalánnum voru rúmum níu milljörðum, eða 17,5%, lægri en árið áður. Vextir af fasteignalánnum stóðu hins vegar nokkurn veginn í stað, eins og lánin, lækkuðu um 219 milljónir frá framtali 2010, sem er lækking um 0,4%. Vaxtagjöld af kaupleiguíbúðum hækkuðu um 195 milljónir á milli ára.

Bætur hækka mikið

Á sama tíma og vaxtagreiðslur lækkuðu þá hækkuðu vaxtabætur. Nú greiddi ríkið rúma



12 milljarða í vaxtabætur til þeirra sem voru að kaupa sér húsnæði til viðbótar við þá 6,3 milljarða sem voru greiddir út á vordögum 2011 í sérstaka vaxtaniðurgreiðslu. Ríkið mun því greiða samtals rúma 18,3 milljarða til að aðstoða einstaklinga við kaup á fasteignum á árinu 2011. Þeim sem fá vaxtabætur fækkaði hins vegar nokkuð, eða um 12.938 frá álagningu í fyrra, en þá eru ekki meðtaldir þeir 102.652 sem fengu sérstaka vaxtaniðurgreiðslu fyrr á árinu. Hámarks-vaxtabætur einstaklings voru nú hækkaðar úr 246.944 í 400.000, eða um 62%, og bætur hjóna voru hækkaðar úr 408.374 í 600.000 kr., eða um tæp 47%. Á móti hækkaði tekju-skerðing úr 6% í 8%. Skerðing vegna eigna var einnig aukin þannig að vaxtabætur einhleypinga féllu niður við 6,4 milljóna kr. eign í stað 11,4 milljóna áður, og bætur hjóna féllu niður við 10,4 milljóna kr. eign í stað 18,2 milljóna áður.

Barnabætur lækkuðu hins vegar um tæpa tvo milljarða frá álagningu í fyrra. Ríkið greiddi nú 55.991 foreldri tæpa átta milljarða í barnabætur. Í fyrra voru 69.827 foreldrum reiknaðir tæpir 10 milljarðar í bætur. Færri foreldrum voru reiknaðar barnabætur og fækkaði þeim um 13.836, eða 19,8% á milli ára. Bæturnar lækkuðu um 19,7%. Ástæðan fyrir þessari lækkingu á barnabótum er breytingar sem gerðar voru á barnabótakerfinu. Í fyrra fengu foreldrar 61.191 kr. greidda með hverju barni sem var yngri en sjö ára. Þessar greiðslur voru ekki tekjutengdar. Við álagningu nú var þessi hluti barnabóta hins vegar skertur um 3% af tekjum fyrir hvert barn. Þá voru aðrar barnabætur skertar um 3% af tekjum í ár

með fyrsta barni en ekki 2% eins og í fyrra. Loks var tekjuserðing nú reiknuð af vaxta-tekjum sem var ekki gert í fyrra.

Þrátt fyrir að barnabætur hafi nú lækkað talsvert þá hækkuðu bætur um nær fimm milljarða frá því í fyrra, eða 23,5%. Gjöld að frádregnum bótum lækkuðu um tæpa 6,4 milljarða, eða 3,1% á milli ára. Hér munar mest um sérstaka vaxtaniðurgreiðslu upp á 6,3 milljarða og tæplega 5,6 milljarða minni tekjur af fjármagnstekjuskatti. Um 11,8% þess sem lagt var á kom nú til greiðslu í formi bóta. Þetta hlutfall hefur farið hækkanði á undanföllum árum en var aðeins 6,3% árið 2007.

Að lokum

Það má segja að ákveðin þáttaskil hafi orðið við hrun fjármálakerfisins árið 2008. Áhrif hrunsins komu skýrt fram við álagningu árið 2010. Þá kom í ljós að tryggingagjaldstofn, eða launagreiðslur lögaðila í landinu, voru um hundrað milljörðum lægri 2009 en árið áður. Þetta var lækking um 11,5% að nafnvirði. Eins og þegar hefur komið fram hafa skattstofnar lækkað nokkuð frá árunum fyrir hrun. Fjármagnstekjur halda enn áfram að lækka. Menn geta þó spurt sig hversu eðlilegt ástandið var á þeim tíma þegar þúsundir flykkust til landsins og verðbréf voru seld með ofsagróða eða keypt fyrir lánsfé. Nú eru laun aftur farin að hækka, félagslegar bætur hafa lækkað lítillega og skuldir lækkað. Það er því ekki loku fyrir það skotið að vænta megi gjöfulli ára í náinni framtíð.

Úrskurðir



Jónína B.
Jónasdóttir

YSKN 39/2011

Frádráttur vegna dagpeninga

Í skattframtali kæranda var gerð grein fyrir launum frá A ehf. 1.800.000 kr. og dagpeningum 2.276.699 kr. Til frádráttar voru færðar 2.276.699 kr. og kom fram í greinargerð að um væri að ræða frádrátt á móti dagpeningum vegna þriggja utanlandsferða og dagpeninga innanlands að fjárhæð 1.726.900 kr. vegna gistingar og fæðis í 97 sólarhringa. Farið var fram á skýringar og gögn varðandi tilfærðan frádrátt á móti dagpeningum innanlands og gerð grein fyrir ákvæði 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagt var fyrir kæranda að gera grein fyrir tilgangi hvernar ferðar sem farin hefði verið innanlands á árinu og sýna fram á kostnað á móti fengnum dagpeningum með framlagningu reikninga vegna hótélkostnaðar/gistingar og fæðis vegna sérhverrar ferðar. Í svarbréfi kæranda kom fram að hann starfaði við kvikmyndatöku og framleiðslu heimildarmyndar fyrir A ehf., og væri oft fjarverandi frá heimili sínu við tökur og vinnslu í tengslum við þá vinnu. Í sundurliðun með bréfinu voru tilgreindar 18 ferðir innanlands og getið um verkefni sem unnið hefði verið að í þeim ferðum. Í úrskurði sínum tók ríkisskattstjóri fram að kærandi hefði ekki lagt fram umbeðnar nótur vegna gistingar/hótélkostnaðar eða fæðis. Þætti því ekki hafa verið sýnt fram á kostnað kæranda vegna gistingar, sbr. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, en fallist væri á frádrátt vegna heilsdagsfæðis í ferðum kæranda innanlands.

Í kæru til yfirséðanefndar var byggt á því að tilfærður frádráttur í skattskilum kæranda

uppfyllti fyllilega þau skilyrði sem sett hefðu verið varðandi dagpeningafrádrátt, enda hafi kærandi lagt fram gögn um tilefni ferða og fjölda dvalardaga. Ríkisskattstjóri hefði látið frádrátt vegna fæðis í ferðum innanlands standa óhreyfðan, og væri ekki dregið í efa í úrskurði ríkisskattstjóra að kærandi hafi tekist umræddar ferðir á hendur á vegum launagreiðanda, sbr. greindar skattmatsreglur. Var þannig ekki deilt um það að frádráttur á grundvelli 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003 kæmi til greina í tilviki kæranda, enda lagaskilyrði fyrir frádrættinum að öðru leyti uppfyllt. Ágreiningsefni málsins var því hvort frádráttarkrafa kæranda strandaði á því að kærandi hefði ekki lagt fram kostnaðargögn, en slík gögn höfðu ekki komið fram.



Almennt ber skattaðila að sýna fram á að um sé að ræða kostnað sem draga megi frá tekjum. Það heyrir því undir skattaðila að sýna fram á með gögnum, eða á annan hátt, að hann eigi rétt á frádrætti

Í úrskurði yfirséðanefndar kom fram að almennt ber skattaðila að sýna fram á að um sé að ræða kostnað sem draga megi frá tekjum. Það heyrir því undir skattaðila að sýna fram á með gögnum, eða á annan hátt, að hann eigi rétt á frádrætti samkvæmt 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, þar á meðal að hann hafi borið ferða- og dvalarkostnað. Kærandi hafði ekki lagt fram nein kostnaðargögn vegna umræddra ferða á vegum launagreiðanda eða gert grein fyrir dvalarkostnaði með öðrum viðhlítandi hætti. Kærandi þótti því ekki hafa sýnt fram á að hann hafi

borið slíkan kostnað og var því ekki talið að skilyrði fyrir dagpeningafrádrætti væru uppfyllt að því leyti. Með sömu rökum varð ekki talið að neitt hafi komið fram í málinu sem gæfi tilefni til að ætla að í greiðslum til kæranda frá vinnuveitanda hafi falist frekari endurgreiðsla útlagðs kostnaðar vegna starfs kæranda en ríkisskattstjóri hafði tekið tillit til, sbr. til hliðsjónar ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Kröfu um frekari frádrátt var hafnað.

Til sönnunar á frádrætti frá fengnum dagpeningum ber að leggja fram kostnaðargögn. Úrskurður yfirséðanefndar er í samræmi við skattframlagsgæmd.

YSKN 51/2011

Sumarhús í eigu ehf.

Skattstjóri felldi niður gjaldfærðan kostnað vegna sumarhúss í skattskilum kæranda sem var einkahlutafélag. Forsendur skattstjóra fyrir þessum breytingum voru þær að eins og notkun sumarhússins hefði verið háttáð, þ.e. til frístunda fyrir eigendur kæranda og fjölskyldur þeirra, gæti sumarhúsið ekki talist fyrnanleg eign í skilningi 33. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og kostnaður af rekstri þess væri þar af leiðandi ekki frádráttarþær rekstrarkostnaður samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. sömu laga. Benti skattstjóri m.a. á í því sambandi að sumarhúsið hefði ekki aflað kæranda neinna tekna.

Yfirséðanefnd tók fram að starfsemi kæranda þau ár sem málið varðaði hefði verið tvíþætt, starfræksla teiknistofu og útleiga atvinnuhúsnæðis. Ekki yrði séð að eignarhald eða útleiga á íbúðar- eða orlofshúsnæði hafi verið liður í starfsemi félagsins. Samkvæmt fram komnum skýringum kæranda yrði að leggja til grundvallar að umrætt húsnæði hafi fyrst og fremst verið notað sem sumarhús eigenda kæranda, enda fram komið af hálfu kæranda að við kaup félagsins á 50% hlut í húsinu á árinu 2000 hafi engin breyting orðið á notkun þess af hendi eigenda félagsins. Að þessu athuguðu

og virtri starfsemi kæranda yrði ekki talið að sumarhúsið gæti að neinu leyti talist fyrnanleg eign í skilningi 33. gr. laga nr. 90/2003. Þá yrði af sömu ástæðum ekki talið að kostnaður af rekstri sumarhússins væri frádráttarbær samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og ákvæði A-liðar 6. gr. og 1. másl. A-liðar 11. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, varðandi ófrádráttarbærni kostnaðar og fyrninga við slíkar aðstæður. Tilfallandi not sumarhússins vegna stjórnarfundu þættu engu breyta í þessu sambandi.

Kostnaður vegna sumarhúss er ekki talinn frádráttarbær hjá félagi. Úrskurður yfirséttanefndar er í samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 64-65/2011 Beiðni um samsköttun barst of seint

Skattframtal kæranda árið 2009 barst hinn 15. október 2009 eða eftir að framtalsfresti lögðila lauk. Ríkisskattstjóri tók hið innsenda skattframtal til meðferðar sem kæru. Í kærúrskurði féllst hann á að leggja skattframtalið til grundvallar álagningu opinberra gjalda kæranda í stað áætlaðra skattstofna með þeim breytingum sem leiddu af synjun hans um samsköttun félaganna. Í kærúrskurði kom fram að umsókn um samsköttun væri of seint fram komin, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, og væri henni því hafnað.

Yfirséttanefnd segir í úrskurði sínum að samkvæmt fortakslausi ákvæði 2. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, skuli umsókn um samsköttun lögð fram hjá skattstjóra (nú ríkisskattstjóra) eigi síðar en 30 dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að verði samskattað. Í athugasemdum með frumvarpi því sem setning þessarar lagaheimildar byggir á væri tilgangurinn með ákvæði þessu skýrður og sérstaklega tekið fram að berist umsókn eftir að fresturinn er liðinn verði ekki fallist á hana. Við skýringu ákvæðisins beri að hafa í huga að réttaráhrif samsköttunar félaga fela í sér veigamikil frávik frá almennum reglum laga nr. 90/2003, um skattlagningu félaga. Óumdeilt væri, sbr. kæru til yfirséttanefndar, að umsókn um samsköttun barst ekki innan lögmæltra tímamarka samkvæmt 2. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, þ.e. miðað við að umsóknarfresti lyki 30 dögum fyrir síðasta mögulegan skiladag skattframtala lögðila. Kröfu kæranda var hafnað.

Beiðni um samsköttun félaga skal hafa borist 30 dögum fyrir lok framtalsfrests.

YSKN 118/2011 Dagpeningar

M og K tilgreindu laun á framtali sínu frá S. ehf., auk dagpeninga og frádráttar sömu fjárhæðar. K var eigandi alls hlutfjár í S ehf. og voru kærundur einu starfsmenn félagsins. Félagið annaðist starfsemi á sviði landmælinga. Kærundur töldu að vinnustaður þeirra yrði að teljast landið allt. Þá kom fram að störf kæranda lytu að mælingum vegna gatna- og vegagerðar, útsetningar á háspennumöstrum, húsa og landamerkja, innmælingum á hvers konar lögnum og í raun öllu sem snerti mælingar. Samkvæmt dagpeningaskýrslum var um að ræða greiðslu dagpeninga vegna 272 ferðadaga í tilvikum M og vegna 173 ferðadaga í tilvikum K.

Í úrskurði yfirséttanefndar segir að þegar tilhögun á starfi kæranda, eins og henni er lýst í málinu, væri virt og sérstaklega haft í huga að umræddar ferðir kæranda væru ríkur og reglubundinn þáttur í starfi þeirra, sbr. tilgreindan fjölda ferðadaga, yrði ekki fallist á að um tilfallandi ferðir hafi verið að ræða þannig að frádráttur eftir reglum um dagpeninga kæmi til álitá.

Af hálfu kæranda hafi því ekki verið sérstaklega haldið fram að í umræddum greiðslum S ehf. hafi falist endurgreiðsla útlagðs kostnaðar vegna starfs kæranda, sbr. til hliðsjónar 7. gr. reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Þótt ætla megi, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um tilhögun á starfi kæranda, að svo hafi verið að einhverju marki þá sé veruleg óvissa um afmörkun hugsanlegs frádráttar, bæði varðandi endurgreiðslufjárhæð og kostnað, enda hafi kærundur engin gögn lagt fram um slíkan kostnað, sbr. bréf skattstjóra dags. 26. nóvember 2008, þar sem kærundur hafi verið gefinn kostur á því að leggja fram kostnaðargögn. Þá hafi engin skilmerkileg grein verið gerð fyrir tilhögun gistingar. Þóttu því ekki efni til þess, eins og skýringum kæranda var háttað og málið lá fyrir, að áætla kærendum frádrátt á framangreindum grundvelli.

Ferðir eru ríkur og reglubundinn þáttur í starfi. Ekki er fallist á frádrátt kostnaðar frá greiddum dagpeningum. Ekki var sýnt fram á að um endurgreiðdan útlagðan kostnað hefði verið að ræða.

YSKN 147/2011

Niðurfærsla viðskiptakrafna

Í skattframtali kæranda var færð til gjalda niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok að fjárhæð 106.451.998 kr. Skattstjóri tilkynnti kæranda með vísan til 1. og 3. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, um þá breytingu á skattframtali félagsins árið 2009 að tilfærð niðurfærsla viðskiptakrafna hefði verið felld niður og 25% álagi bætt við þá hækkun skattstofna félagsins umrætt gjaldár. Í bréfi skattstjóra kom fram að samkvæmt framlögðu yfirliti yfir niðurfærðar viðskiptakröfur væri að miklu leyti um að ræða fjárfestingar kæranda, sem væri eignarhaldsfélag, í ýmsum markaðsskuldabréfum fyrirtækja og sjóða og ríkisverðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, ríkisvixlum og skuldabréfum Seðlabanka Íslands.

Í úrskurði yfirséttanefndar segir: „Áður en hin umdeilda niðurfærsluheimild 3. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 5. tölul. 73. gr. sömu laga, var tekin upp með lögum nr. 40/1978 hafði við mat skattskyldra eigna um árabíl verið gerður skýr greinarmunur í skattalögum á verðbréfaeign annars vegar og útistandandi kröfum hins vegar, sbr. C-lið 20. gr. laga nr. 74/1921, um tekjuskatt og eignarskatt, og efnislega hliðstæð ákvæði í 19. gr. laga nr. 6/1935, 22. gr. laga nr. 70/1962, 22. gr. laga nr. 90/1965 og 22. gr. laga nr. 68/1971. Þegar niðurfærsluheimildin var rýmkuð með C-lið 4. gr. og A-lið 11. gr. laga nr. 122/1993 var ekkert hróflað við þessu, og eftir sem áður kveðið á um mat skuldabréfa og annarra slíkra verðbréfa til skattskyldra eigna í 1. mgr. 5. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. nú 5. tölul. 73. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 9. gr. laga nr. 166/2007. Þá kemur ekkert fram í tiltækum lögskýringargögnum með lögum nr. 122/1993 sem bendir til þess að ætlun löggjafans hafi verið sú að heimild til niðurfærslu lánveitinga gæti tekið til verðbréfa sem aflað hefði verið í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á verðbreytingum til lengri eða skemmri tíma. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 er greint á milli fjármálagerninga sem aflað hefur verið til endursölu annars vegar, og útlána og viðskiptakrafna viðkomandi félags sem ekki er fyrirhugað að versla með hins vegar, sbr. 1. mgr. og 1. tölul. 2. mgr. 36. gr. þeirra laga. Fyrir liggur að hin umþrætta gjaldfærsla í skattskilum kæranda árið 2009 fól í sér niðurfærslu á verði framseljanlegra verðbréfa, einkum skuldabréfa og víxla, sem almennt ganga kaupum og sölum á verðbréfamarkaði og er starfsemi

félagsins gagnert fólgin í eignarhaldi slíkra fjármálaafurða og viðskiptum með þær. Að framangreindu virtu verður ekki talið að í tilviki kæranda sé um að ræða „lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum“ í skilningi 3. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 8. og 9. málsl. 5. tölul. 73. gr. sömu laga. Með vísan til þess verður að hafna aðalkröfu kæranda í máli þessu.“
Álagsbeiting skattstjóra var staðfest.

Yfirsattanevnd féllst ekki á gjaldfærslu framseljanlegra verðbréfa, einkum skuldabréfa og víxla, sem almennt ganga kaupum og solum á verðbréfamarkaði. Taldi nefndin að ekki væri um að ræða „lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum“ í skilningi 3. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 8. og 9. málsl. 73. gr. sömu laga.

YSKN 148/2011

Greiðslur úr ehf. vegna stjórnarsetu, starfssamband

Deilt var um þá ákvörðun skattstjóra, samkvæmt hinum kærða úrskurði um endurákvörðun, að færa kæranda til tekna sem launatekjur, samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, greiðslur vegna stjórnarsetu kæranda í tilgreindum hlutafélögum. Byggði skattstjóri á því að greiðslur fyrir stjórnarstörf byggðust á starfssambandi milli stjórnarmanns og viðkomandi hlutafélags. Taldi skattstjóri því að umræddar greiðslur tilheyrðu kæranda persónulega og að skattleggja bæri þær hjá honum sem launatekjur.

Í úrskurði yfirsattanevndar segir að það sé ágreiningslaust að kærandi sat í stjórn umræddra hlutafélaga sem greiddu einkahlutafélagi hans þóknarir vegna starfa hans samkvæmt reikningum frá einkahlutafélagi hans. Meðal starfsskyldna stjórnarmanna í hlutafélögum sé að annast um að skipulag félags og að starfsemi þess sé jafnan í réttu og góðu horfi, m.a. með því að hafa eftirlit með daglegri stjórn félagsins, að taka ákvarðanir í málefnum þess og að koma fram út á við fyrir hönd félagsins, sbr. m.a. 68. og 74. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Yrði að ganga út frá því að kærandi hafi sinnt venjulegum verkefnum stjórnarmanns hjá félögum. Þá væri ekki ástæða til að draga í efa að auk stjórnarstarfanna hafi kærandi að einhverju leyti sinnt ráðgjöf í þágu félagsanna, þ.e. fjárfestingaráðgjöf. Í málinu nyti takmarkaðra gagna og skýringa við um umfang slíkrar ráðgjafarþjónustu kæranda, en fyrir lægi þó að hún var alfarið fólgin í þjónustu og vinnu kæranda sjálfs. Þegar litið væri til þess sem fram væri komið um eðli

greindrar ráðgjafarþjónustu kæranda í þágu þeirra hlutafélaga sem um ræddi, m.a. til þess að ekki hafi verið um sérgreind verkefni af neinum toga að ræða að því er séð yrði, heldur almenna ráðgjöf varðandi fjárfestingar og starfsemi og málefni félagsanna að öðru leyti, þætti ekkert benda til annars en að verkefni þessi hafi verið þáttur í störfum kæranda sem stjórnarmanns í félögum, sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 2/1995.

Með vísan til þess féllst yfirsattanevnd á að virða bæri samband kæranda og greindra félaga sem vinnusamning í skattalegu tilliti. Af því leiddi að þetta samband teldist hafa verið á milli kæranda sjálfs og félagsanna. Bæri því að virða umræddar greiðslur félagsanna sem persónulegar greiðslur til kæranda vegna starfa hans sem stjórnarmanns í félögum er væru skattskyldar í hendi hans sem launagreiðslur, sbr. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Stjórnarmið kæranda um að hann hafi afsalað sér tekjum þessum þættu ekki geta breytt framangreindri niðurstöðu um tilheyrslu teknanna. Þá yrði ekki talið að það geti haft þýðingu varðandi niðurstöðu málsins hvernig stjórnarseta kæranda í einstökum félögum var tilkomin, sbr. 63. gr. laga nr. 2/1995. Kröfum kæranda var því hafnað.

Greiðslur vegna stjórnarsetu launatekjur. Úrskurður yfirsattanevndar er í samræmi við skattfrákvæmd.

YSKN 155/2011

Sala báts úr einstaklingsrekstri til ehf., 1. mgr. 57. gr.

Kærufnið í máli þessu var sú ákvörðun að færa kæranda til skattskyldra tekna, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, söluhagnað vegna sölu bátsins S. Skattstjóri byggði á því að ekki hefðu verið uppfyllt skilyrði 56. gr. laga nr. 90/2003, um yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag, heldur hefði einungis báturinn S verið seldur út úr einstaklingsrekstri kæranda til einkahlutafélags í eigu hans, G ehf., sem stofnað hefði verið 31. janúar 2003. Í stofnsamningi félagsins kæmi fram að hlutafé væri „þegar greitt með bátnum S ...“. G ehf. var selt Ú ehf. rúmum þremur vikum síðar. Skattstjóri byggði á því að kæranda hefði persónulega borist kauptilboð Ú ehf. í bátinn hinn 29. janúar 2003. Þá kom fram í gögnum málsins að í stað bátsins keypti kærandi bátinn R hinn 28. febrúar 2003 ásamt kvóta, og gerði þann bát út fram á árið 2004 þegar hann hætti rekstri með öllu.

Yfirsattanevnd þótti ljóst með hliðsjón af stofnskjöllum G ehf., þar á meðal

kaupsamningi og afsali, dags. 31. janúar 2003, þar sem fram kæmi að kærandi seldi G ehf. bátinn ásamt veiðileyfi í sóknardagakerfinu, að einungis var um það að ræða að kærandi ráðstafaði bátnum ásamt veiðiréttindum út úr einstaklingsrekstri sínum til einkahlutafélagsins við stofnun þess, en ekki öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins, sbr. efnahagsreikning einstaklingsrekstrarins pr. 31. desember 2002. Skattframtal G ehf. árið 2004 staðfesti þetta, en ekki yrði séð að gögn þau sem um getur í D-lið 1. mgr. 56. gr. laga nr. 90/2003 lægju fyrir. Þá hefði kærandi keypt annan bát, R, í stað bátsins S og haldið rekstrinum áfram um nokkurt skeið. Taldi yfirsattanevnd það styðja enn frekar að kærandi hafi einungis skipt út bát sínum fyrir annan með greindum ráðstöfunum. Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga nr. 90/2003 væri áskilið að einkahlutafélag það sem stofnað væri í sambandi við yfirfærslu einstaklingsrekstrar í slíkt félag tæki við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins. Svo hefði ekki verið í þessu máli og þegar af þeirri ástæðu væru ekki uppfyllt skilyrði 56. gr. laga nr. 90/2003.

Þar með hefði ekki verið skorið úr um það hvort horfa bæri fram hjá ráðstöfun bátsins til G ehf. og líta svo á að kærandi hafi beint og milliliðalaust selt bátinn ásamt veiðiréttindum til Ú ehf. hinn 25. febrúar 2003, og þá fyrir 14.500.000 kr. Í málinu var gerð grein fyrir kauptilboði því sem Ú ehf. gerði kæranda persónulega í bátinn ásamt veiðileyfi hinn 29. janúar 2003, sem kærandi samþykkti með fyrirvara um stofnun einkahlutafélags um bátinn S vegna sölunnar að því er telja yrði. Ekki yrði annað ráðið en að með samþykki kauptilboðs þessa hafi komist á bindandi kaupsamningur milli Ú ehf. og kæranda persónulega um kaup útgerðarfélagsins á bátnum S. Öumdeilt væri að enginn rekstur hafi farið fram á vegum G ehf. frá stofnun félagsins hinn 31. janúar 2003 þar til kærandi afsalaði hlutafé sínu í félaginu að öllu leyti til Ú ehf. hinn 25. febrúar 2003. Með vísan til þess þótti ekki varahugavert að byggja á því að kærandi hafi selt bátinn ásamt veiðileyfi í sóknardagakerfinu beint og milliliðalaust til Ú ehf. Kröfu kæranda um að ákvörðun skattstjóra stæðist ekki var því synjað.

Allar eignir skal færa úr einstaklingsrekstri í einkahlutafélag samkvæmt 1. mgr. 56. gr. Yfirsattanevnd hmykkir á því lagaskilyrði að við yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag skuli færa allar eignir einstaklingsrekstrarins til einkahlutafélagsins.



N O R R Æ N T S A M S T A R F



Fulltrúar Noregs og Svíþjóðar á fundinum.

Ríkisskattstjórar Norðurlanda

Árlegur fundur ríkisskattstjóra Norðurlandanna var að þessu sinni haldinn í Hanstholm í Danmörku

Að venju hafði verið lögð allnokkur vinna í undirbúning dagskrárinnar þar sem gera þarf grein fyrir stöðu fjölmargra sameiginlegra verkefna á vegum ríkisskattstjóranna. Undirbúningshópur annast, auk yfirumsjónar með stýringu verkefna milli funda, útgáfu á fréttabréfinu Nordisk Agenda, þar sem m.a. er birt yfirlit yfir 11 starfandi vinnuhópa og samstarfsnet. Auk fyrrgreindra verkefna sem hafa fest sig í sessi þá var nýjum samstarfsverkefnum hleypt af stokkunum í þetta skipti. Má þar nefna könnun á lögfræði- og tæknilegum annmörkum sem staðið gætu í vegi fyrir virkum upplýsingaskiptum milli Norðurlandanna, en markmið slíkra samskipta er að stuðla að bættri áritun á skattframtöl. Þá var ráðist í að leggja grunn að samstarfi innbyrðis og með þátttöku fræðimanna til að kanna hvað hefur mest áhrif á hlítina við ákvæði skattalaga, þannig að unnt sé að beita þeim úrræðum sem talin eru hafa mesta virkni hverju sinni.

Þjónusta við skattgreiðendur er ætíð ofarlega á baugi og var af þeim ástæðum endurvakinn vinnuhópur til að kanna og




móta tillögur um hvernig unnt sé með sem árangursríkustum hætti að beina fólki í rafræna sjálfsþjónustu. Ýmist hefur fjarlægðin, tímatap og kostnaður, val á viðfangsefni eða lítið vægi þess fyrir íslenska skattframtölvæmd orðið þess valdandi að embætti ríkisskattstjóra á Íslandi hefur að óverulegu leyti tekið þátt í samstarfshópum um innri málefni eða í fræðilegum námskeiðum. Á hinn bóginn hafa fjarlægðir milli grannþjóða okkar ekki reynst þeim

sami fjötur um fót við að nýta sér þann aðgang að reynslu og þekkingu sem beitt hefur verið við lausn tæknilegra sem og faglegra vandamála.

Fundinn sóttu Skúli Eggert Þórðarson og Ingvar J. Rögnvaldsson. Boðað hefur verið til fundar á Íslandi á næsta ári og er undirbúningur hafinn.

IJR



Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir

Litið yfir farinn veg

Á næsta ári verða liðin 90 ár frá stofnun skattstofu Reykjavíkur og á því tímabili hafa umtalsverðar breytingar átt sér stað innan skattkerfisins. Ég hóf störf hjá skattstjóranum í Reykjavík 1977 í skráningardeild. Mér er það minnisstætt þegar ég sótti um vinnuna þá voru gulbrún, yriðtt teppi á gólfum og hansahillur á skrifstofunni. Hugguleg kona, Guðríður Júlíusdóttir deildarstjóri, tók á móti mér en hún starfaði hjá skattstofunni samfelld í 55 ár. Mér verður stundum hugsað til gamla tímans, skráningarvélanna, gömlu ritvélanna og alls pappírflóðsins, en þá fór mikil vinna í að skrá gögn sem nú eru að mestu leyti komin í rafræn skil. Stórir, þungir öskubakkar voru um allt enda var reykt á flestum borðum. Í þá daga voru úrskurðir handskrifaðir og

bréfin síðan vélrituð eftir þeim. Sparimerki, sem þá tíðkuðust, voru dregin af launum unga fólksins til 26 ára aldurs og voru þessi sparimerki í umsjá skráningardeildar skattstofunnar. Ungu fólk kom stundum á skattstofuna til að reyna að leysa þau út áður en 26 ára aldrinum var náð og þurfti til þess að uppfylla ýmis skilyrði eins og t.d. að vera að festa kaup á íbúð eða gifta sig. Dæmi voru um að fólk gifti sig eingöngu til að geta leyst út sparimerkin.

Eitt sinn þegar ég gekk fram hjá afgreiðsluborðinu sat þar eldri starfsmaður upp við vegg og skrifaði einhver ósköp á blað. Kona stóð þolinmóð og beið eftir afgreiðslu. Hún ræksti sig til að vekja á sér athygli og sagði: „Afsakið, herra minn, getið þér aðstoðað mig?“ Maðurinn leit snöggt upp, leit á konuna með þjósti og sagði: „Sérðu ekki að ég er


að vinna?“ Vinnuglaði starfsmaðurinn hélt áfram sínum skrifum á meðan konan beið áfram þolinmóð. Svona var þjónustulundin oft í þá daga, en sem betur fer er öldin önnur og í dag er lögð mikil áhersla á að veita viðskiptavinum góða þjónustu.

Haustið 2008 réð ég mig til skattstofu Reykjanesumdæmis, í launþegadeildina, rétt fyrir kreppu. Þegar ég kvaddi mína góðu vinnufélaga í Reykjavík með orðunum „við hittumst á ný þegar skattstofurnar verða sameinaðar“ reiknaði ég ekki með því að það myndi gerast svo fljótt. Ég hefði alls ekki viljað missa af tímanum hjá skattstofu Reykjanesumdæmis en þar var mjög gott að vera, heimilislegt og góður andi. Þar var skattborgurum vísað nánast af götunni og inn að skrifborði til starfsmanna og þá gat nú oft verið erilsamt þar sem fólki var stundum heitt í hamsi vegna sinna mála. Öryggismálin eru nú í mun betra horfi.

Lífið er breytingum háð. Samt erum við ekki alltaf tilbúin þegar að þeim kemur og hellist þá yfir okkur kvíði og óöryggi, en breytingar eru eðlilegasti hluti af tilveru okkar. Kvíðinn sem kemur við það að fara úr umhverfi sem við þekkjum eftir margra ára starf í nýtt reynist stundum erfiður og breytingarnar flóknar, enda er það ljóst að við vitum hvað við höfum en ekki hvað við fáum.

Þau Ingibjörg Eiríksdóttir, Hildur Eysteinsdóttir, Þórir Jóhannsson, Kolbrún Þórisdóttir, Ingibjörg Þóra, Fanný Bjarnadóttir, Sigurbjörg Gunnarsdóttir, Sigurveig Hanna Eiríksdóttir og Guðrún Bjarnþórsdóttir eru öll starfsmenn á einstaklingssviði RSK með aðsetur á Laugavegi 166.





Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir og Guðrún Bjarnþórsdóttir við vinnu sína.

Lengi hefur verið vitað af því að einhvern tímann kæmi til sameiningar skattstofanna, en við kreppuna og allt sem fylgdi á eftir varð þörf á að hraða þessari þróun. Allt gerðist svo hratt og nú var komið að því að loka skattstofunni í Reykjavík og flytja eftirlits-, launþega- og þjónustudeild frá Reykjavík og Hafnarfirði til ríkisskattstjóra á Laugaveg 166. Í dag erum við starfsmenn ríkisskattstjóra og orðin ein heild. Þegar þessar breytingar voru að ganga yfir leið ekki öllum vel. Þískrað var í hverju horni meðal starfsmanna því eitthvað var í aðsigi, miklar breytingar framundan, en fólk vissi ekki nákvæmlega í hverju þær væru fölgjar. Fólk var hrætt, kvíðinn helltist yfir, andvökunætur og draumfarir fylgdu í kjölfarið. Sumum fannst fótunum kippt undan sér og upplifðu ævistarfið vanmetið, og svo var það óttinn við að missa vinnuna. Við þessar aðstæður var því komið í kring að haldinn yrði fundur meðal starfsmanna á skattstofunum með nýjum yfirmanni sem var mjög jákvætt og til mikils léttis. Útskýrðar voru vel og vandlega fyrir okkur þær breytingar sem framundan væru og lögð áhersla á að enginn myndi missa vinnuna. Svarað var

mörgum spurningum sem höfðu legið á fólki og leið því þá aðeins betur. Sameiningarfundurinn 18. desember 2009, þegar allir starfsmenn komu saman, var mjög gagnlegur og upplýsandi og við hann myndaðist ákveðið spennufall. Þá voru starfsmenn ríkisskattstjóra í fyrsta skipti allir saman komnir. Kannski var þetta ekki svo slæmt.

Svo rann stóri dagurinn upp, nú var komið að flutningi á nýju starfsstöðina og ekki voru allir sáttir við það. Mörgum fannst erfitt að kveðja gamla vinnufélaga og gamla vinnustaðinn, það glitti í tár. Tekið var vel á móti okkur á Laugaveginum og hlutirnir hafa einhvern veginn gengið ótrúlega vel fyrir sig. Nýir starfsfélagar sýndu okkur gott viðmót og hjálpsemi. Starfsfólk launþegadeilda frá Reykjavík og Hafnarfirði náði strax vel saman. Aðbúnaðurinn allur er til fyrirmyndar og við sammála um að hér sé góður starfsandi, góð vinnuaðstaða og gott starfsfólk. Það merkilega er að fólk sem var hvað neikvæðast fyrir flutninginn lýsir ánægju sinni á nýja staðnum og að það sé jafnvel ánægðara á þeim nýja en þeim gamla. Svo má ekki gleyma því að breytingarnar voru líka viðbrigði fyrir starfsmenn

sem fyrir voru á Laugaveginum, að fá allt þetta nýja fólk í húsið. Það sem er jákvætt er að núverandi yfirmenn eru meira meðal fólksins en áður tíðkaðist og starfsfólki gefinn betri kostur á að fylgjast með því sem fram fer hverju sinni.

Að mörgu leyti voru vinnureglur ekki alls staðar þær sömu hjá gömlu skattstofunum. Hver skattstofa á landinu hafði sínar reglur og við sameiningu þurfti að stokka margt upp og hagræða. Hér áður fyrir hugsaði maður stundum til þess hversu nauðsynlegt væri að hafa meiri samskipti á milli skattstofanna á öllu landinu. Sameiningin hefur orðið til þess að efla þessi samskipti og hrista okkur meira saman.

Hvað höfum við svo lært af þessu? Við ættum að líta á breytingar sem tækifæri en ekki ógn. Ekki eyða orku í að berjast gegn þeim, vera frekar jákvæð gagnvart breytingum. Þegar ákvörðun er tekin er það til að hagræða í rekstri og takast á við aðstæður sem endurspeglast í þjóðfélaginu. Horfum því björtum augum til framtíðar með opnum og jákvæðum huga.

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2011

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 209.400 kr. 37,31%
- Af næstu 471.150 kr. 40,21%
- Af fjárhæð umfram 680.550 kr. 46,21%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 44.205 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

- 37,31% af fyrstu 48.190* kr.
- 40,21% af 48.191-156.619** kr.
- 46,21% af launum umfram 156.619 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* 2.512.800/365 * 7 = 48.190. ** 8.166.600/365 * 7 = 156.619.

Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2011 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr. 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2011 1.421.780 kr.

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2011

- Einn mánuður 44.205 kr.
- Hálfur mánuður 22.102 kr.
- 14 dagar 20.346 kr.
- Ein vika 10.173 kr.
- Sjómannaafsláttur á dag 740 kr.

Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald 8,65%
- Sérstakt viðbótargjald v/sjómannna 0,65%

Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep 25,5%
- Sérstakt skattþrep 7,0%

Hámark barnabóta 2011

- Hjón/sambúðarfólk
 - með fyrsta barni 152.331 kr.
 - með börnum umfram eitt 181.323 kr.
 - ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára 61.191 kr.
- Einstæðir foreldrar
 - með fyrsta barni 253.716 kr.
 - með börnum umfram eitt 260.262 kr.
 - ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára 61.191 kr.

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Vaxtabætur 2011

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Bæturnar eru bæði tekjutengdar og eignatengdar. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki 600.000 kr.

Reglur varðandi útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2011

Gildir frá 1. 10. 2011

- Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km: 111,00 kr.

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/2011

Gildir frá 1. 10. 2011

- Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring 20.800 kr.
- Fyrir gistingu í eina nótt 11.100 kr.
- Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag 9.700 kr.
- Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag 4.850 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

| | | Almennir dagpeningar | | Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl. | |
|-------------|-----|----------------------|-------|---|-------|
| | | Gisting | Annað | Gisting | Annað |
| ■ Flokkur 1 | SDR | 187 | 125 | 120 | 80 |
| ■ Flokkur 2 | SDR | 159 | 106 | 102 | 67 |
| ■ Flokkur 3 | SDR | 141 | 94 | 90 | 60 |
| ■ Flokkur 4 | SDR | 125 | 83 | 80 | 54 |



RÍKISSKATTSTJÓRI